

...t lífi! Náms- og starfsráðgjafinn kveikti neistann á vinnumarkaði. Aldrei of seint að byrja. Réttindi til að komast út og hitta fólk. Námskeiðið er alger snilld og það ætíð til að mæta þeim sem eru les-, eða talnablindir og eiga minnu. Kennsluaðferðirnar eru „alveg frábærar“ með að mæta fólki sem það er statt og mæta þeim sem eru les-, eða talnablindir og eiga minnar minningar úr skóla. Námskeiðið hefur styrkt mig persónulega í lífi og starfi. Sjálfstyrking og samskipti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið sjálfstryggi. Námskeiðið gjörbreytti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið mikilvægur. Gott að hafa stuðning vinnustaðarins til að sækja námskeiðið. Námskeiðið var fjölbreytt og skemmtilegt og það hefur veitt mér innsýn í hvar mínir styrkleikar liggja og hvað ég þarf að gera til að komast í menntaheiminn eftir langt hlé. Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég vissi mikið og hvað í mér býr. Ég hét bara alla til þess að fara í raunfærnimat. Náms og starfsráðgjöf er bara heilbrigðasta leiðin til að ná árangri. Námsráðgjöfin kom mér á sporið með að halda áfram og í framhaldsnám. Sem fullorðin manneskja er gaman að fara þessa leið áfram í námi, maður er með sér líkum. Þetta var mjög gott og áhugavert nám og ég myndi mæla með þessu fyrir alla. Ég fékk nýtt líf! Náms- og starfsráðgjafinn kveikti neistann. Námið hefur gefið mér áræði og sjálfstraust. Aldrei of seint að byrja. Réttindi styrkja stöðu manns á vinnumarkaði. Raunfærnimatið var frábær upplifun og það ættu allir að fara í það sem hafa kost á því. Námsráðgjafinn breytti lífi mínu. Kennsluaðferðirnar eru „alveg frábærar“ með að mæta fólki sem það er statt og mæta þeim sem eru les-, eða talnablindir og eiga minnar minningar úr skóla. Námskeiðið hefur styrkt mig persónulega í lífi og starfi. Sjálfstyrking og samskipti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið sjálfstryggi. Námskeiðið gjörbreytti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið mikilvægur. Gott að hafa stuðning vinnustaðarins til að sækja námskeiðið. Námskeiðið var fjölbreytt og skemmtilegt og það hefur veitt mér innsýn í hvar mínir styrkleikar liggja og hvað ég þarf að gera til að komast í menntaheiminn eftir langt hlé. - Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég vissi mikið og hvað í mér býr. - Ég hét bara alla til þess að fara í raunfærnimat. Náms og starfsráðgjöf er bara heilbrigðasta leiðin til að ná árangri. Námsráðgjöfin kom mér á sporið með að halda áfram og í framhaldsnám. Sem fullorðin manneskja er gaman að fara þessa leið áfram í námi, maður er með sér líkum. Þetta var mjög gott og áhugavert nám og ég myndi mæla með þessu fyrir alla. Ég fékk nýtt líf! Náms- og starfsráðgjafinn kveikti neistann. Námið hefur gefið mér áræði og sjálfstraust. Aldrei of seint að byrja. Réttindi styrkja stöðu manns á vinnumarkaði. Raunfærnimatið var frábær upplifun og það ættu allir að fara í það sem hafa kost á því. Námsráðgjafinn breytti lífi mínu. Kennsluaðferðirnar eru „alveg frábærar“ með að mæta fólki sem það er statt og mæta þeim sem eru les-, eða talnablindir og eiga minnar minningar úr skóla. Námskeiðið hefur styrkt mig persónulega í lífi og starfi. Sjálfstyrking og samskipti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið sjálfstryggi. Námskeiðið gjörbreytti mér og mínu lífi, það gaf mér mikið mikilvægur. Gott að hafa stuðning vinnustaðarins til að sækja námskeiðið. Námskeiðið var fjölbreytt og skemmtilegt og það hefur veitt mér innsýn í hvar mínir styrkleikar liggja og hvað ég þarf að gera til að komast í menntaheiminn eftir langt hlé. - Ég gerði mér ekki grein fyrir því hvað ég vissi mikið og hvað í mér býr. - Ég hét bara alla til þess að fara í raunfærnimat.

GÁTT

ÁRSRIT UM FRAMHALDSFRÆÐSLU



Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins: Frá vinstri: María Guðmundsdóttir, Þórveig Þormóðsdóttir, Halldór Grönvold, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Finnbjörn A. Hermannsson, Fjóla Jónsdóttir, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA.

Í stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sitja:

Formaður:

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Varaformaður:

Halldór Grönvold

Meðstjórnendur:

Falur Harðarson

Fjóla Jónsdóttir

Finnbjörn A. Hermannsson

Karl Rúnar Þórsson

María Guðmundsdóttir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Varastjórn:

Selma Kristjánsdóttir

Guðrún Eyjólfsdóttir

Þórveig Þormóðsdóttir



Stjórn Fræðslusjóðs: Fremri röð frá vinstri: Jón Fannar Kolbeinsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Ársæll Guðmundsson og Fjóla Jónsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Í stjórn Fræðslusjóðs sitja:

Formaður:

Guðrún Ragnarsdóttir

Varaformaður:

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Aðalmenn:

Ársæll Guðmundsson

Fjóla Jónsdóttir

Garðar Hilmarsson

Guðrún Eyjólfsdóttir

Halldór Grönvold

Jón Fannar Kolbeinsson

Sólveig B. Gunnarsdóttir

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Varamenn:

Birna Ólafsdóttir

Björg Baldursdóttir

Guðbjörg Aðalbergsdóttir

Guðni Gunnarsson

Guðmundur H. Guðmundsson

Hilmar Harðarson

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir

Ólafía Rafnsdóttir



www.framhaldsfræðsla.is

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Skiptiholti 50b, 105 Reykjavík
Sími: 599 1400 – Fax: 599 1401
Tölvupóstfang: frae hjá frae.is

EFNISYFIRLIT

Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Pistill ritstjóra	4
Sólveig B. Gunnarsdóttir	Ávarp formanns	5
Guðrún Ragnarsdóttir	Umbætur í framhaldsfræðslu	6
Anders Rosdahl	PIAAC á Norðurlöndum	13
Graciela Sbertoli	ESBN	20
Halla Valgeirsdóttir	Verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um grunnleikni fullorðinna	24
Fjóla María Lárusdóttir og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir	Menntun núna	27
Elsa Arnardóttir	Velkomin til Íslands – móttaka innflytjenda	33
Guðmunda Kristinsdóttir	Rafrænar viðurkenningar	40
Hildur Betty Kristjánsdóttir	Raunfærnimat í almennri starfshæfni í SÍMEY	46
Erla Bolladóttir	COACHLANG 2014–2015	50
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir	Ráðgjöf í raunfærnimati á Norðurlöndum – áskoranir og tillögur	54
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Fjóla María Lárusdóttir	GOAL	58
Emil B. Karlsson	Útflutningur á fræðslu fyrir verslunarfólk	60
Birna Velemir og Margrét Sigurðardóttir	Það er aldrei of seint að fara í nám	63
Olga Björt Þórðardóttir og Særún Rósa Ástþórsdóttir	Dúxinn sem hélt að hún væri vitlaus	68
Háskólinn í Reykjavík	Það er aldrei of seint að setjast á skólabeck	71
Ritstjórn	Fyrirmyndir í námi fullorðinna	73
Margrét Sverrisdóttir	EPALE	75
Fjóla María Lárusdóttir	Næsta skref	77
Ritstjórn	Hvað áttu við?	79
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	80
Friðrik Hjörleifsson	Raunfærnimat í tölum	91
Sigrún Kristín Magnúsdóttir	Norrænt tengslanet um nám fullorðinna	94

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

PISTILL RITSTJÓRA



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Ágætu lesendur, velkomnir að Gátt 2015, tólftu Gátt, ársrits um framhaldsfræðslu. Við í ritstjórninni teljum að Gátt sé vettvangur umræðu um nám fullorðinna og starfsmenntun á Íslandi. Þau ársrit, sem komið hafa út, hafa hlotið afar góðar viðtökur. Í upphafi runnu prentuðu eintökin út en nú finnum við að mun fleiri nýta sér tækifæri til þess að hlaða niður einstaka greinum af vef Fræðslumiðstöðvarinnar, www.frae.is. Lesendahópurinn hefur stækkað og orðið fjölbreyttari með hverju riti. Leiðtogar, kennarar, ráðgjafar, stjórnendur og síðast en ekki síst námsmenn eru í þeim hópi. Ritstjórninni er kunnugt um að ritið er notað til kennslu um kennslufræði fullorðinna víðar en á námskeiðum Kennslufræðimiðstöðvar, FA, til dæmis í að minnsta kosti þremur háskólum á landinu og fögnum við því.

Í ritinu að þessu sinni er fjölbreytt úrval greina sem við teljum að eigi erindi við alla þá sem koma að fræðslu fullorðinna á Íslandi. Hér er fjallað um fjölmörg verkefni, innlend og erlend, sem hafa það að meginmarkmiði að bæta stöðu fullorðinna í eigin lífi og á vinnumarkaði og það á ekki síst við um eflingu grunnleikni. Í svokallaðri PIAAC könnun sem OECD stóð fyrir var það einmitt grunnleikni, læsi, tölulæsi og leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni sem athyglin beindist að. Þessir þrjú meginleikniþættir eru ekki aðeins forsundur alls náms heldur leika þeir einnig mikilvægt hlutverk í lífi einstaklinga, virkni þeirra í nútíma fjölskyldu- og atvinnulífi. Jafnframt hafa þeir áhrif á getu til þess að eiga í samskiptum við opinberar stofnanir og að notfæra sér tilboð velferðarsamfélagsins á sviðum heilbrigði og umönnunar. Könnunin var lögð fyrir 5.000 manns í hverju landi, alls í 24 löndum. Ísland var ekki með í könnuninni en óneitanlega væri fróðlegt fyrir okkur að fá sambærilegar upplýsingar um stöðuna hér á landi.

Í grein sinni gerir Anders Rosdahl grein fyrir niðurstöðum PIAAC könnunarinnar á Norðurlöndunum. Norræna

ráðherranefndin hefur veitt styrk til þess að skapa norrænan gagnagrunn um grunnleikni fullorðinna. Grunnurinn byggir á upplýsingum úr PIAAC-könnuninni sem aftur er hægt að tengja við samanburðarhæfar gagnaskrár frá Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Þrátt fyrir að íbúar á Norðurlöndum standi betur að vígi en flestar aðrar þjóðir benda niðurstöðurnar meðal annars til þess að rúmlega tvær milljónir einstaklinga á Norðurlöndum búi yfir lítilli leikni í læsi. Jákvæðu niðurstöðurnar eru þær að Norðurlandabúar eru líklegri til þess taka þátt í fræðslu eða menntun en aðrar þjóðir og að á bilinu 25% til 33% fólks á aldrinum 30–65 ára upplýsti að það óskaði eftir frekari menntun.

Í mörgum greinanna í Gátt 2015 fæst staðfesting þess að við lifum á tímum örra breytinga og að hverjum einstaklingi er nauðsynlegt að efla stöðugt færni sína til þess að geta mætt þeim áskorunum sem fylgja í kjölfar breytinganna. Við getum til dæmis sem starfsmenn staðið frammi fyrir því að skipta um starfsvettvang þar sem krafist er nýrrar leikni, nýrrar hæfni og nýs náms. Þjálfun í grunnleikni getur verið stikla á þeirri leið. Við sem einstaklingar berum sjálf ábyrgð á að bæta okkur en hlutverk stjórnvalda er að skipuleggja og skapa skilyrði til þess að okkur sé það mögulegt og atvinnulífið getur einnig lagt sitt af mörkum.

Við vonum að þetta 12. tölublað Gáttar verði kærkomin lesning þeim sem koma að námi fullorðinna. Við hvetjum lesendur til að láta skoðanir sínar í ljósi, gefa okkur ábendingar og senda okkur hugmyndir og taka virkan þátt í því að efla framhaldsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Fyrir hönd ritstjórnar vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn við útgáfu þessa rits.

Njótið lestursins!

SÓLVEIG B. GUNNARSDÓTTIR

ÁVARP FORMANNS

Það var árið 2002 sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands stofnuðu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Árið eftir var gerður samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið um verkefnið. Lög um framhaldsfræðslu voru samþykkt á Alþingi í lok mars árið 2010 og tóku þau gildi 1. október sama ár. Á árinu 2010 bættust BSRB, fjármálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga í hópinn og gerðust aðilar að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Nýr fimm ára þjónustusamningur var undirritaður við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sá samningur rennur sitt skeið í lok þessa árs sem einnig er fimmta starfsár Fræðslumiðstöðvarinnar á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Nýr þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið er á lokastigi og rennir hann enn tryggari stoðum undir starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins næstu fimm árin.

Í lok september sl. náðist nýr áfgangi þegar ný Menntamálastofnun veitti Námi fyrir verslunarfulltrúa vottun en það var fyrsta námsskráin sem fær vottun samkvæmt því kerfi sem nú gildir og lýst er í lögum um framhaldsfræðslu. Námskráin er einnig fyrsta námsskráin í framhaldsfræðslunni þar sem tenging við hæfniprep hefur verið vottuð og sú fyrsta sem unnin var samkvæmt nýju fræðsluhönnunarferli þar sem byggt er á hæfnigreiningu starfs með virkri þátttöku aðila úr atvinnulífinu.

Samstarf atvinnulífsins í framhaldsfræðslu er alltaf að eflast og þessari fimmtu grunnstoð menntakerfisins vex fiskur um hrygg.

En það er enn ærið verk óunnið. Hlutfall fullorðinna án framhaldsskólaprófs er hið fimmta hæsta á Íslandi ef miðað er við OECD ríkin og brottfall úr framhaldsskóla er hátt. Hins vegar er endurkomuhlutfall í fullorðinsfræðslu einnig hátt en um helmingur þeirra sem hætta námi á framhaldsskólaaldri skilar sér í fullorðinsfræðslu.

Í skýrslu sem Fræðslumiðstöðin gaf út í ágúst sl. um lærdóm af tilraunaverkefnum Menntun núna í Norðvesturkjördæmi og Menntun núna í Breiðholti kemur fram að margt gekk vel og annað síður eins og gengur. Það sem gekk illa í báðum verkefnum var viðurkenning á námi. Hið formlega skólakerfi, framhaldsskólinn og háskólar og framhaldsfræðslan ganga ekki í takt þegar kemur að viðurkenn-

ingu náms milli kerfa. Það er hins vegar afar mikilvægt að svo sé, að nám verði metið milli skólastiga og að raunfærnimat einstaklingsins geti nýst honum til áframhaldandi menntunar hvort sem er í framhaldsfræðslu eða á öðrum skólastigum. Í hvítbók um umbætur í menntun er einnig bent á nauðsyn þess að samræma starf fræðsluaðila þannig að nám í einu kerfi sé metið að verðleikum í öðru.

Framhaldsfræðsla hefur sýnt að hún er nauðsynlegur hluti menntakerfisins. Í atvinnulífinu býr mikill auður, hjá starfsmönnum liggur gríðarleg þekking og færni sem ekki hefur verið metin og viðurkennd með formlegum hætti. Þar eru því mikil sóknarfæri.

Því miður hægðist verulega á verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar um þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun þegar Evrópusambandið sagði samningi um það upp í ársbyrjun 2014. Umboðsmaður Evrópusambandsins gaf út afdráttarlaust álit í sumar þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að uppsögn Evrópusambandsins væri ólöglegt. Þrátt fyrir þá niðurstöðu hefur Evrópusambandið ekki breytt afstöðu sinni. Fræðslumiðstöðin hefur ákveðið að láta reyna á lögmæti uppsagnarinnar fyrir dómstólum í Belgíu.

Aðferðarfræðin við raunfærnimatið, sem mótuð var af Fræðslumiðstöðinni, varð hluti af reglugerð um framhaldsfræðslu árið 2011 en áfram þarf að tryggja gæði raunfærnimats og veita ráðgjöf til samstarfsaðila um framkvæmd þess, þó ekki verði hægt að ganga í það verkefni með sama afli eftir uppsögn samningsins við ESB.

Stöðugt verkefni Fræðslumiðstöðvarinnar er að finna nýjar leiðir til að ná til markhóps laga um framhaldsfræðslu, að skilgreina menntunarþarfir hópsins og efla og tryggja gæði fræðslustarfs og ráðgjafar.

Verkefni í framhaldsfræðslu eru ærin og tækifærin mörg. Það er einnig ljóst að aðeins ein leið er fær, leiðin fram á við.



Sólveig B. Gunnarsdóttir

GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR

UMBÆTUR Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

Helstu niðurstöður verkefnahóps á vegnum mennta- og menningarmálaráðuneytisins



Guðrún Ragnarsdóttir

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnahóp um fullorðins- og framhaldsfræðslu 22. janúar 2015. Samkvæmt skipunarbréfi var viðfangsefni verkefnahópsins að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Verkefnahópurinn skilaði af sér skýrslu í byrjun júní 2015.

Meginniðurstaða verkefnahópsins var að framhaldsfræðsluferfið byggji á traustum grunni og vinni almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett. Því taldi hópurinn ekki ástæðu til að gera stórvægilegar breytingar á kerfinu. Ef horft er til þess að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–64 ára, sem ekki hafa formlega framhaldsmenntun, fari úr 30% í 10% fyrir 2020¹ telur hópurinn hins vegar langt í land. Því er nauðsynlegt að tryggja meira fjármagn til framhaldsfræðslunnar en nú er úthlutað til hennar og efla enn frekar þróun og stuðning innan kerfisins.

Tillögur verkefnahópsins eru margþættar og skilaði hópurinn aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Hér verður sérstaklega fjallað um fjóra þætti þessarar aðgerðaáætlunar, það er grunnþjónustu, gæðamál, aldursviðmið og aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar.

INNGANGUR

Í ársbyrjun 2015 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra verkefnahóp um fullorðins- og framhaldsfræðslu. Viðfangsefni verkefnahópsins var að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Aðdragandi verkefnisins var m.a. yfirlýsing ríkisstjórnar frá 15. nóvember 2013 og við undirritun kjarasamninga sama ár um samráð um aukin tækifæri til náms fyrir þá einstaklinga á vinnumarkaði sem hafa ekki lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Einnig athugasemdir Ríkisendurskoðunar, úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2013 og frumvarp til fjárlaga 2015.

Verkefnahópurinn átti að gera tillögur að úrbótum og breytingum í samræmi við þau gögn sem eru nefnd og yfirlýsingu, eins og við á. Verkefninu var einnig ætlað að skila tillögum að heildstæðu kerfi náms sem gefur fullorðnum möguleika á að ljúka námi með tilliti til hækkaðs menntunarstigs, eigin starfsþróunar og náms sem hefur skilgreind námslok.

Hópurinn skipaður:

Erla Björg Guðmundsdóttir, Kvasir

Halldór Grönvold, ASÍ

Karl Rúnar Þórsson, BSRB

Óli Halldórsson, Kvasir

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, mennta- og menningar-
málaráðuneytið

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, SA

Greinarhöfundur, Guðrún Ragnarsdóttir, ráðgjafi hjá Strategíu, var skipað verkefnisstjóri og bar hún ábyrgð á því að skipuleggja verkefnið með hópnum og tryggja að sem flestir hagsmunaaðilar kæmu að því.


Eftir fyrstu tvo fundi verkefnahópsins tók Guðrún Eyjólfsson dóttir sæti Þorgerðar Katrínar sem fulltrúi SA. Einnig komu inn tveir varamenn hvor á sinn fundinn, Eyrún Björk Valsdóttir, ASÍ, og Hulda Ólafsdóttir, Kvasir.

FULLORÐINS- OG FRAMHALDS- FRÆÐSLA

Á fyrsta fundi verkefnahópsins kom fljótt í ljós að skilgreining á fullorðins- og framhaldsfræðslu er ekki alltaf sú sama. Því fannst hópnum mikilvægt að byrja á því að skilgreina hvað

¹ <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>.

Mynd 1 – Yfirlitsmynd af fullorðinsfræðslu.



væri fullorðinsfræðsla annars vegar og framhaldsfræðsla hins vegar. Eins og kemur fram á mynd 1 skilgreinir verkefnahópurinn framhaldsfræðslu sem einn þátt fullorðinsfræðslu. Í ljósi takmarkaðs tíma og að framhaldsfræðslan er sá þáttur fullorðinsfræðslunnar, sem er fjármagnaður af opinberum fjármunum, ákvað verkefnahópurinn að afmarka verkefnið við framhaldsfræðsluna. Allar tillögur hópsins taka því mið af því.

Á undanfögnu ári hefur verið unnið að umbótum innan framhaldsfræðslunnar á ýmsum sviðum. Má þar helst nefna umbótaáætlun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslusjóðs. Verkefnahópurinn ákvað því að afmarka sig við þá þætti sem ekki er nú þegar unnið að eins og gæðamál, aldursmörk framhaldsfræðslunnar og aðalnámskrá. Einnig var lagaumgjörð framhaldsfræðslunnar rýnd og fjármagnsbörf til lengri tíma litið en ekki verður fjallað um þá þætti í þessari grein. Ekki var hjá því komist að fjalla sérstaklega um þjónustubætti framhaldsfræðslunnar.


Áður en farið verður yfir tillögur verkefnahópsins um grunnþjónustu, gæðamál, aldursmörk og aðalnámskrá fram-

haldsfræðslunnar er mikilvægt að átta sig á skipulagi framhaldsfræðslunnar.

Samkvæmt lögum nr. 27/2010 miðar framhaldsfræðsla að því að veita einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Framhaldsfræðsla er sérstakur fjárlagaliður og undir hann heyra m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóður og ýmsir fræðsluaðilar, þ. á m. símenntunarmiðstöðvar.

Framhaldsfræðslukerfið er samsett af nokkrum þáttum eins og mynd 2 sýnir. Hlutverk hvers og eins þáttar er nokkuð vel skilgreint og um leið tengslin milli þeirra. Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MRN) ber ábyrgð á aðkomu ríkisins að framhaldsfræðslunni. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar í stjórn Fræðslusjóðs og ráðuneytið gerir þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA). Sá samningur felur m.a. í sér þjónustu við og umsýslu fyrir Fræðslusjóð. Einnig eru nokkrir fræðsluaðilar með fjárveitingar beint á fjárlögum sem fer í gegnum ráðuneytið. Mynda þessir fræðsluaðilar net sem nær til landsins alls með skipulegum hætti. Fræðslu-

Mynd 2 – Helstu þættir framhaldsfræðslukerfisins.



sjóður úthlutar fjármunum til fræðsluaðila í samræmi við skilmála og úthlutunarreglur sjóðsins. Fræðslumiðstöðin veitir fræðsluaðilum faglegan stuðning, m.a. með gerð námskráa og vottun á starfsemi þeirra, auk annarra verkefna. Það eru svo fræðsluaðilar sem þjónusta nemendur framhaldsfræðslunnar. Loks má nefna að til hliðar á mynd 2 er teiknuð upp menntamálastofnun en hún gegnir mikilvægu hlutverki við vottun námskráa framhaldsfræðslunnar og fyrirhugað er að hún veiti viðurkenningar fræðsluaðila.

Eftir að hafa rýnt þær úttektir og kannanir, sem gerðar hafa verið á framhaldsfræðslukerfinu, var það meginniðurstaða verkefnahópsins að framhaldsfræðslukerfið byggir á traustum grunni og vinnur almennt vel að þeim markmiðum sem því hefur verið sett.

GRUNNÞJÓNUSTA FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR

Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar skiptist í þrjá meginþætti: Náms- og starfsráðgjöf, sem er undanfari hinna tveggja grunnþjónustupáttanna, raunfærnimat og vottaðar námsleiðir eins og mynd 3 sýnir. Bæði raunfærnimatið og vottuðu námsleiðirnar hafa að markmiði að staðfesta og auka hæfni og færni í starfi og opna leiðir inn í framhaldsskóla, háskólabrýr eða á vinnumarkaði.


Náms- og starfsráðgjöf er anddyrið að framhaldsfræðslukerfinu fyrir flesta nemendur þess. Náms- og starfsráðgjafar þurfa bæði að sækja nemendur og taka á móti þeim, allt eftir aðstæðum. Miklar væntingar eru um að í náinni framtíð verði hægt að veita rafræna ráðgjöf á vefnum *Næsta skref*. Hafin var umræða um fyrirkomulag rafrænnar ráðgjafar en ekki hefur verið hægt að þróa hana áfram vegna óvissu um IPA-styrk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins².

Vefurinn *Næsta skref* er bæði upplýsinga- og ráðgjafavefur. Tilraunaútgáfa var opnuð í desember 2014 og hafa viðtökur verið mjög jákvæðar þrátt fyrir að enn skorti mikið á að búið sé að gera það sem fyrirhugað var. Á vefnum eru nú lýsingar á 220 störfum af 500. Enn fremur er búið að birta 100 námslýsingar á námskrám framhaldsskóla en námslýsingar framhaldsfræðslunnar vantar.

Vottaðar námsleiðir framhaldsfræðslunnar byggjast á námskrám sem unnar eru af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og framhaldsfræðsluaðilum í samstarfi við hagaðila. Námskrárnar eru fjölbreyttar og er ætlað að mæta jafnt þörfum

2 Í framhaldi af því að íslensk stjórnvöld lýstu yfir árinu 2013 að aðildarumsókn að ESB væri sett á ís sagði Evrópusambandið upp samningum við Fræðslumiðstöðina. Því var mótmælt af hálfu FA og hefur umboðsmaður Evrópusambandsins úrskurðað riftun samningsins sem ólögmeta sbr. frétt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins dags. 25. ágúst 2015 <http://frae.is/frettir/>.

Mynd 3 – Grunnþjónusta framhaldsfræðslunnar.



einstaklinga í markhópi framhaldsfræðslunnar og atvinnulífsins. Viðurkenndir fræðsluaðilar um allt land sjá um námsframboð samkvæmt námskránum með stuðningi frá Fræðslusjóði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur metið vottaðar námskrár til eininga á framhaldsskólastigi eða veitt heimild til tilraunakennslu meðan beðið er eftir að nýr námskrárgrunnur verði tilbúinn. Eins getur verið um að ræða nám sem viðurkenndur fræðsluaðili heldur á grundvelli námskrár framhaldsskóla sem ætlað er fullorðnu fólki á vinnumarkaði og stjórn Fræðslusjóðs hefur samþykkt að fjármagna úr Fræðslusjóði. Kallað hefur verið eftir samræmdu kerfi við mat á vottuðum námsleiðum og kemur það m.a. fram í úttekt á framhaldsfræðslunni (2014).

Raunfærnimat er skilgreind þróuð aðferð til að meta raunfærni fólks. Í framhaldsfræðslunni er það notað til að meta raunfærni á mótum viðmiðum námskráa eða starfa hjá fólki sem fór snemma út á vinnumarkaðinn án þess að ljúka viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Hafist var handa við að meta raunfærni fólks í iðngreinum en síðan hafa fleiri greinar bæst við.

Raunfærnimat er skilvirkt tæki og er samfélaginu fjárhagslega hagkvæmt því það kostar mun minna að meta færni sem er fyrir hendi en að fólk fari í skóla til þess eins að ná í einingar. Það sparar einstaklingnum bæði tíma og fé og er þá ótalinn ávinningurinn sem felst í vellíðan sem fylgir því að umhverfið meti þekkingu og færni viðkomandi að verðleikum og að réttari mynd fái af menntunarstigi í landinu. Enn fremur hefur sýnt sig að raunfærnimat er öflug hvatning hverjum sem í það fer til að ljúka viðurkenndu námi.

Tillögur verkefnahópsins um umbætur á sviði ofangreinda þjónustubátta eru:

1. Tryggja stöðuga og öfluga náms- og starfsráðgjöf fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar.
2. Ljúka þróun upplýsinga og ráðgjafarvefsins *Næsta skref* og tryggja rekstur hans til framtíðar.
3. Vottaðar námsleiðir verði þróaðar og þeim fjölgað þannig að þær svari betur þörfum markhópsins og atvinnulífsins.
4. Unnið verði að því að efla raunfærniáætlingu með sérstakri áherslu á að fjölga möguleikum á raunfærniáætlingu á mótum viðmiðunum í atvinnulífinu og tryggja aðgengi markhópsins að raunfærniáætlingu.

GÆÐAMÁL FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR

Gæðamál eru grundvallaratriði í því að tryggja gæðapjónustu sem framhaldsfræðslan veitir nemendum sínum. Segja má að gæðamálin skiptist í tvo meginþætti: 1) viðurkenning og gæðavottun fræðsluaðila og 2) vottun námskráa.

Í dag sinnir mennta- og menningarmálaráðuneytið viðurkenningu fræðsluaðila. Rætt hefur verið um að Menntamálastofnun muni taka við þessu verkefni. Óháð því hver mun annast viðurkenningu fræðsluaðila til lengri tíma litið telur verkefnahópurinn mikilvægt að samþætta viðurkenningarferlið við gæðavottun fræðsluaðila. Síðara ferlið er í höndum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og í dag nær það aðeins til vottaðra námsleiða. Markmiðið er að útvíkka það

þannig að það nái einnig til náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats.

Menntamálastofnun annast vottun námskráa framhaldsfræðslunnar en þar sem verkefnið er nýlega komið inn á borð hjá þeim er enn verið að móta ferlið í kringum það. Einnig er beðið eftir því að lokið verði við gerð íslenska hæfnirammans en vonast er til þess að þeirri vinnu ljúki á þessu ári. Í framhaldi af því þarf að endurskoða ferlið við vottun námskráa í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fræðsluaðila.

Tillögur verkefnahópsins um umbætur í gæðamálum framhaldsfræðslunnar eru:

1. Samræma viðurkenningar og vottun fræðsluaðila í eitt ferli þar sem fræðsluaðilar geta byrjað á því að sækja um vottun á gæðakerfinu og síðan viðurkenningu.
2. Einn og sami aðili viðurkennir og vottar fræðsluaðila skv. þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.
3. Vottun fræðsluaðila verði útvíkuð þannig að hún nái líka til raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar.
4. Vottunarferli námskráa verði skoðað út frá tillögum hópsins um aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar.

ALDURSMÖRK FRAMHALDSFRÆÐSLUNNAR

Í lögum nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu eru engar aldurstakmarkanir að finna. Einu aldurstakmarkanir sem hafa verið skilgreindar í lagaumgjörðinni um framhaldsfræðsluna er að finna í reglugerð nr. 1163/2011 um raunfærnimat þar sem aldursviðmiðið er 23 ára og eldri. Í tengslum við fjárlagafrumvarpið 2015 spannst mikil umræða um aldursviðmið í framhaldsskólum þar sem tilgreint var að „megináhersla [yrði] lögð á að mæta óskum nemenda undir 25 ára aldri um skólavist í samræmi við forgangsröðun framhaldsskólalaga og reglugerðar um innritun“. Hvað þessi stefnubreyting þýðir í raun og veru fyrir framhaldsfræðsluna er óljóst þegar þetta er skrifað en fylgjast þarf náið með þeirri þróun á næstu misserum.

Upphaflega var umræðan sú að takmarka framhaldsfræðsluna við 20 ára og eldri vegna ótta við að framhaldsfræðslan mundi laða til sín nemendur úr framhaldsskólum landsins. Þjónusta framhaldsfræðslunnar tekur mið af þeim þörfum sem einkennir nemendur hennar sem getur verið brothættur hópur. Sá sami hópur samanstendur af einstak-

lingum sem hafa hrökklast frá námi í framhaldsskólunum þar sem þeir hafa ekki fundið sig í því umhverfi. Út frá m.a. þessum forsendum telur verkefnahópurinn mikilvægt að afnema öll aldursmörk umfram 18 ár úr lagaumgjörð framhaldsfræðslunnar og að aðgangur að raunfærnimati verði miðaður við þriggja ára starfsreynslu en ekki aldur.

Tillögur verkefnahópsins um aldursmörk framhaldsfræðslunnar eru:

1. Aldursmörk framhaldsfræðslunnar verði skilgreind frá 18 ára og eldri, þ.e. fyrir fullorðna einstaklinga sem hafa verið á vinnumarkaði.
2. Verkefnahópurinn hvetur til að ekki verði skapaður vandi í nýjum reglum um inntöku nemenda í markhópi framhaldsfræðslunnar þar sem aðstaða og fé hefur verið fyrir hendi í framhaldsskólum.
3. Aldursmörk einstakra námskráa verði afnumin og í staðinn verði fjallað um aldursmörk í aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar, sbr. tillögu í kafla 10.
4. Úttekt verði gerð á því fyrir lok árs 2015 hvernig núverandi bóknámsleiðir hafi nýst þeim einstaklingum í markhópi framhaldsfræðslunnar sem hafa haft hug á því að sækja nám á háskólastigi. Í framhaldi af því verði metið hvort skrifa eigi námskrá (námsleið) innan framhaldsfræðslunnar (Menntastoðir II) svo hægt sé að bjóða þeim einstaklingum, sem ekki henta önnur úrræði til aðfaranáms að háskóla, upp á staðbundið nám. Tryggja þarf aðgengi að háskólum ef þessi leið verður farin.
5. Almennt verði aðgengi að raunfærnimati miðað við a.m.k. þriggja ára starfsreynslu í viðkomandi starfsgrein.
6. Unnið verði að því að gera aðfaranám til háskóla raunhæfan kost fjárhagslega fyrir nemendur sem kjósa þá leið. Áfram verði mögulegt að sækja um námslán til framfærslu en skólagjöld verði sambærileg við skráningargjald Háskóla Íslands eða lægri.

AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSFRÆÐSLU

Ekki er gefin út almenn námskrá fyrir framhaldsfræðslu og í lögum um framhaldsfræðslu frá 2010 er ekki fjallað um námskrár í sama skilningi og gert er í lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla frá 2008. Í 6. grein laga um framhaldsfræðslu er hins vegar fjallað um „vottun námskráa eða námslýsinga“ og tekið fram að í vottun ráðherra, eða aðila

sem hann feli það verkefni, felist staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu, ásamt þeim sértæku kröfum sem gera má hverju sinni með tilliti til inntaks náms. Í lögnum virðast hugtökin *námskrá* og *námlýsing* lögð að jöfnu og hugtakið *námskrá* hefur aðra merkingu en í aðalnámskrám fyrir önnur skólastig³.

Í stað aðalnámskrár fyrir framhaldsfræðslu eru gefin út *Víðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu* (2013)⁴. Í þeim segir að námskrá sé skilgreind sem námstilboð sem samanstandi af einum eða fleiri námsþáttum og feli í sér að lágmarki 40 klukkustunda vinnu námsmanns, í og utan kennslustunda. Víðmiðunum er ætlað að nýtast fræðsluaðilum við námskráargerð og eiga að vera til hliðsjónar við staðfestingu þeirra.

Aðalnámskrá framhaldsfræðslu ætti hafa sama tilgang og aðrar aðalnámskrár; vera byggð á lögum um skólastigið, birta heildarsýn og útfæra þá menntastefnu sem framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að hafa. Í henni ætti að fjalla um grunnþætti og hæfniprep, kennsluhætti, námsmat og almenn markmið og jafnvel leiðbeiningar um gerð námslýsinga. Með því að gefa út samsvarandi námskrá fyrir framhaldsfræðslukerfið og önnur skólastig má m.a. draga úr þeirri gjá sem er á milli þessara kerfa. Aðalnámskrá myndi jafnframt einfalda skráningu námslýsinga (námskrá) í námskrárgrunn og einfalda ferli við vottun.

Ekki fer fram samræmt eða miðlægt mat á framgangi nemenda í kjölfar náms innan framhaldsfræðslukerfisins þótt víða fari fram formlegt samstarf milli framhaldsskóla og einstakra fræðsluaðila um námsmat. Það er þó ekki algilt og hver framhaldsskóli metur nám einstaklinga sjálfstætt. Nám samkvæmt námskrá framhaldsfræðslukerfisins er því ekki metið eins hjá öllum framhaldsskólum landsins. Fræðsluaðilar hafa kallað eftir formlegum samræmdum reglum um mat á námi á milli kerfa. Aðalnámskrá framhaldsfræðslu getur verið liður í slíku mati. Loks má nefna í aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar væri hægt að skilgreina ákveðin námslok innan framhaldsfræðslunnar þar sem við á og tengja þau þannig betur við hæfnirammann.

Tillögur verkefnahópsins varðandi aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar eru:

1. Stofnaður verði vinnuhópur með það að markmiði að semja aðalnámskrá framhaldsfræðslu.
2. Skilgreind verði hugtökin *námskrá*, *námsbraut* og *námslýsing* og þau samræmd við þá merkingu sem lögð er í hugtökin á öðrum skólastigum.
3. Mörkuð verði skýr stefna um mat á námi milli kerfa og komið upp samræmdu skráningarkerfi í miðlægan grunn á sama hátt og gert er í framhaldsskólum.
4. Skilgreind verði ákveðin námslok í framhaldsfræðslunni þar sem það á við.

LOKAORÐ

Hér hefur verið fjallað um helstu tillögur verkefnahóps sem skipaður var af mennta- og menningarmálaráðherra í upphafi árs 2015. Viðfangsefnið sem hópnum var falið var mjög víðfeðmt og því ákvað hópurinn að takmarka sig við ákveðna þætti. Þeir þættir sem eru til umfjöllunar í þessari grein eru grunnþjónusta, gæðamál, aldursmörk og aðalnámskrá framhaldsfræðslunnar.

Samstarfið innan verkefnahópsins var einstaklega gott og lögðu allir sig fram við að nálgast viðfangsefnið af miklum heilindum. Einnig lagði hópurinn áherslu á að tillögur hans væru aðgerðamiðaðar þannig að hægt væri að taka formlega afstöðu til þeirra og vonandi hrinda þeim sem fyrst í framkvæmd.

UM HÖFUNDINN

Guðrún Ragnarsdóttir er formaður Fræðslusjóðs frá því í nóvember 2014. Hún hefur víðtæka reynslu af stefnumótun, innleiðingu stefnu og stjórnun breytinga hjá mörgum af þekktustu fyrirtækjum landsins. Guðrún hefur einnig talsverða reynslu úr opinbera geiranum þar sem hún starfaði meðal annars sem forstöðumaður í tæp 5 ár og þekkir því bæði til þarfa fyrirtækja og stofnana. Guðrún hefur starfað bæði sem stjórnandi og verkefnisstjóri í stærri og minni einingum. Guðrún hefur setið í stjórnnum ýmissa einka- og opinberra fyrirtækja. Loks má nefna að Guðrún var formaður Stjórnvísí á fyrstu árum þess félags en forveri þess var Gæðastjórnunarfélag Íslands.

³ Þetta má einnig sjá í því að innan framhaldsfræðslunnar er viðtekin hefð að skrifa orðið *námskrá* á annan hátt en á öðrum skólastigum, þ.e. *námskrá*.

⁴ <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Vidmid-um-gerd-namskraa-i-framhaldsfraedslu.pdf>.

ABSTRACT

The Minister of Education, Science and Culture appointed a project steering committee on adult education in Iceland on 22 January 2015. The task of the committee was to formulate proposals for improvement and changes in course catalogue for adults who have not completed secondary school education. The committee completed its report in early June 2015. The main conclusion of the committee was that the adult education system is built on a solid foundation and generally measures up to its goals. Therefore, the committee did not find it necessary to make any radical changes to the system. Given the 2020⁵ goal of only 10% of Icelanders age 25 to 64 years old without formal secondary education there is still a long way to go as it is currently 30%. It is therefore necessary to ensure additional funding for adult education and enhance significantly development and support within the system.

In addition to wide-ranging recommendations, the committee put forward a five-year action plan. Four out of five points of this action plan are discussed in this article; basic service, quality considerations, age guidelines and an Icelandic National Curriculum for the Adult Education.

⁵ <http://www.forsaetisraduneyti.is/2020/samfelagsmarkmid/>

ANDERS ROSDAHL

PIAAC Á NORÐURLÖNDUM

Niðurstöður umfangsmestu alþjóðlegrar könnunar á grunnleikni fullorðinna í lestri, reikningi og úrlausn verkefna með upplýsingatækni.

Grunnleikni fullorðinna í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð í lestri, reikningi og notkun upplýsingatækni við úrlausn viðfangsefna er almennt góð í samanburði við hinar 20 þjóðirnar sem á árunum 2011–2012 tóku þátt í PIAAC könnun OECD. Eigi að síður er fjöldi einstaklinga á Norðurlöndunum sem hafa litla grunnleikni en hún er mikilvæg til þess standa vel að vígi í þekkingarsamfélaginu. Sem dæmi má nefna að 2,1 milljón manns búa yfir lítilli færni í lestri. Hlutfallið meðal íbúa á aldrinum 16–65 ára liggur á bilinu 11% í Finnlandi og 16% í Danmörku. Hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni í reikningi er svipað, en hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að leysa viðfangsefni með hjálp upplýsingatækni liggur á bilinu 25–40%. Um það er deilt hvar nákvæmlega mörk lítillar leikni liggja, en enginn vafi leikur á að fjöldinn er umtalsverður. Takmörkuð leikni er algengari í hópi innflytjenda, atvinnuleitenda, þeirra sem hafa stutta formlega menntun og hinna eldri. Fylgnin er þó ekki algjör milli lítillar leikni og þess að tilheyra einhverjum þessara hópa. Fólki með litla leikni er að finna í nær öllum norrænum samfélagshópum. Margir vilja efla færni sína og eru fúsir til náms – einnig þeir sem búa yfir lítilli grunnleikni. Sé tekið tillit til þátttöku í fræðslu fullorðinna og óska um færniefningu þá benda niðurstöður PIAAC til þess að fleira sé líkt en ólíkt meðal íbúa norrænu landanna. Íslendingar tóku ekki þátt í PIAAC.



Anders Rosdahl

INNGANGUR

Flestir kannast við PISA kannanirnar, sem Íslendingar og aðrar Norðurlandþjóðir hafa tekið þátt í þriðja hvert ár síðan árið 2000. Með PISA er meðal annars mæld færni unglunga í lestri og reikningi við lok grunnskólastigsins, þegar unglingarnir eru á aldrinum 15–16 ára. Rúmlega 70 þjóðir taka nú þátt í PISA. PIAAC er „fullorðins-PISA“ og skammstöfunin stendur fyrir *The Programme for the International Assessment of Adult Competencies*. Þessi könnun er einnig á vegum OECD en hún hefur fram til þessa einungis verið gerð í 24 löndum. PIAAC mælir færni fullorðinna í lestri, reikningi (stærðfræði) og úrlausn viðfangsefna með aðstoð upplýsingatækni. Á árunum 2011 og 2012 var tekið viðtal við dæmigert úrtak 16–65 ára íbúa í hverju landi og þeir látnir gangast undir próf. Í flestum tilfellum fór viðtalið fram á heimilum einstaklinganna og ýmist á tölvu spyrjanda eða með blýant og pappír. Hugmyndin er að PIAAC-könnunin verði endurtekin með ákveðnu árabili en þó ekki jafn oft og PISA-könnunin.

Í þessari grein verða meginniðurstöður PIAAC kynntar með áherslu á norrænu löndin, Danmörku, Finnland, Noregi og Svíþjóð. Íslendingar tóku ekki þátt í PIAAC. Í þessum fjórum norrænu löndum var tekið úrtak úr hópi nálægt sextán milljóna íbúa á aldrinum 16–65 ára og viðtöl tekin við yfir 22.000 manns. Í heimildaskránni er að finna skýrslur um PIAAC. Þessi grein byggir einkum á norrænu PIAAC skýrslunni sem kom út 2015 (*Adult Skills in the Nordic Region*).

GRUNNLEIKNI

Þeim leikniþáttum sem kannaðir voru í PIAAC er lýst á eftirfarandi hátt, (OECD, 2013a):

- *Læsi* (e. literacy): Getan til að skilja, meta, túlka og nýta upplýsingar sem settar eru fram í rituðum texta, með það að leiðarljósi að geta tekið virkan þátt í samfélaginu, náð persónulegum markmiðum og þróa þekkingu og skilning.
- *Tölulæsi* (e. numeracy): Getan til að nálgast, nota, túlka

og tjá sig með tölulegum upplýsingum og staðreyndum í því sjónarmiði að geta tekist á við og höndlað kröfur af stærðfræðilegum toga við ýmsar kringumstæður í lífi fullorðinna.

- *Notkun upplýsingatækni við úrlausnir verkefna* (e. problem-solving in technology-rich environments): Getan til að nota upplýsingatækni, samskiptatæki og samskiptanet til að nálgast og meta upplýsingar, eiga samskipti við aðra og leysa verkefni. Hér er meðal annars vísað til getunnar til að leita að efni á netinu, notfæra sér heimasíður, meta rafrænar upplýsingar, nota töflureikni og senda tölvupóst. Til einföldunar verður hér í greininni oftast notast við orðasambandið „leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni“ þegar vísað er til þessara leikniþátta.

Þessir leikniþættir eru grunnleikniþættir í þeim skilningi að ákveðið færniþrep er forsenda þess að geta tekið þátt í nútíma samfélagi á fullnægjandi hátt, hvort sem um ræðir að afla sér menntunar, starfa á vinnumarkaði, taka þátt í félagslífi, eiga nauðsynleg samskipti við opinberar stofnanir eða notfæra sér tilboð velferðarsamfélagsins um heilbrigði, bætur og umönnun.

Í PIAAC er leikni mæld á kvarða frá 0 til 500. Margir eru á miðjum kvarðanum en færri búa yfir mjög mikilli eða mjög lítilli leikni. OECD skiptir kvarðanum fyrir læsi og tölulæsi í sex þrep (0, 1, 2, 3, 4 og 5). Leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni er skipt á fimm þrep (engin stig, 0, 1, 2 og 3). Undir flokkinn „engin stig“ falla einstaklingar sem hafa enga reynslu í notkun tölvu og einstaklingar sem voru ekki færir um, eða óskuðu ekki eftir að taka prófið á tölvu spyrilsins en notuðu þess í stað blað og blýant.

Á milli leikniþáttanna þriggja er sterkt samband. Búi fólk yfir mikilli (lítilli) leikni á einu sviði eru miklar líkur til þess að það búi einnig yfir mikilli (lítilli) leikni á hinum tveimur sviðunum.

LEIKNI EFTIR LÖNDUM

Í töflu 1 er yfirlit yfir grunnleikni í PIAAC löndunum. Meðaltöl fyrir læsi í Finnlandi (288), Svíþjóð (279) og Noregi (278) eru hærrí en alþjóðlegt meðaltal allra landanna (273). Finnland er í öðru sæti á listanum yfir öll löndin. Japan trónir á toppnum með 296 stig. Danmörk (271) er rétt undir meðaltali allra PIAAC landanna. Spánn og Ítalía verma neðstu sætin í mælingu á læsi með um það bil 250 stig.

Meðaltöl fyrir tölulæsi eru nánast eins í Svíþjóð (279), Noregi (278) og Danmörku (278), en ívið hærrí í Finnlandi (282). Öll fjögur löndin eru nokkuð yfir alþjóðlegu meðaltali (269). Aftur er Japan í fyrsta sæti með 288 stig, og Spánn og Ítalía eru neðst á listanum með færri en 250 stig.

Talið er að 6–9 stig á kvörðunum fyrir læsi og tölulæsi svari til um það bil eins árs menntun (OECD, 2013a). Munur á milli þjóðanna hvað varðar þessa leikni er því umtalsverður.

Við röðun landanna með tilliti til getu til að leysa verkefni með upplýsingatækni er ekki hægt að notast við meðalfjölda stiga því að talsverður fjöldi svarenda gat ekki eða vildi ekki taka prófið á tölvu spyrilsins. Þetta háa hlutfall gefur nokkra hugmynd um hve stór hluti íbúanna á aldrinum 16–65 ára hefur ekki nægjanlega góð tök á upplýsingatækni til þess að taka prófið á tölvu spyrils. Alþjóðlega meðaltalið fyrir þetta hlutfall er 24%. Hlutföllin fyrir Norðurlöndin fjögur eru ívið lægri, 12% í Svíþjóð, 14% í Noregi, 14% í Danmörku og 18% í Finnlandi. Í töflu 1 er röðun landanna, með tilliti til leikni í lausn verkefna með upplýsingatækni, byggð á hlutfalli þeirra íbúa sem mælist á tveimur hæstu þrepunum (2 + 3). Hlutfall þeirra sem ekki búa yfir nægilegri upplýsingatækni má sjá í töflu 1 og því sem á eftir fer.

Hlutfall þeirra sem mælast á tveimur hæstu þrepum kvarðans, með tilliti til leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni, er mun hærrí á Norðurlöndunum en alþjóðlega meðaltalið (34%) eða í Svíþjóð (44%) í Finnlandi (42%), í Noregi (41%) og í Danmörku (39%). Svíþjóð er efst á listanum yfir löndin, Finnland í öðru sæti, Noregur í fjórða og Danmörk í því fimmta. Íbúar á Norðurlöndunum eru með öðrum orðum meðal þeirra allra bestu í að leysa verkefni með upplýsingatækni.

Í heild eru Finnar, Norðmenn og Svíar yfir meðaltalinu í öllum þremur þáttum: læsi, tölulæsi, og úrlausn verkefna með upplýsingatækni. Danir eru yfir meðaltalinu í tveimur þáttum, tölulæsi og úrlausnum verkefna, en rétt undir meðaltalinu í læsi.

Í fjórum landanna, Kýpur, Frakklandi, Ítalíu og Spáni, var leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni ekki mæld. Þessi fjögur lönd eru undir meðaltalinu í hinum tveimur leikniþáttunum. Af hinum 19 löndunum í töflu 1 eru það aðeins Holland, auk Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem eru fyrir ofan meðaltalið í öllum þremur þáttunum. Þrjú af 19 löndum eru undir meðaltalinu í öllum þáttum (Írland, Pólland og Bandaríki Norður-Ameríku).

Tafla 1 – PIAAC 2011–2012.

Löndum raðað með tilliti til 1) læsis (meðaltal stiga), 2) tölulæsis, (meðaltal stiga) og 3) úrlausnar verkefna með upplýsingatækni (hlutfall íbúa á hæsta þrepi 2+3 stig).

Prep	Læsi: Meðaltal stiga	Tölulæsi: Meðaltal stiga	Úrlausn verkefna með upplýsingatækni: Hlutfall á 2 + 3 þrepi
Lönd yfir meðaltali allra landa	296: Japan	288: Japan	44: Svíþjóð
	288: Finnland	282: Finnland	42: Finnland
	284: Holland	280: Flandur (Belgía)	42: Holland
	280: Ástralía	280: Holland	41: Noregur
	279: Svíþjóð	279: Svíþjóð	39: Danmörk
	278: Noregur	278: Noregur	38: Ástralía
	276: Eistland	278: Danmörk	37: Kanada
	275: Flandur (Belgía)	276: Slóvakía	
	274: Tékkland	276: Tékkland	
	274: Slóvakía	275: Austurríki	
273: Kanada	273: Eistland		
	272: Þýskaland		
Meðalta allra landa	273: Meðaltal	269: Meðaltal	36: Þýskaland
	273: Kórea	268: Ástralía	35: Japan
	272: England/Norður-Írland		35: Flandur (Belgía)
			35: England/Norður-Írland
			34: Meðaltal
		33: Tékkland	
		32: Austurríki	
Undir meðaltali allra landa	271: Danmörk	265: Kanada	31: Bandaríki Norður-Ameríku
	270: Þýskaland	265: Kýpur	30: Kórea
	270: Bandaríki Norður-Ameríku	263: Kórea	28: Eistland
	269: Austurríki	262: England/Norður-Írland	26: Slóvakía
	269: Kýpur	260: Pólland	25: Írland
	267: Pólland	256: Írland	19: Pólland
	267: Írland	254: Frakkland	
	262: Frakkland	253: Bandaríki Norður-Ameríku	
	252: Spánn	247: Ítalía	
	250: Ítalía	246: Spánn	

Ath. Í dálki 1 og 2 eru 23 lönd. Rússland er ekki með vegna skorts á gögnum. Aðeins 19 lönd eru í dálki 3, því að leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni var ekki mæld á Kýpur, Ítalíu og Spáni né í Frakklandi (OECD, 2013a).

ÓJÖFN SKIPTING LEIKNI

Ólík skipting á leikni innan hvers lands er að minnsta kosti jafn mikil og skiptingin á milli landa. Mikilvægustu þættirnir sem skipa íbúum í hópa með góða eða ekki eins góða leikni eru menntun, aldur og staða innflytjenda.

Menntun: Megintilhneigingin er að með hærra menntunarstigi verður leiknin betri í læsi, talnalæsi og úrlausn verkefna með upplýsingatækni. Samhengið skýrist fyrst og fremst af því að menntun, einkum og sér í lagi ef hún felst í bóklegum þáttum, getur stuðlað að þróun og viðhaldi á grunnleikniþáttunum þremur. Jafnframt er talið að menntun hafi mest

aðdráttarafi fyrir þá sem eiga auðvelt með nám og eru námsfúsir auk þeirra sem er best undirbúnir. Jafnframt má álykta sem svo að menntun geti haft svokölluð úrtaksáhrif. Þar að auki hefur hátt menntunarstig áhrif á aðgengi að vinnu- markaði og störfum, þar sem leikni er einkum beitt, henni viðhaldið og hún þróuð, sem gæti verið þriðja skýringin á sambandinu milli menntunar og grunnleikni.

Aldur: Á aldursbilinu 16–30 ára (um það bil 30 ára, það fer eftir því um hvaða tegund leikni og hvaða land ræðir) má sjá að með hækkun aldurs eykst grunnleikni. Frá því að fólk nær 30 ára aldri fram til 65 ára aldurs má greina tilhneigingu sem vísar í hina áttina: Með hækkandi aldri hrakar leikninni. Einstaklingar á aldrinum 55–65 ára hafa að meðaltali minni leikni en þeir sem eru á aldursbilinu 16–24 ára.

Aukningin í yngri aldurshópnum, frá 16 ára fram til um það bil 30 ára, stafar vafalaust fyrst og fremst af *aldurs*-áhrifum. Eftir því sem ungt fólk eldist hafa æ fleiri lokið námi í framhaldsskóla, ýmist verknámi eða bóknámi, og lokið háskólamenntun.

Það að leikninni fari aftur á aldursbilinu frá um það bil 30 ára fram til 65 ára, getur stafað af *kynslóða*áhrifum, með öðrum orðum að fólk af yngri kynslóðum hafi aflað sér meiri menntunar en fólk af eldri kynslóðum. Ungu fólk hefur einnig meiri reynslu af upplýsingatækni og tölvum, sem aðeins hafa verið í notkun á síðustu áratugum.

Afturför í leikni á aldursbilinu 30–65 ára getur einnig, að minnsta kosti að hluta til, stafað af aldursáhrifum, með öðrum orðum þeirri þróun sem á sér stað í lífshlaupi einstaklinga. Líffræðilegir þættir geta haft áhrif. Nefna má að heilabilun getur haft gríðarleg áhrif. Aldursáhrif geta einnig tengst félagslegum þáttum. Hagfræðikenningar gera til dæmis ráð fyrir að með hækkandi aldri dragi úr hvata til þess að afla sér sí- og endurmenntunar jafnt úr hvata launþegans sem og vinnuveitandans. Samfélag okkar og vinnumarkaður virka ef til vill á þann hátt að tækifærunum fækkar og hvatinn til þess að læra og viðhalda leikni minnkar eftir því sem aldurinn sækir á.

Ef leiðrétt er fyrir áhrif menntunarstigs má jafnframt sjá að grunnleikni fellur neðar í þrepum eftir því sem eldri aldurshópar eru skoðaðir. Það bendir til þess að minni færni í eldri aldurshópum sé ekki einungis vegna áhrifa af ólíkum kynslóðum.

Staða innflytjenda: Samkvæmt niðurstöðum PIAAC er hlutfall innflytjenda, í aldurshópnum 16–65 ára, ólíkt milli Norðurlandanna fjögurra. Innflytjendur eru hér skilgreindir sem einstaklingar fæddir erlendis. Hlutfallið er þannig 4,8% í Finnlandi, 10,8% í Danmörku, 12,4% í Noregi og 16,8% í Svíþjóð. Í öllum löndunum tóku innflytjendurnir vitsmunapróska- prófið á tungumáli þess lands sem þeir fluttu til. Samkvæmt PIAAC hafa innflytjendur á Norðurlöndunum minni leikni en hinir sem ekki eru innflytjendur. Mismunurinn í leikni í læsi er umtalsverður, eða um það bil 40–50 stig.

Lágt menntunarstig innflytjenda frá löndum sem ekki teljast til vestrænna landa útskýrir aðeins að hluta til litla leikni innflytjendanna. Innflytjendur búa einnig yfir minni leikni en ekki innflytjendur þegar tillit hefur verið tekið til ólíkrar menntunar. Það þýðir að aðrir þættir, þar á meðal tíminn sem viðkomandi hefur búið í landinu, skýrir að hluta til muninn á leikni í hópi innflytjenda.

Auk menntunar, aldurs og stöðu innflytjenda geta fjölmargir aðrir þættir haft áhrif sem skýra mismikla leikni. Það á við um kyn, atvinnu og heilsu.

Kyn: Að meðaltali búa konur og karlar í Danmörku og Finnlandi yfir álíka leikni í læsi. Í Svíþjóð og Noregi standa karlar að meðaltali aðeins betur að vígi í læsi en konur. Mismunur eftir kyni er greinilegri hvað varðar tölulæsi og úrlausn verkefna með upplýsingatækni. Í öllum fjórum löndunum standa karlarnir betur að vígi en konurnar á þessum tveimur sviðum. Munurinn eftir kyni er minni í hópum hinna yngri, heldur en í eldri aldurshópnum sem er í samræmi við tilgátur um að dregið hafi úr muninum milli karla og kvenna á síðustu áratugum.

Samkvæmt PISA eru stúlkur mun betri í lestri en drengir við 15 ára aldurinn (OECD, 2013a). Þessi greinilegi munur á milli 15 ára drengja og stúlkna er langtum minni eða alls enginn meðal ungs fólks í PIAAC.

Atvinna. Að jafnaði búa þeir sem eru virkir á vinnumarkaði yfir betri leikni í læsi, tölulæsi og úrlausn verkefna með upplýsingatækni heldur en atvinnuleitendur og aðrir sem ekki eru á vinnumarkaði vegna þess að til síðastnefnda hópsins teljast ekki þeir sem leggja stund á nám. Atvinna, og þá sérstaklega að hafa verið lengi á vinnumarkaði, helst í hendur við góða grunnleikni. Tvennskonar skýring getur verið á þessu. Að vera starfandi hefur í för með sér fleiri tækifæri til náms en að vera án vinnu. Á hinn bóginn velja vinnuveit-

endur frekar einstaklinga sem búa yfir góðri færni. Einstaklingar með góða færni eiga auðveldara með að fá vinnu og að halda henni.

Ólík störf og stöður krefjast ólíkrar menntunar og annars konar hæfni. Þess vegna kemur ekki á óvart að grunnleikni er afar ólík eftir tegundum starfa. Ófaglærðir einstaklingar eða fólk sem vinnur verkamannastörf hafa að meðaltali minni grunnleikni en einstaklingar sem vinna flókin störf, þar sem gerðar eru kröfur um meiri menntun eða færni í stjórnun. Færnistigð er almennt lægra í einkageiranum en hjá hinum opinbera, þar sem menntastigð er almennt hæst.

Heilsa: Þeir sem tóku þátt í PIAAC könnuninni voru beðnir um að meta heilsufar sitt á fimm þrepa kvarða frá „framúrskarandi“ til „slæmt“. Greinilegt samband er á milli mats á heilsu og færni í öllum þremur þáttum. Góð heilsa og góð leikni heyra saman. Lélegt heilsufar getur dregið úr hæfni til þess að taka vitsmunapröskaprófið og lélegt læsi getur valdið því að hæfni til þess að taka eftir og skilja ráðleggningar varðandi heilbrigði, lífsstíl og vinnuumhverfi minnkar.

Í stuttu máli sýna niðurstöður PIAAC að þróun og viðhald grunnleikni er árangur af flóknum ferlum sem eiga sér stað við ólíkar kringumstæður í lífi einstaklinga. Segja má að almennt mynstur í dreifingu grunnleikni íbúanna á Norðurlöndunum eru afar lík. Mikil (lítill) leikni tengist fremur hagstæðum (óhagstæðum) kringumstæðum með tilliti til stöðu á vinnumarkaði og annarra þátta sem hafa áhrif á lífsgæði fólks.

FULLORÐNIR MEÐ LITLA LEIKNI

Frá sjónarhóli þeirra er móta stefnu í menntamálum eða vinnumarkaðsmálum er afar áhugavert að beina sjónum að einstaklingum með litla leikni. Einstaklingar sem búa yfir lítilli leikni í læsi og tölulæsi teljast venjulega til eins hóps á þrepi 0 eða 1. Þessir einstaklingar fá minna en 226 stig á kvarðanum yfir læsi og tölulæsi sem spannar 0 til 500 stig. Einstaklingar á þrepi 0 og 1 í læsi eru aðeins færir um að lesa mjög einfalda texta með auðskiljanlegum skilaboðum, texta sem gera takmarkaðar kröfur um færni til að meðhöndla upplýsingar. Einstaklingar sem búa yfir töluleikni á þrepi 0 eða 1 eru aðeins færir um að leysa einföld reikningsverkefni eins og að telja, leggja saman lágur tölur eða flokka. Færni þeirra til þess að skilja og fara með tölulegar upplýsingar er takmörkuð.

Einstaklingar sem búa yfir lítilli færni til þess að leysa verkefni með upplýsingatækni eru skilgreindir sem svarendur á þrepi 0 (undir 1) á kvarðanum 0 til 500 ásamt svarendum með takmarkaða færni í upplýsingatækni, með öðrum orðum þeir sem ekki gátu eða vildu svara könnuninni á tölvu spyrilsins.

Hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni í læsi er 16% íbúa á aldrinum 6–65 ára í Danmörku, 11% í Finnlandi og 13% í Noregi og Svíþjóð. Hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni í tölulæsi er 3% í Finnlandi og 14–15% íbúa á hinum Norðurlöndunum. Hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni í lausn verkefna með upplýsingatækni er gegnumgangandi heldur hærra eða á milli 23% og 30%.

Þrátt fyrir að lágt hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni, þá er um að ræða talsverðan fjölda fólks. Þannig eru það samtals 2,1 milljón manns á Norðurlöndunum sem búa yfir lítilli leikni í læsi. Þó að það sé að vissu leyti matsatriði, hvar nákvæmlega mörk lítillar leikni liggja, leikur enginn vafi á að fjöldi þeirra sem búa yfir lítilli leikni er mjög mikill.

Væri hægt með fræðslu fullorðinna að efla læsi þeirra frá þrepi 0/1 (lægsta þrepi) upp á þrep 2 (næst lægsta þrep)? Ætla má að það samsvaraði því að auka leiknina um 50 stig að meðaltali, sem samkvæmt útreikningum OECD jafngildir 6–7 námsárum. Þó að taka beri slíkum útreikningum með nokkrum fyrirvara, benda þeir samt til þess að það krefðist býsna umfangsmikilla aðgerða að hækka leiknistig þeirra sem búa yfir minnstu leikninni. Í nánustu framtíð væri það ómögulegt. Þess vegna er brýnt að forgangsraða á sviði fullorðinsfræðslunnar.

Að meðaltali gengur fólki með litla færni verr, til dæmis með tilliti til atvinnu og lífsgæða, heldur en fólki sem býr yfir meiri leikni. En lítill leikni þarf ekki að vera vandamál í öllum tilfellum. Hluti þeirra sem búa yfir læsi á þrepi 0/1 (lægsta þrepi) þéna til dæmis jafn mikið eða meira en meðaltekjur þeirra sem búa yfir leikni á þrepi 2. Sumum þeirra sem búa yfir lítilli leikni gengur vel að því er virðist. Því er mikilvægt að hafa uppi á þeim sem eru í vandræðum vegna lítillar leikni.

Hlutfall þeirra sem búa yfir lítilli leikni er sérstaklega hátt meðal þeirra sem hafa litla menntun, eldra fólks og þeirra sem eru án atvinnu. En jafnframt má sjá að það eru einnig fjölmargir sem búa yfir lítilli leikni í hópi þeirra sem hafa starfsmenntun, á meðal yngra fólks og þeirra sem eru í vinnu. Því er ekki auðvelt að benda á einsleitann markhóp fyrir fullorðinsfræðslu í grunnleikni – út frá ákveðnum félagslegum auðkennum. Einstaklinga sem búa yfir lítilli leikni má finna alls staðar í norrænum samfélögum.

Meðal þeirra leiða sem virðast færar er að beina sjónum að einstaklingum sem hafa lent eða geta lent í vandræðum, vegna þess að þeir búa yfir lítilli leikni, hvort sen er á vinnustöðum, í skólum, í félagslega kerfinu, á vinnumiðlunum eða innan frjálsra félagasamtaka. Í flestum tilfellum er jafnan brugðist við lágu færnistigi sem hugsanlegar ástæðu þess að sumir spjara sig ekki jafn vel.

FULLORÐINSFRÆÐSLA

Í PIAAC er gerður greinarmunur á formlegri og óformlegri menntun. *Formleg menntun* er menntun sem er viðurkennd af viðeigandi stjórnvöldum í hverju landi og sem veitir viðurkennda og skjalfesta starfsmenntun eða undirbúning undir frekara nám. Orðasambandið „formleg menntun“ kemst næst því sem í daglegu tali er rætt um sem „menntun“.

Óformleg menntun nær í PIAAC *til*:

- Námskeiða sem haldin eru sem fjarnám eða námskeið á netinu.
- Skipulögð kennsla á vinnustað eða skipulögð fræðsla frá yfirmönnum eða samstarfsmönnum.
- Málþing eða vinnustofur.
- Námskeið eða einstaklingsbundin kennsla sem ekki telst til framangreindra flokka.

Hafi svarandi verið virkur í að minnsta kosti einum viðburði sem fellur undir þessa flokka, telst hann hafa aflað sér „óformlegrar menntunar“ sem bæði getur verið starfsmiðuð eða ekki. Orðanotkuninni í PIAAC var beitt til þess að bera saman lönd. Sökum þess að afar ólíkt er hvernig staðið er að fullorðinsfræðslu í hverju landi fyrir sig, svarar orðanotkunin ekki nákvæmlega til orðanotkunar í neinu einstöku landi.

Eftirfarandi greiningar á fullorðinsfræðslu ná til fólks á aldrinum 30–65 ára. Það er vegna þess að ekki kemur nákvæmlega fram á PIAAC spurningaeyðublaðinu hvort sú menntun sem einstaklingurinn hefur aflað sér fellur undir fullorðinsfræðslu (fullorðins- og endurmenntun) í viðkomandi landi eða hvort hún er hluti af almenna menntakerfinu fyrir ungt fólk.

Um það bil 60% íbúa á aldrinum 30–65 ára hafa að minnsta kosti einu sinni á undanförunum 12 mánuðum tekið þátt í formlegri eða óformlegri menntun, samkvæmt niðurstöðum PIAAC. Þegar litið er til hlutfalls þátttakenda hefur óformleg menntun greinilega vinninginn. Langstærstur hluti

fullorðinsfræðslu er starfstengdur, fer oftast fram á vinnutíma og framlög vinnuveitanda til þess að mæta kostnaðinum eru drjúg.

Um það bil helmingur íbúa á aldrinum 30–65 ára hefur að minnsta kosti einu sinni á undanförunum 12 mánuðum verið þátttakandi í óformlegri menntun. Samtals hafa þátttakendur varið til þess 63 tímum í Finnlandi, 69 tímum í Svíþjóð, 74 tímum í Noregi og 81 tímum í Danmörku. Séu tíðni og tímalengd óformlegu menntunarinnar sambætt, má áætla að að meðaltali hafi hver einstaklingur á aldrinum 30–65 ára varið 43 tímum í Danmörku, 37 tímum í Svíþjóð, 36 tímum í Noregi og 33 tímum í Finnlandi í óformlega menntun.

Ólíkir þættir skýra frávik í tíðni og lengd. Atvinnuleitendur og innflytjendur taka sjaldnar þátt í óformlegri menntun en þeir sem eru í starfi og ekki innflytjendur en þegar þeir taka þátt gera þeir það í umtalsvert lengri tíma. Eldra fólk tekur bæði sjaldnar þátt og í skemmri tíma en hinir sem yngri eru. Konur, annars staðar en í Noregi og Svíþjóð, taka aðeins oftar þátt en tíminn sem konur og karlar verja til náms er ámóta langur. Líkurnar á því að fólk taki þátt í óformlegu námi vaxa með hækkunni menntunarstigi og aukinni leikni í læsi en tímalengd þátttöku fer ekki eftir menntunarstigi og ýmislegt bendir til þess að tíminn styttest eftir því sem leiknin í læsi er meiri.

Þrátt fyrir að fjöldi fólks taki þátt í fullorðinsfræðslu ár hvert er einnig umtalsverður fjöldi sem óskar eftir frekari færniþróun. Á bilinu 25% og 33% fólks á aldrinum 30–65 ára á Norðurlöndunum upplýstu í PIAAC að þeir óskuðu eftir aukinni menntun. Jafn hátt hlutfall þeirra sem eru í starfi telur sig þurfa meiri þjálfun til þess að geta sinnt núverandi starfi sínu vel. Lægri aldur, hærra menntunarstig og betri leikni í læsi auka líkurnar á að fólk tjái ósk um að auka færni sína. En einnig meðal þeirra sem búa yfir lítilli leikni í læsi, er talsverð hvöt til náms ríkjandi um það bil tveir þriðju hlutar þessa hóps lýsti yfir því að þeim falli vel eða afar vel að læra eitthvað nýtt. Það bendir til þess að áhugi á námi sé fyrir hendi og hann ætti að vera hægt að virkja við réttar kringumstæður.

Þegar á heildina er litið sýna niðurstöður PIAAC að fleira er líkt með íbúum Norðurlandanna fjögurra en það sem greinir þá að, hvað varðar þátttöku í fræðslu fullorðinna og hvöt til náms.

SKÝRSLUR UM PIAAC

- Adult Skills in the Nordic Region. Key Information-Processing Skills Among Adults in the Nordic Region.* TemaNord 2015:535. Nordic Council of Ministers
- Bjørkeng (red.) (2013): *Ferdigheter i voksenbefolkningen. Resultater fra den internasjonale undersøkelsen om lese- og tallforståelse (PIAAC).* Statistics Norway. Reports 42/2013.
- Halapuu, V. & Valk, A. (2013): *Täiskasvanute oskused Eestis ja maailmas: PIAAC uuringu esmased tulemused.* Tartu: Haridus ja Teadusministeerium.
- Malin, A., Sulkunen, S., & Laine, K. (2013): *PIAAC 2012. Kansainvälinen aikuistutkimuksen esitutoksia.* Opetus- ja kulttuuriministeriön julkaisu 2013:9.
- OECD (2013a): *OECD Skills Outlook 2013: first results from the Survey of Adult Skills.* OECD Publishing.
- OECD (2013b): *The Survey of Adult Skills. Reader's Companion.* OECD Publishing.
- Rosdahl, A., Fridberg, T., Jakobsen, V. & Jørgensen, M. (2013): *Færdigheder i læsning, regning og problemløsning med IT.* København: SFI-Det Nationale Forskningscenter for Velfærd, 13:28.
- Statistics Sweden (2013): *Den internationella undersökningen av vuxnas färdigheter.* Tema Utbildning. Statistics Sweden. Rapport 2013:2.

UM HÖFUNDINN

Anders Rosdahl, félagsfræðingur frá Kaupmannahafnarháskóla 1974. Hann hefur leitt rannsóknir við SFI – Rannsóknarmiðstöð velferðarmála í Kaupmannahöfn frá árinu 1987. Hann hefur skrifað fleiri en 70 bækur og greinar, flestar um vinnumarkað og menntun, þar með talin fullorðins- og endurmenntun. Hann var formaður dönsku nefndarinnar um PIAAC (PISA fullorðinna) frá 2009 til 2013. Hann á sæti í mörgum norrænum tengslanetum um PIAAC, meðal annars í neti með félögum frá Eistlandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Tengslanetið skrifaði árið 2015 norræna PIAAC skýrslu sem ber heitið *Adult Skills in the Nordic Region*. Norræna ráðherranefndina gaf hana út. Þessi grein byggir meðal annars á niðurstöðum þeirrar skýrslu.

ABSTRACT

In comparison with the other twenty nations which in 2011–2012 took part in the PIAAC Survey of OECD, the standard of basic adult skills in Denmark, Finland, Norway and Sweden in reading, arithmetic and the use of information technology to solve problems is generally good. Nevertheless, a number of people in the Nordic Countries have limited basic skills that are decisive to be successful in the information society. For example, 2.1 million people have limited reading skills. The percentage of inhabitants aged 16–65 varies from 11% in Finland to 16% in Denmark. The percentage of those who have limited skills in arithmetic is similar, but the percentage of those who have difficulty using information and communication technology for solving problems varies from 25–40%. How exactly to define limited skills is debatable, but there is no doubt that the number of those in this category is considerable. Limited skills are more common among immigrants, job applicants, those who have short formal education and older people. The correlation is, however, not absolute between having limited skills and belonging to one of these groups. People with limited skills are to be found in almost every social group in the Nordic Countries. Many people want to enhance their skills and are eager to learn, also those who have limited basic skills. With regard to participation in adult education and requests for skills enhancement, the PIAAC results indicate that there are more similarities than difference between the Nordic Countries. Iceland did not participate in PIAAC.

GRACIELA SBERTOLI

ESBN

Evrópskt samstarfsnet um grunnleikni fullorðinna



Graciela Sbertoli

Evrópska samstarfsnetið um eflingu grunnleikni fullorðinna (ESBN) á þátt í að móta fyrirmyndarstefnu til hagsbóta fyrir einstaklinga, samfélög og hagkerfi í Evrópu. Síðustu áratugi hafa þjóðir Evrópu þurft að takast á við sífellt vaxandi þörf fyrir aukna færni og hæfni á vinnumarkaði. Þrátt fyrir umtalsverðan mun á efnahag og tækniframförum í ólíkum löndum er augljóst að enskt máltæki af ókunnum uppruna „constant change is here to stay“ er lýsandi fyrir ástandið.

Hnattvæðing og aukin samkeppni á vinnumarkaði hafa skapað þörf fyrir formlega hæfni til þess að sinna störfum sem til þessa hefur verið hægt að sinna með áunninni kunnáttu og handlagi. Tæknipróun, sem tengist gæðaviðmiðum, hefur skapað kringumstæður þar sem starfsfólk verður að hafa vald á nýrri færni, fá formlega staðfestingu á eldri færni og vera reiðubúið til þess að uppfæra færni sína í sífellu. Í löndum þar sem áföll í hagkerfinu ríða skyndilega yfir geta starfsmenn jafnframt staðið frammi fyrir þörf á að breyta um starfsvettvang þar sem krafist er nýrrar færni, nýrrar hæfni og nýs náms. Þetta á til dæmis við í Noregi, þar sem mjög mikill samdráttur er í olíuframleiðslu.

HVERS VEGNA GRUNNLEIKNI

Kröfurnar halda áfram að vaxa og við reynum að bregðast við nýjum markmiðum, en illu heilli eru horfur á að hátt hlutfall íbúanna nái ekki að fylgja þróuninni. Stöðug starfsmenntun og þjálfun (e. continuous vocational education and training, CVET) er meginviðfangsefni evrópskrar stefnumótunar fyrir þróun efnahags- og félagsmála. Í stefnuskjali sem Starfsmenntastofnun Evrópu (Cedefop) gaf út árið 2014 (CEDEFOP, 2014), er lögð rík áhersla á þýðingarmikið hlutverk stöðugrar starfsmenntunar og þjálfunar til þess annars vegar að efla sjálfbærni í starfshæfni, persónulega þróun og lífsgæði einstaklinga og hins vegar sem lykildrífkraft samfélagsins og hagkerfisins sem byggir á þekkingu, sjálfbærni og þátttöku allra og fyrir félagslega aðlögun og jöfnuð. Þátttaka í símenntun og starfsþjálfun er of lítil í flestum löndum Evrópu, einkum meðal þeirra sem hafa litla formlega menntun, en það er einmitt sá markhópur sem mesta þörf hefur fyrir að endurnýja færni sína. Í skjalinu frá Cedefop er settur fram listi yfir hindranir fyrir þátttöku í stöðugri starfsmenntun og þjálfun og þar er einnig kafli um árangursþætti í stefnumótun sem tryggja geta aukin gæði og meiri þátttöku og skilvirkni. Það kemur á óvart að skortur á grunnleikni er ekki meðal þeirra hindrana sem talda eru upp á listanum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út vinnuskjal fyrir starfsfólk (Evrópusambandið 2015) með nýrri forgangsöröðun í evrópsku samstarfi um menntun og þjálfun. Í skjalinu eru undirstrikaðar þær áskoranir sem niðurstöður PIAAC könnunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD leiddu í ljós: „Vexti og samkeppnishæfni Evrópu er stofnað í hættu vegna þess að fimmti hver íbúi í Evrópu býr yfir lítilli leikni í læsi og tölulæsi og fjórði hver á erfitt með að leysa verkefni með upplýsingatækni. Þrátt fyrir að helmingur þeirra sem búa yfir lítilli leikni séu í vinnu, njóta þeir umtalsvert minni þjálfunar en fólk sem býr yfir mikilli leikni og því eru þeir fangar í gildru lítillar leikni.“

Er raunverulegt orsakasambandi á milli skorts á nægilegri grunnleikni annars vegar og þátttöku í stöðugri starfsmenntun og þjálfun hins vegar? Niðurstöður PIAAC virðast leiða líkur að því. Læsi, tölulæsi og færni í stafrænni tækni varða leiðina til frekara náms. Þetta þýðir þó ekki að fullorðnir Evrópubúar geti ekki tekist á við störf sem krefjast talsverðrar leikni þó að grunnleikni þeirra sé ábótavant. Fjöldinn allur gerir það nú þegar og margir í hópi þeirra, sem litla formlega menntun hafa, hafa bæði náð góðum árangri og eru ánægðir í vinnunni. En það þýðir að þessir starfsmenn geta ekki náð sér í þá formlega staðfestingu sem þeir eiga skilið og geta ekki aflað sér stöðugrar starfsmenntunar og

þjálfunar. Lítil grunnleikni getur komið í veg fyrir að þeir afli sér nýrrar fræðilegrar þekkingar, sem verður æ ríkari þáttur starfsfræðslu og hefur veruleg áhrif á sjálfstraust námsmanna þegar þeir þurfa að takast á við frekara nám.

Hið gagnstæða er líka rétt: Í gögnum sem safnað var gegnum norsku verkefnisáætlunina um grunnleikni í atvinnulífínu, BKA (Basiskompetanse i arbeidslivet) (VOX 2015), kemur til dæmis í ljós að þjálfun grunnleikni getur verið stikla á leið til þess að afla sér formlegrar færni. Í mörgum fyrirtækjum sem hafa nýtt sér BKA, hefur þjálfun í grunnleikni beinst sérstaklega að því að starfsmenn afla sér menntunar til formlegrar viðurkenningar á starfsmenntun eins og til dæmis sveinsprófs.

FRAMVIRK OG SAMÞÆTT STEFNA

Fram til þessa hefur í þessari grein að mestu leyti verið fjallað um mikilvægi grunnleikni til þess að tryggja að allir starfsmenn hafi tækifæri til þess að uppfæra hæfni sína, til að tryggja starfshæfni og fjárhagslegan stöðugleika, og leggja sitt af mörkum við sjálfbærni vinnustaðarins.

Grunnleikni er ekki aðeins mikilvæg hvað varðar starfshæfni. Hún er einnig lykhillinn að félagslegri aðlögun, virkri samfélagsþátttöku og bættri heilsu og aukinni velferð. Grunnleikni er forsenda ævináms af öllu tagi og er mikilvæg undirstaða þess að hver einstaklingur fái notið sín til fulls.

Ef við sammælumst um mikilvægi þess að setja í forgang aðgengi að þjálfun í grunnleikni við opinbera stefnumótun á sviði starfshæfni, efnahagslegra forsenda, velferðar og félagslegrar aðlögunar, þá kemur ekki á óvart að yfirvöldum í mörgum löndum reynist erfitt að ákveða nákvæmlega hvaða ráðuneyti ætti að bera ábyrgð á þjálfuninni. Ef stuðst er við orðalag OECD, þá er augljós þörf fyrir samstillta nálgun allra stjórnvalda, sem að ævimenntun koma, einkum í tilviki fullorðinna sem hafa aflað sér lítillar formlegrar menntunar.

Markmið um framboð nægilegrar þjálfunar í grunnleikni fyrir allt fullorðið fólk er breytilegt. Það þrep grunnleikni sem telst „hagnýtt“ er afstætt og fer eftir þeim kringumstæðum sem einstaklingurinn býr og starfar við, og fer hækkandi. Markhópurinn fer vaxandi vegna lýðfræðilegra breytinga, þar með talið vegna þeirrar fljóðbylgju innflytjenda sem skellur á löndum í Evrópu um þessar mundir. Ríkisstjórnir sem reyna að takast á við vandamálið standa frammi fyrir gríðarlegum vanda. Við stefnumótun verður að taka tillit til þess að raunveruleikinn mun hafa breyst þegar

tími er kominn til að innleiða nýju stefnuna. Þá hefur markmiðið breyst.

SAMSTARF ÞVERT Á LANDAMÆRI OG GEIRA

Hópur um það bil 30 hagsmunaaðila frá tylft Evrópulanda stóð frammi fyrir þessum sameiginlegu áskorunum og ákvað árið 2010 að koma á tengslaneti aðila sem koma að stefnumótun, sem gæti jafnframt þjónað sem vettvangur fyrir samvirkni, miðlun á reynslu og sköpun nýrrar þekkingar á grunnleikni fyrir fullorðna. VOX, Landsskrifstofa um ævimenntun/færniþróun í Noregi átti frumkvæðið en naut stuðnings fjölmargra lykilstofnana, margra á Norðurlöndunum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var meðal stofnaðila tengslastefnunnar.

Samhljóða álit þessara fyrstu hagsmunaaðila var að það væri vænlegt til árangurs að halda því til haga að aðilar að tengslanetinu væru fulltrúar stofnana sem koma að stefnumótun og reyna að fá fleiri slíkar stofnanir sem þegar hefðu umsjón með stefnumótun á sviði grunnleikni, eða gætu í framtíðinni verið falin þróun slíkrar stefnumótunar.

Eigi að síður var augljóst að námsferli það sem tengslanetið hafði í hyggju að koma á fót, var ekki aðeins háð þátttöku stefnumótandi aðila heldur einnig þátttöku framkvæmdaaðila stefnunnar, það er öllum þeim mikilvægu hagsmunaaðilum í hverju landi sem gætu lagt af mörkun reynslu sína, þekkingu á markhópnum og á núverandi áskorunum jafnt sem þeim sem í framtíðinni munu blasa við, og tengsl þeirra við viðeigandi sérgreina kennslu.

EVROPSKA SAMSTARFSNETIÐ UM EFLINGU GRUNNLEIKNI FULLORÐINNA, ESNB

ESNB-netinu var formlega komið á í Ósló, í júní 2010. Í dag, fimm og hálfu ári síðar, samanstendur það af samtals 68 stefnumótendum og framkvæmdaaðilum frá 28 löndum í Evrópu. (ESNB 2015). Markmið tengslanetsins er að stuðla að bættri stefnumótun og innleiðingu stefnu á evrópskum vettvangi, sem og landa- og svæðisbundið, fyrir svið sem hefur umtalsverð áhrif á menntun, atvinnu, félagslega aðlögun, baráttu við fátækt og sjálfbærar hagvöxt. ESNB-netið leggur sitt af mörkum við bættu stefnu með miðlun þekkingar og reynslu og með því að koma á samvirkni á

meðal meginhagsmunaaðila á sviðinu. Sérstaða netsins felst í þeirri staðreynd að þar kemur saman töluverður fjöldi fulltrúa menntamálaráðuneyta og annarra stjórnvalda, áhrifamikilla vísindastofnana og viðkomandi samtaka kennara og regnhlífarsamtaka frjálsra fræðsluaðila.

EBSN AKADEMÍAN, EPALE OG HAGSMUNAHÓPAR

Meðal þeirra mikilvægu málefna sem hafa verið til umfjöllunar í stefnumótun á síðustu fimm árum hefur verið hvernig unnt sé að styrkja kerfi framboðs, gæða og skilnings á faglegri þekkingu kennara í grunnleikni. Þetta viðfangsefni leiddi til stofnunar EBSN-akademíunnar árið 2013. Akademían var hugsuð sem framtak þar sem nýtt yrði viðtæk reynsla og þekking þeirra stefnumótenda og innleiðenda sem eru fulltrúar aðildarstofnana EBSN og sem koma að þróun námskeiða í endurmenntun fyrir faglega þróun kennara og leiðbeinenda í grunnleikni fullorðinna.

Fyrstu námskeiðin sem Akademían stóð fyrir voru staðbundin námskeið sem skipulögð voru innan ramma Grundtvig menntaáætlunarinnar. Þó að þessi hluti starfsemi akademíunnar verði ekki lögð af, hafa áherslur breyst með nýjum tækifærum í kjölfar tilkomu evrópsku vefgáttarinnar um fullorðinsfræðslu (e. Electronic Platform for Adult Learning in Europe, EPALE). EBSN-netið hefur frá upphafi tekið fullan þátt í mótun EPALE og ber nú ábyrgð á fagsviði undir yfirskriftinni *Lífsleikni*.

Sviðið sem starfsemi EBSN nær til er frekar vítt. Við beinum einkum sjónum að fimm þáttum grunnleikni, læsi, tölulæsi, færni í stafrænni tækni, munnlegum samskiptum og færni í öðru tungumáli fyrir innflytjendur. Framboð fræðslu fyrir fullorðna í þessum þáttum getur þróast á ýmsum vettvangi fyrir ólíka markhópa og eftir ólíkum aðferðum. Undanfarið hefur komið fram að miðlun reynslu sem aðilar að tengslanetinu búa yfir myndi gagnast betur ef myndaðir væru hópar sérhæfðra hagsmunaaðila.

Ákvörðunin um að skapa hópa sérhæfðra hagsmunaaðila innan netsins var tekin um leið og EPALE hleypti af stokkunum röð á þemabundnum umræðum um samfélög um starfshætti. Þess er vænst að hver hagsmunahópur EBSN muni koma á laggirnar umræðuvettvangi, stýra umræðunum, safna upplýsingum um gæðaefni og efnis er varðar þjálfun kennara, úr safni efnis sem stöðugt er hlaðið inn á EPALE. Að loknu því ferli munu hóparnir vinna með skrif-

stofu EBSN við skipulagningu tilraunanámskeiðs sem mun að lokum þróast í föst námskeið byggð á hugmyndafræðinni um MOOC námskeið fyrir kennara á tilteknu sviði.

Fyrsti hópurinn, sem tekur til starfa fyrir lok þessa árs, mun vera á sviði læsis á vinnustað. Áhugasamir aðilar að EBSN munu geta gengið til liðs við hópinn eftir að stofnun hans hefur verið auglýst í fréttabréfi EBSN-skrifstofunnar.

FRAMTÍÐIN

Framtíðarsýn EBSN er að tryggja öllum íbúum Evrópu þá grunnleikni sem þeir þarfnast til þess að þeir geti nýtt sér ævimenntun, bætt starfshæfni sína og verið virkir samfélagsþegnar. Við munum vinna áfram að þessu markmiði á sviði stefnumótunar, miðla reynslu sem getur verið ráðamönnum innblástur til þess að þróa áfram stefnu okkar svo hún verði fullkomnari, jafnvel skilvirkari og falli betur að þörfum fullorðins fólks í Evrópu sem þarf að hafa tækifæri til að efla grunnleikni sína. Í þessu starfi fögnum við framlögum allra félaga okkar.

HEIMILDIR

- Cedefop. (2014). Access to and participation in continuous vocational education and training (CVET) in Europe. Sótt 27. október af <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/publications/6125>
- Evrópusambandið. (2015). Commission Staff Working Document. Sótt 27. október af http://ec.europa.eu/education/documents/et-2020-swd-161-2015_en.pdf
- VOX. 2015. Basic Skills. Sótt 27. október af <http://www.vox.no/English/Basic-skills/>
- European Basic Skills Network. (2015). Sótt 27. október af www.basicsskills.eu
- Cedefop. (2014). Access to and participation in continuous vocational education and training (CVET) in Europe. Sótt 27. október af <http://www.cedefop.europa.eu/en/publications-and-resources/publications/6125>

UM HÖFUNDINN

Graciela Sbertoli er sérfræðingur á sviði alþjóðasamstarfs hjá VOX, stofnun norska ríkisins fyrir stefnumótun á sviði færni og þekkingar. Hún stýrir starfsemi sem varðar evrópska ferla, alþjóðleg verkefni og tengslanet. Hún fylgist með þróun fullorðinsfræðslu á alþjóðavísu. Graciela átti frumkvæðið að stofnun EBSN og stýrir tengslanetinu.

ABSTRACT

The European Basic Skills Network, EBSN: contributing to policy excellence to benefit European individuals, societies, and economies. Over the last decades Europe has been dealing with an ever increasing need for higher levels of skills and qualifications in its work force. Despite considerable differences in the current levels of economic and technological development in individual countries, it is quite obvious that, to borrow an English expression of unknown origin, „constant change is here to stay“.

Globalization and an increasingly competitive labour market have created the need for formal qualifications in jobs where acquired skills and dexterity used to be sufficient. Technological advances, coupled with demands linked to quality standards, have created a situation where workers need to master new skills, formalize the documentation of old ones, and be prepared for constantly upgrading their competences. In cases where there are relatively sudden changes in the economic framework of the country, workers may also be faced with the need for an occupational change involving new skills, new qualifications, new learning. This is for instance the case in Norway, owing to the partial dismantling of its oil industry which is currently taking place.

HALLA VALGEIRSDÓTTIR

VERKEFNI FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS UM GRUNNLEIKNI FULLORÐINNA



Halla Valgeirsdóttir

Upplýsingar um stöðu fullorðinna á Íslandi í grunnleikni liggja ekki fyrir en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur að málefnum í tengslum við grunnleikniþjálfun fullorðinna meðal annars í samvinnu við hinar Norðurlandþjóðirnar. Í þessari grein er stuttlega gerð grein fyrir verkefnum sem FA sinnir á sviðinu og í grófum dráttum hver staða málaflökksins er hér á landi.

Á vegum Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna (NVL) er starfandi vinnuhópur um grunnleikni (basic skills). Í vinnuhópnum sitja fulltrúar Danmerkur, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs og Íslands. Hlutverk hópsins er að kortleggja grunnleikniþjálfun á Norðurlöndunum, skoða hvar áherslurnar liggja í hverju landi, hvaða áskoranir þarf að takast á við, hvernig gæðamálum er háttað, til að mynda í tengslum við menntun og þjálfun leiðbeinanda og kennara á sviði grunnleikni fyrir fullorðna, hvaða mælikvarða hægt er að nota til að meta árangur og draga fram dæmi um árangursrík verkefni sem snúa að grunnleikniþjálfun fullorðinna. Hópurinn á jafnframt að greina hvaða áherslu ætti að leggja varðandi grunnleikniþjálfun fullorðinna út frá niðurstöðum PIAAC-könnunarinnar á Norðurlöndunum. Í könnuninni er grunnleikni skilgreind sem læsi, tölulæsi og notkun upplýsingatækni við úrlausn daglegra verkefna.

Hugmyndin að stofnun vinnuhópsins kom fram á fundi NVL og fulltrúa í stjórnarnefnd menntaáætlunar Evrópusambandsins um ævimenntun á Norðurlöndunum í janúar 2014. Vinnuhópur um grunnleikni fullorðinna hefur hist þrisvar sinnum. Fyrsti fundurinn var haldinn í Kaupmannahöfn í mars á þessu ári, sem og annar fundurinn sem var haldinn í maí. Sá fundur var haldinn í tengslum við ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem niðurstöður PIAAC á Norðurlöndunum voru kynntar. Þriðji fundurinn var haldinn í september í Stokkhólmi og fjórði og síðasti fundurinn verður væntanlega haldinn í desember í Helsinki. Gert er ráð fyrir að skýrsla vinnuhópsins komi út fyrir hluta árs 2016.

Eins og kemur fram í grein í Guðfinnu Harðardóttur (2013) þá voru niðurstöður fyrstu PIAAC-könnunar OECD á grunnleikni fullorðinna gefnar út 2013. Í greininni kemur jafnframt fram að á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar hefur verið komið á fót norrænum gagnagrunni um grunnleikni fullorðinna sem byggist á upplýsingum úr PIAAC. Að þessari vinnu koma Norðmenn, Svíar, Danir, Finnar auk Eistlendinga. Skýrsla um stöðu grunnleikni á Norðurlöndunum og í Eistlandi var kynnt á ráðstefnunni í maí. Upplýsingar um niðurstöður úr skýrslunni má lesa í grein Anders Rosdahl í þessu riti. Ísland tók ekki þátt í PIAAC og því liggja niður-

stöður um stöðu fullorðinna á Íslandi varðandi grunnleikni ekki fyrir.

Auk þess að taka þátt í vinnuhópi NVL um grunnleikni þá tekur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þátt í vinnu evrópska samstarfsnetsins um eflingu grunnleikni fullorðinna (European Basic Skills Network, EBSN). Sýn EBSN er að öllum verði tryggður aðgangur að þjálfun þeirrar grunnleikni sem þarf til að geta verið virkir þátttakendur í námi, starfi og samfélagi. Nánari umfjöllun um EBSN má finna í grein í Gátt frá 2013. Jafnframt má finna umfjöllun um EBSN og áherslur í Evrópu varðandi grunnleikni í grein Gracielu Sbertoli, forystumanns EBSN, í þessu riti.

Einnig má nefna að hjá Evrópusambandinu hefur vinnuhópur unnið að lykiltillögum um fullorðinsfræðslu frá því í upphafi árs 2014. Meginviðfangsefnin eru þrískipt, það er skilvirkni í stefnumörkun um fullorðinsfræðslu, grunnleikni fullorðinna og upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið á fulltrúa í þessum vinnuhópi.

STAÐAN Á ÍSLANDI

Á Íslandi hefur grunnleikni ekki verið skilgreind sérstaklega þó svo að innan framhaldsfræðslunnar og víðar sé verið að

efla, á ýmsan hátt, þætti sem teljast til grunnleikni fullorðinna. Áherslan hefur einna helst verið á læsisþjálfun og þá gjarnan læsisþjálfun lesblindra. Þannig hafa námsskrárnar *Aftur í nám* og *Skref til sjálfshjálp* verið mikið notaðar í þeim tilgangi að efla færni í læsi. Í könnun, sem gerð var meðal þátttakenda, frá árinu 2009 kemur fram ótvíæð ánægja með námið og að langflestir töldu sig hafa gagn af því (Þóra Ásgeirsdóttir, 2009). Í mörgum námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er unnið með tölulæsi og notkun upplýsingatækni.

Þrátt fyrir að upplýsingar um stöðu fullorðinna á Íslandi í grunnleikni séu ekki tiltækar liggja ýmsar upplýsingar fyrir sem hægt er að nýta til að draga ályktanir um stöðu mála hér á landi, meðal annars í tengslum við yfirstandandi vinnu vinnuhóps NVL um grunnleikni.

Árið 2002 kom út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins skýrsla með niðurstöðum starfshóps um aukna lestrarfærni fullorðinna. Í skýrslunni koma fram tillögur að úrræðum og leiðum til að bæta stöðu fullorðinna með læsivanda. Af fyrirbyggjandi gögnum, sem kynnt eru í í skýrslu hópsins, er gert ráð fyrir því að lítil lestrarfærni há nálægt 35 þúsund einstaklingum á aldrinum 15–65 ára. Meðal tillagna í skýrslunni er að sett verði lög um greiningu og úrræði til að draga úr þeim vanda sem fylgir lítilli lestrarfærni, stofnuð verði læsismiðstöð til að samhæfa starfsemina og að byggð verði upp sérfræðiþekking á útstöðvum læsismiðstöðvar um allt land. Lagt er til að læsismiðstöðinni verði fundinn staður hjá, þá væntanlegri, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og að útstöðvarnar verði staðsettar hjá símenntunarmiðstöðvum (Menntamálaráðuneytið, 2002).

Í rannsókn á læsi meðal fullorðinna, sem hófst árið 2004 og lauk 2005, var markmiðið að kortleggja færni í lestri og ritun hjá dæmigerðum hópum á vinnumarkaði, flokkað eftir aldri, menntun og kyni. Staða þess hóps sem minnstum árangri náði í lestri í könnuninni er þó einnig greind. Niðurstöður þeirrar greiningar sýna að menntun skiptir talsverðu máli, af þeim sem eru með grunnmenntun falla 15% í slakasta hópinn, 8% þeirra sem eru með iðn- eða framhaldsnám en enginn þeirra sem er með háskólamenntun. Það kemur fram að þessi hópur gerir sér þó nokkra grein fyrir vanmætti sínum og vilji til úrbóta er til staðar hjá hópnum (Elisabet Arnardóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Amalía Björnsdóttir 2006).

Fræðslumiðstöðin tók þátt í norrænu verkefni á árunum 2005–2006 sem hafði það að markmiði að útbúa upp-

lýsingarpakka (DVD) um ýmis hjálpartæki við lestrar- og ritunarstuðning byggð á upplýsingatækni á Norðurlöndunum. Niðurstaða verkefnisins var að atvinnulífið geti lagt sitt af mörkum til þess að efla færni þess fólks sem stríðir við lestrar- og riterfiðleika með því að gera fólki kleift að nota mismunandi hjálpartæki á vinnustaðnum¹ (Sigrún Kristín Magnúsdóttir, 2006).

Af þessu sést að sitthvað hefur verið gert í tengslum við læsi fullorðinna á Íslandi, meðal annars innan framhaldsfræðslunnar en ljóst að mikilvægt er að nálgast grunnleikniþjálfun fullorðinna á skipulagðari og heildstæðari hátt en nú er gert. Þannig vantar frekari upplýsingar um stöðu fullorðinna á hinum grunnleiknisviðunum, þ.e. tölulæsi og upplýsingatækninotkun þó að einhverju leyti sé unnið með þessa þætti eins og áður hefur komið fram. En samkvæmt niðurstöðum PIAAC þá er tölulæsi mun mikilvægari þáttur hvað varðar þátttöku í atvinnulífinu en áður var talið.

Niðurstöður vinnuhóps um grunnleikni á Norðurlöndunum munu vonandi gagnast til að skerpa á þessum mála-flokki og vera innlegg í áframhaldandi vinnu á þessu sviði hér á landi eins og annars staðar á Norðurlöndunum.

HEIMILDASKRÁ

- Elisabet Arnardóttir, Guðmundur B. Kristmundsson og Amalía Björnsdóttir (2006). *Læsi fullorðinna, lesiðni og ritvenjur*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Guðfinna Harðardóttir (2013). PIAAC – Niðurstöður nýrrar OECD könnunar á grunnleikni fullorðinna. *Gátt – Ársrit um framhaldsfræðslu*.
- Guðfinna Harðardóttir, Halla Valgeirsdóttir og Sólborg Jónsdóttir (2013). Evrópskt samstarfsnet um grunnleikni. *Gátt – Ársrit um framhaldsfræðslu*.
- Menntamálaráðuneytið (2002). *Aukin lestrarfærni fullorðinna – Tillögur um úrræði og leiðir – Niðurstöður starfshóps*.
- Sigrún Kristín Magnúsdóttir (2006). *Lestrar- og ritstuðningur í atvinnulífinu. Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*.
- Þóra Ásgeirsdóttir (2009). Ég var bara tossi. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir þátttakendur í les- og skrifblindunámi á vegum símenntunarmiðstöðva. *Gátt – ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*.

UM HÖFUNDINN

Halla Valgeirsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni hennar tengjast námsskráskrifum. Hún var áður fræðslustjóri hjá Leikskólum Reykjavíkurborgar. Halla hefur lokið M.Ed.-prófi í menntunarfræði með áherslu á fræðslustarf með fullorðnum frá Háskóla Íslands og BA-prófi í félagsfræði frá sama skóla.

¹ Upplýsingar um DVD-diskinn má finna hjá TMF Tölvumiðstöð, <http://www.takterrassen.no/nils/is/>.

ABSTRACT

Information on the status of adult basic skills is not available in Iceland but the ETSC is working on projects connected to adult basic skills training, for example, in cooperation with Nordic Countries. The article outlines the projects that the ETSC is working on in this field and describes shortly its status in Iceland.

The Nordic Network for Adult Learning (NVL) organises a workgroup on basic skills. It is made up of representatives from Denmark, Sweden, Finland, Norway and Iceland. The aim of the group is to map basic skills training in the Nordic Countries, examine what is emphasised in each country, what challenges have to be met, and the status of quality issues, for example, in connection with the education and training of instructors and teachers in adult basic skills, what standards can be used to assess results and highlight successful projects on adult basic skills training. Additionally, the group is to analyse what to emphasise regarding adult basic skills training based on the results of the PIAAC survey in the Nordic Countries. In the survey the focus is on literacy, numeracy and problem-solving in technology-rich environments.

FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR OG INGIBJÖRG ELSA GUÐMUNDSDÓTTIR

MENNTUN NÚNA

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fékk styrk til að draga saman lærdóm af tilraunaverkefnum

Í maí 2011 efndu mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti til átaks undir yfirskriftinni Nám er vinnandi vegur (NVV) sem hafði að markmiði að efla menntun og auka atvinnutækifæri ungs fólks. Einnig var tekið mið af tveimur markmiðum úr stefnu ríkisstjórnarinnar *Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag* um að lækka hlutfall þeirra sem hafa ekki lokið framhaldsskólamenntun og draga úr neikvæðum áhrifum af langtímaatvinnuleysi. Fjármögnun átaksins var tryggð með samráði ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga. NVV lauk á miðju ári 2014. Snemma árs 2013 kynnti stýrihópur NVV hugmyndir að tilraunaverkefnum til að hækka menntunarstig á vinnumarkaði og lækka þar með hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi. Stýrihópurinn lagði til að tvö svæði yrðu valin til tveggja tilraunaverkefna, annars vegar Norðvesturkjördæmi og hins vegar Breiðholtshverfið í Reykjavík.

Við lok verkefnanna fékk Fræðslumiðstöð atvinnulífsins styrk til að draga saman lærdóm af tilraunaverkefnum og miðla áfram innan framhaldsfræðslunnar. Þessi grein byggist á lokaskýrslu þess verkefnis.

Menntun núna í Norðvesturkjördæmi var tilraunaverkefni um eflingu menntunar í kjördæminu. Markmið verkefnisins var að efla ráðgjöf til fyrirtækja um nám á vinnustað í Norðvesturkjördæmi, auka samstarf atvinnulífs og fræðsluaðila í kjördæminu um starfstengt nám, fjölga einstaklingum sem ljúka iðnnámi og efla íslenskukunnáttu innflytjenda í kjördæminu. Háskólinn á Bifröst hafði umsjón með framkvæmd tilraunaverkefnisins samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið. Undirbúningur hófst á vormánuðum 2013 og verkefninu lauk í mars 2015. Helstu samstarfsaðilar voru Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra, Framhaldsskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbrautaskóli Snæfellinga, Framhaldsskóli Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóli Vesturlands.

Helstu markmið og undirmarkmið verkefnisins voru:

- að efla ráðgjöf til fyrirtækja um sérsniðið nám á vinnustað með því að ráða og þjálfra fræðsluerindreka sem munu starfa hjá símenntunarmiðstöðvum í kjördæminu,



Fjóla María Lárusdóttir



Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

- að fræðsluerindreki stuðli að auknu samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila í kjördæminu um starfstengt nám með áherslu á nám í matvælaíðnaði og þjónustu,
- að fjölga einstaklingum sem ljúka iðnnámi með auknu aðgengi að raunfærnimati og stuðningi til að ljúka námi í beinu framhaldi af raunfærnimati,
- að efla íslenskukunnáttu innflytjenda með nýbreytni í kennsluháttum sem snúa að kennslu á vinnustað og þátttöku samstarfsfólks og vinnuveitenda,
- að standa fyrir ráðstefnu um bestu lausnir í íslenskukennslu í samstarfi við tilraunaverkefni í Breiðholti,
- að koma á markvissum samráðsvettvangi fræðsluaðila sem hefur það hlutverk að tryggja samræmt mat á einingum á milli skóla,
- að hvetja einstaklinga sem nýverð hafa hætt í framhaldsskóla til að hefja nám að nýju með boði um handleiðslu og aukinn stuðning náms- og starfsráðgjafa.

Menntun núna í Breiðholti var tilraunaverkefni um hverfisbundna nálgun við eflingu menntunar í hverfinu með sam-



Menntun núna á Bifröst.

starfi margra aðila. Meginmarkmið verkefnisins var að auðvelda fólki á aldrinum 18–54 ára, sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi, að hefja nám að nýju og að styrkja aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Verkefnið var vistað í Gerðubergi. Grunnhugmynd í verkefninu var að það nyti góðs af þeirri aðstöðu, félags- og menningarstarfi sem fram fer í Gerðubergi auk þess að byggja á þekkingu og reynslu samstarfsaðila í verkefnisstjórn. Reykjavíkurborg lagði til aðstöðu og vinnuframlag starfsmanna sinna og samstarfsaðilar lögðu til námskeið og ráðgjöf. Undirbúningur hófst í september 2013 og verkefninu lauk í ágúst 2015. Í verkefnisstjórn sátu fulltrúar samstarfsaðilanna. Helstu samstarfsaðilar voru Þjónustumiðstöð Breiðholts, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Mímir-símenntun, Námsflokkarnir, ÍÐAN fræðslusetur, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Efling stéttarfélag, Háskólinn í Reykjavík, Samtök ferðapjónustunnar, Tækniskólinn, VR, Vinnumálastofnun, Starf, Leikskólinn Miðberg, Borgarbókasafn, Myndlistaskóli Reykjavíkur, Fab Lab og Íslenskuþorpið. Verkefnisstjórn helstu hagsmunaaðila stýrði verkefninu ásamt verkefnisstjóra.

Helstu markmið og undirmarkmið verkefnisins voru:

- að efla menntun og stuðla að viðurkenningu á færni þeirra sem ekki hafa lokið prófi á framhaldsskólastigi,
- að efla innflytjendur með íslenskunámi og samfélagsfræðslu samhliða því að stuðla að viðurkenningu á menntun og færni sem aflað hefur verið í öðru landi,

- að efla þjónustu og stuðning við 18–25 ára sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla,
- að stuðla að aukinni umræðu og þátttöku íbúa í menntun og fræðslu í þeirra nærsamfélagi,
- að leita leiða til að auka og efla þjónustu við íbúa með samstarfi við þjónustuaðila á borð við sveitarfélög, framhaldsskóla, stéttarfélög og símenntunarmiðstöðvar um að veita nám og ráðgjöf til íbúa.

Helsti lærdómur af tilraunaverkefnunum *Menntun núna*

Með því að setja af stað tilraunaverkefni með fjármagni til að sinna ákveðnum verkþáttum næst upp kraftur, samstarf og hvatning sem eykur líkur á árangri. Allt kynningarstarf, sem fylgir fjölmörgum samstarfsaðilum, starfsmönnum á nýjum sviðum (fræðsluerindrekum, brúarsmiðum) og margvíslegum tengslum við markhópa, hefur margfeldisáhrif. Spurningakannanir í Menntun núna í Norðvesturkjördæmi, heimsóknir í fyrirtæki, námskeið og ráðgjöf snerta fjölda manns. Með fjármagninu fylgir líka möguleiki á að prófa margar aðferðir til að ná árangri. Það náðist til dæmis ekki til innflytjenda í Breiðholtsverkefninu með hefðbundnum kynningaráðferðum, kynningum í fyrirtækjum, auglýsingum, kynningu í Breiðholtsblaðinu og fleira heldur skipti máli að ná tengingu við tungumálasamfélög innflytjenda og hugtakið „brúarsmiður“ varð til. Greinilegt er að niðurstöður verkefnanna leiddu í ljós lærdóm sem byggja má á til framtíðar.



Sameiginlegur fundur FA og tilraunverkefnanna Menntun núna sem fram fór á Bifröst.

Hér á eftir fer samantekt á helsta lærdómi tilraunaverkefnanna Menntun núna í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi eftir skilgreindum efnisflokkum. Ýmist voru bæði verkefni á viðkomandi sviði eða aðeins annað þeirra.

Raunfærnimat: Það er athyglisvert hversu mikill munur var á velgengni tilraunaverkefnanna í raunfærnimati. Í Norðvesturkjördæmi hófu þrjú fræðsluáðilar raunfærnimat og náðu miklum árangri. Hópar urðu mjög stórir og áhugi mikill. Samstarf framhaldsfræðslu og framhaldsskóla var til fyrirmyndar í þeim verkefnum og á það bæði við um raunfærnimatið og tilboð um nám í framhaldi af því. Líta má svo á að svæðisbundin nálgun hafi eftir raunfærnimatið. Raunfærnimat á svæðinu fram að þessu hafði fyrst og fremst falist í því að vísa fólki annað. Segja má að með tilraunaverkefninu hafi bæst við þrjú öflugir aðilar í raunfærnimati. Önnur svæði geta hugsanlega nýtt sér þennan lærdóm með því að sameinast um markmið og leiðir í raunfærnimati á svæði.

Raunfærnimat náðist hins vegar ekki á flug í Breiðholti. Á höfuðborgarsvæðinu eru nokkrir aðilar sérhæfðir í raunfærnimati og var unnið í samstarfi við þá. Hugsanlega á hverfisnálgun ekki við í sama mæli um raunfærnimat eins og svæðisbundin nálgun. Einnig kann að hafa áhrif að raunfærnimat hefur verið í boði frá 2006 á höfuðborgarsvæðinu. Í Breiðholtsverkefninu urðu til bæklingar um raunfærnimat á níu tungumálum sem fræðsluáðilar um allt land geta nýtt sér

við kynningu á raunfærnimati (sjá heimsíðu verkefna: <http://menntun-nuna.is/is/node/6>).

Áhersla var á að fjölga iðnaðarmönnum í Norðvesturkjördæmi meðal annars með raunfærnimati. Liður í tilrauninni var að prófa stuðning og ráðgjöf við hópa sem ætluðu í raunfærnimat og nám í mismunandi greinum. Sú tilraun var ekki gerð meðal annars vegna ásóknar í aðrar greinar raunfærnimats en mikilvægt er að leita leiða til að aðstoða fjölbreytta hópa því ekki verður alltaf hægt að ná saman stórum hópum í mismunandi greinar á öllum svæðum.

Brotthvarfsnemar: Í báðum verkefnum var haft samband við brotthvarfsnema og þeim boðin ráðgjöf og nám. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa verkefnisins skipti þar miklu máli. Með þessari nálgun náðist góður árangur og mikilvægt er að finna leiðir til þess að halda þessu starfi áfram. Framhaldsskólarnir þurfa að bera ábyrgðina því þeir hafa listana yfir brotthvarfið en mikilvægi samstarfsins við framhaldsfræðsluna kom í ljós því mörgum hentaði úrræði framhaldsfræðslunnar ekki síður en framhaldsskólans. Af þessu verkefni spratt einnig sú hugmynd að bjóða þeim, sem ekki komust að í Fjölbrotarskólanum í Breiðholti, inn í úrræði framhaldsfræðslunnar og það margir það. Samstarf framhaldsfræðslu og framhaldsskóla og gagnkvæmt traust var þarna afar mikilvægt. Þrátt fyrir gott gengi voru einstaklingarnir ekki margir sem tóku þátt og því má spyrja sig að því á hvaða hátt væri best að halda þessu starfi áfram. Æskilegt er



Menntun núna í Norðvesturkjördæmi.

að vinna á fyrirbyggjandi hátt innan skólakerfisins, til dæmis með því að skima fyrir hindrunum af ýmsum toga sem vitað er að geta leitt til brottfalls. Einnig er mikilvægt að geta vísað námsmönnum, sem ekki fá aðgang að framhaldsskóla, til framhaldsfræðslunnar. Þar myndu aldursmörk framhaldsfræðslunnar valda vanda. Skoða mætti hvort miðlæg nálgun við brotthvarfsnema væri hagkvæmari, til dæmis með því að koma á laggirnar miðlægre náms- og starfsráðgjafþjónustu sem ynni með brotthvarf um allt land, vísaði á úrræði og fylgdist með árangri.

Innflytjendur: Bæði verkefni höfðu það markmið að ná til innflytjenda og efla íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir þá með nýbreytni í kennsluháttum.

Árangur af íslenskukennslunni var góður, nýjar aðferðir voru prófaðar, haldin námskeið fyrir fyrirtæki, í auknum mæli var stuðst við túlka eða brúarsmiði, Íslenskuþorpið (þróað í Háskóla Íslands) var yfirfært á nýjan hóp, fjarkennsla fyrir starfsmenn fyrirtækis var prófuð og prófað að fela kvenfélagi kennslu í litlu þorpi. Mikil er hægt að læra af þessum tilraunum og mikilvægt að miðla þeim til fleiri aðila. Notkun á túlkum við íslenskukennslu var umdeild en flestum fannst kostirnir fleiri en gallarnir. Hugsanlega þarf að leggja skýrari línur um hlutverk túlka á námskeiðum ef þeir eru ekki sjálfir kennarar. Íslenskukennsla á vegum kvenfélags reyndist vel og tengdust nemendur kvenfélagskonum gegnum kennsluna og urðu þar með virkari þátttakendur í samfélaginu. Gæðin voru tryggð þar sem kennarar í kvenfélaginu báru ábyrgð á námskeiðinu. Þetta verkefni er ekki tilbúið til yfirfærslu en

athyglisvert væri að halda þessu starfi áfram. Íslenskuþorpið er einnig leið sem væri æskilegt að prófa áfram því þar er líka áhersla á samfélagslega þátttöku. Fjarkennslan gekk ekki jafn vel, m.a. vegna skorts á tölvum og netaðgangi og virðist ekki hafa náð til hópsins. Brotthvarf var því mikið eða 65% í því námskeiði. Búin voru til stutt kennslumyndbönd á Youtube sem gætu nýst áfram. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar með fjarkennslu fyrir markhópa framhaldsfræðslu og væri æskilegt að ná þeirri reynslu saman og miðla henni innan framhaldsfræðslunnar.

Í Breiðholtsverkefninu var einnig áhersla á að meta þekkingu innflytjenda og færni sem aflað var í öðru landi. Ekki tókst að ná árangri í þessum lið verkefnisins. Lítil sem engin aðsókn var í opna ráðgjafartíma (3 á haustönn) og aðrar leiðir sem reyndar voru gengu ekki betur. Hins vegar var unnið yfirlit yfir ferli slíks mats í tengslum við ólíkar starfsgreinar sem sjá má á heimasíðu verkefnisins: <http://menntun-nuna.is/is/node/6>.

Þegar starfsmenn tilraunaverkefnanna hittust og fóru yfir málin kom í ljós að ýmislegt var í ólestri varðandi upplýsingagjöf og móttöku innflytjenda. Það er mikill áhugi á að bæta úr þessu en að stórum hluta er þetta hlutverk stjórnvalda. Ekki gengur vel að ná eyrum þeirra. Afurð þessa viðfangsefnis er engu að síður rammi fyrir móttökuvíðtal en um það er fjallað nánar í sérstakri grein í ritinu. Hann getur nýst fleirum en stjórnvöldum og hefur FA fyrirhugað að bjóða upp á námskeið um helstu atriði í móttöku innflytjenda næsta vetur og miðla þannig þeirri þekkingu sem varð til í tilraunaverkefninu.

Fræðsluerindrekar: Þetta verkefni var á hendi tilraunaverkefnisins í Norðvesturkjördæmi. Markmiðið var að efla ráðgjöf til fyrirtækja um sérsniðið nám á vinnustað og stuðla að auknu samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila um starfstengt nám með áherslu á matvælaíðnað og þjónustu. Það er ljóst að fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum fannst mikils virði að fá til liðs við sig fleiri starfsmenn með fjölbreytta reynslu sem fóru út í fyrirtæki og stofnanir. Það kom hins vegar skýrt fram á málþingi að fagleg þekking fræðsluerindrekanna skipti miklu máli. Þar sem ekki er hægt að reikna með að hægt verði að ráða fræðsluerindreka á öllum starfssviðum eins fræðsluaðila þarf að finna nýjar lausnir. Hugsanlega má leggja áherslu á að þjálfa náms- og starfsráðgjafa á vettvangi framhaldsfræðslunnar til þessara starfa og er vísir að þessu verklagi í þróun hjá FA gegnum evrópskt samstarfsverkefni

sem nefnist Worklife guidance. Einnig er ástæða til að skoða tengingar við *Markviss* ráðgjöf símenntunarmiðstöðvanna í þessu samhengi.

Ráðgjöf: Árangursmarkmið í ráðgjöf voru eingöngu sett í Breiðholtsverkefningu og náðust þau með samstarfi stofnana. Opna og miðlæga ráðgjöfin í Gerðubergi reyndist ekki sem skyldi. Ljóst er að sækja þarf markhópa eftir öðrum leiðum, meðal annars voru brúarsmiðir mikilvægir í að ná til innflytjenda. Einnig var mikilvægt að veita stuðning í námsleiðum. Miðlun upplýsinga til ráðgjafa hjá stofnunum borgarinnar um framhaldsfræðslu og þverfaglegt samstarf ráðgjafa í nálgun við markhópsins var nýlunda sem gekk vel og ástæða til að hvatt sé til áfram. Félagsþjónusta Breiðholts var sérstaklega mikilvæg í þessu samhengi. Það er umhugsunarefni hvernig hægt er að efla samstarf framhaldsfræðslu og félagsþjónustu því þarna er sannarlega á ferðinni markhópur framhaldsfræðslulaga.

Fræðsla: Í báðum verkefnum var boðið upp á margvíslega fræðslu, bæði lengri námsbrautir og styttri námskeið. Í Breiðholti voru námskeiðin í boði fyrir einstaklinga, meðan lögð var áhersla á samstarf við fyrirtæki í Norðvesturkjördæminu.

Nokkrar nýjungar voru reyndar í kennslu og má nefna námskeiðið Öruggt atferli þar sem kennarinn fór stutta stund í einu til fyrirtækis og kenndi starfsmönnum á vinnustaðnum, skoðaði með þeim árangurinn og byggði áframhaldandi kennslu á honum. Nýjungar voru einnig reyndar í íslenskukennslu með misjöfnum árangri en oftast góðum og er gerð grein fyrir þeim hér að ofan. Í Norðvesturkjördæmi var veitt fjármagni til námskeiðahalds og hönnunar náms. Í sumum tilfellum er vinnsla enn í gangi og niðurstöður því ekki komnar í ljós. Til dæmis eru vonir bundnar við námsleiðina *Tæknistöðir* sem er í hönnun og prófun.

Einnig má nefna fjölbreytt námsframboð í Breiðholti, meðal annars fría fimmtudagsfræðslusem gæti verið skemmtileg leið fyrir símenntunarmiðstöðvar að taka upp og ná þannig til fleiri markhópa.

Viðurkenning á námi: Þetta viðfangsefni gekk illa í báðum tilraunaverkefnum. Það er miður þar sem þetta er mjög mikilvægt viðfangsefni í framhaldsfræðslunni. Ýmislegt hefur verið reynt til að ná betri árangri í mati milli kerfa, framhaldsskóla og framhaldsfræðslu þau 12 ár sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfað og vissulega hefur miðað

áfram. Á sameiginlegum fundi á Bifröst kom fram að vonir eru einkum bundnar við að hæfniramminn, (hæfniprepinn og lærdómsviðmiðin) muni auðvelda mat á námi. Samstarf fræðsluaðila er að aukast og getur það einnig greitt þessa leið. Það er spurning hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið verði ekki að taka á þessu máli til að raunverulegur árangur náist.

Samstarf þvert á kerfi: Fram kom á sameiginlegum fundi þeirra sem unnu verkefningu og FA á Bifröst að vel hafi gengið að byggja upp samstarfið og tengslanetið og að það hafi leitt af sér meira traust og betri skilning á þörf fyrir fræðslu og stuðning á svæðunum. Mikilvægt er að samstarfsvettvangur skóla og símenntunarmiðstöðva fái tækifæri til að halda áfram að þróast. Í báðum verkefnum reyndist vel að hefja samstarf þvert á kerfi, það er í Breiðholti með samstarfi skóla, framhaldsfræðsluaðila, félagsþjónustu og fyrirtækja en í Norðvesturkjördæmi með samstarfi fyrirtækja, skóla og



framhaldsfræðsluaðila. Ávinningur reyndist vera af því að efla tengsl starfsfólks þvert á kerfi. Hugsanlega má síðan efla samstarf náms- og starfsráðgjafa þvert á kerfi en slík vinna er í undirbúningi hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í tilraunaverkefnum er jafn mikill lærdómur í því sem tekst vel og því sem tekst síður. Mjög margt gekk vel í tilraunaverkefnunum og mikilvægt að miðla þeirri þekkingu áfram. Varðandi það sem gekk verr er mikilvægt að greina ástæður og sóknarfæri eða mögulegar lausnir og halda áfram prófunum á þeim. Þróunarsjóður framhaldsfræðslu getur verið tæki til þess.

Nánari upplýsingar má sjá í lokaskýrslum verkefnanna á vefsíðunni <http://menntun-nuna.is/> og einnig í skýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um lærdóminn af tilraunaverkefnunum á vefsíðu FA http://frae.is/media/73317/SkyrslaMenntunNuna_FA_2015.pdf

UM HÖFUNDANA

Fjóra María Lárusdóttir hefur starfað sem náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins frá árinu 2003 en vann m.a. áður hjá MFA og Mími-símenntun. Hún hefur lokið M.Sc.-prófi í náms- og starfsráðgjöf frá California State University á Long Beach og B.Ed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands. Helstu verkefni hennar tengjast náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu og mati á raunfærni.

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Hún hefur BA-próf í sálfræði, kennsluréttindi frá HÍ, M.Ed.-próf í kennslufræðum frá Harvard-háskóla í Bandaríkjunum og framhaldsmenntun í fullorðinsfræðslu frá Háskólanum í Linköping í Svíþjóð. Ingibjörg hefur unnið við fullorðinsfræðslu frá 1985 við stjórnun, kennslu og skipulagningu, m.a. hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og Tólmstundaskólanum. Hún hefur einnig tekið þátt í bæði evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar.

ABSTRACT

In May 2011 the Ministry of Education, Science and Culture and the Ministry of Welfare launched a campaign project titled "Learning is a Way to Work" (NVV), aimed at enhancing the education and increasing the employment opportunities of young people. In addition, two objectives from "Iceland 2020 – governmental policy statement for the economy and community" of lowering the proportion of those Icelanders who have not completed formal secondary education and to reduce the negative effects of long-term unemployment. The financing of the project was secured by the cooperation of the government and social partners as part of wage agreements. The NVV project was completed in the middle of 2014. Early in 2013 the NVV steering group presented ideas for experimental projects to raise the level of education on the job market and thereby lowering the percentage of those who have not completed formal secondary school education. The steering group recommended two regions for the experimental projects: the north-western constituency and the Breiðholti neighbourhood in Reykjavík.

ELSA ARNARDÓTTIR

VELKOMIN TIL ÍSLANDS – MÓTTAKA INNFLYJTJENDA

Hér í greininni er fjallað um verkefni sem var hluti tilraunaverkefnisins Menntun núna í Breiðholti. Þar voru tekin rýnihópaviðtöl og einstaklingsviðtöl við innflytjendur á íslenskunámskeiðum í Gerðubergi og kannað hvort þeir hafi fengið nægar upplýsingar um búsetu á Íslandi. Kennararnir á íslenskunámskeiðunum sem töluðu móðurmál nemenda aðstoðuðu við þróun viðtalsrammans og töluðu við nemendur. Jafnframt verður sagt stuttlega frá tveimur verkefnum sem eru í burðarliðnum hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og byggja á móttökuverkefninu. Námskeið fyrir svokallaða brúarsmiði eða menningarmiðlara annars vegar og námskeið um móttöku innflytjenda fyrir starfsfólk framhalds- og fullorðinsfræðslunnar sem kemur að þjónustu við innflytjendur hins vegar.

Niðurstaða viðtalanna leiddi í ljós að upplýsingamiðlun er ábótavant. Þær upplýsingar sem eru til staðar ná ekki alltaf til fólks vegna þess að aðgengi að þeim fer eftir tungumálakunnáttu. Hægt væri að nýta þekkingu og reynslu þeirra innflytjenda sem hér búa og hafa lært íslensku, við að miðla upplýsingum með mun markvissari hætti. Upplýsingamiðlun til einstaklinga sem eru að setjast að í nýju landi er flókin og þarf að taka mið af ólíkum þörfum þeirra og fjölskyldna þeirra. Samþætta og samræma verður upplýsingamiðlunina og innflytjendur þurfa að fá móttökuvíðtal þar sem farið er yfir helstu atriði er varða löglega búsetu, íslenskunám, mat á menntun, og réttindi og skyldur borgaranna. Jafnframt þarf fólk að geta fengið upplýsingar um hvernig íslenskt velferðarkerfi er upp byggt og hvert það getur leitað eftir frekari upplýsingum, ráðgjöf og þjónustu.




Elsa Arnardóttir

Flestir ef ekki allir sem hafa sest að í nýju landi hafa kynnst því hversu flókið og erfitt það getur verið að fóta sig í nýju samfélagi. Að vel sé tekið á móti fólki sem hingað flytur erlendis frá getur skipt sköpum um það hvernig því muni ganga að skapa sér og fjölskyldu sinni gott líf.

Í verkefninu var kannað hvort og þá með hvaða hætti, ætti að taka á móti nýjum íbúum af erlendum uppruna. Leiðin sem var valin felst í því að öllum sem hingað flytja verður boðið upp á svokallað móttökuvíðtal sem fyrst eftir komuna til landsins. Tilgangurinn er að fólk finni sig velkomið og fái allar grunnupplýsingar og upplýsingaefni er varðar búsetuna

Mynd 1 – Innflytjendur í Efra-Breiðholti 1998–2014.



Heimild Hagstofa Íslands 2015

í nýju landi. Í viðtalinu gefst fólki jafnframt tækifæri til að spyrja að því hvert hægt sé að leita eftir frekari fræðslu og upplýsingum.

AF HVERJU VAR LÖGÐ ÁHERSLA Á MÓTTÖKUVÍÐTAL Í VERKEFNINU MENNTUN NÚNA Í BREIÐHOLTI?

Þegar íbúasamsetningin í Breiðholti er skoðuð er svarið nokkuð augljóst. Um síðustu áramót hafði rétt rúmlega fjórði hver íbúi í efra Breiðholti innflytjendabakgrunn,¹ eða samtals 2.253 einstaklingar, en árið 1998 var hlutfallið aðeins 3%. Á þjónustusvæði þjónustumiðstöðvar Breiðholts voru um síðustu áramót samtals 3.995 íbúar af erlendum uppruna og jafnmargir innflytjendur er ekki í neinu hverfi borgarinnar eða öðrum sveitarfélögum í landinu.

1 Í tölum Hagstofu Íslands er *innflytjandi* skilgreindur sem einstaklingur sem fæðist erlendis og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn, þ.e. eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis.

Í verkefninu voru mörg íslenskunámskeið haldin í Gerðubergi og á nokkrum byrjendanámskeiðum voru kennarar sem töluðu móðurmál nemenda. Við það skapaðist kærkomið tækifæri til upplýsingaöflunar og -miðlunar til nemenda sem annars hefði ekki verið hægt að hafa samskipti við. Af viðbrögðum nemenda við námskeiðunum var líka augljóst að það skipti þá miklu máli að geta spurt og átt samskipti við kennarann á sínu móðurmáli bæði um íslenskunámið og búsetuna á Íslandi.

Kennararnir voru allir konur og engir nýgræðingar í því að kynna fyrir fólki hvernig íslenskt samfélag er upp byggt og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Í fyrsta lagi höfðu þær sjálfar gengið í gegnum þá reynslu að setjast að á Íslandi. Jafnframt höfðu þær sumar aðstoðað samlanda sína, og/eða þá sem tala sama tungumál og þær í samskiptum við opinberar stofnanir í rúmlega áratug eða meira. Þær höfðu því ekki bara sýn á hlutina út frá eigin persónulegu reynslu heldur einnig út frá reynslu fjölda fólks sem þær höfðu aðstoðað og leiðbeint í gegnum árin. Allar höfðu þær reynslu af því að túlka, kenna íslensku, kenna börnum móðurmál og starfa með félögum innflytjenda og bjuggu yfir mikilli þekkingu á málefnum innflytjenda.

Því var hugmyndin og síðan drögin að móttökuvíðtalinu kynnt, skoðuð og gagnrýnd af kennarahópnum áður en viðtalsramminn var tekinn til umfjöllunar í einstökum nemendahópum.

Rætt var sérstaklega hvort kennararnir teldu mjög mismikla þörf fyrir upplýsingar bæði innan tungumálahópa og etnískra hópa annars vegar og á milli ólíkra tungumálahópa hins vegar. Svárið er ekki einfalt. Alþjóðlegir samningar hafa mikil áhrif á það hvaða upplýsingar fólk þarfnast og þá skiptir ríkisfang öllu máli. Jafnframt má segja að því ólíkari sem menningin og tungumálið er, því meiri þörf er fyrir upplýsingar og fræðslu. Má þar nefna upplýsingar um barnavernd og útivistartíma barna, hvernig mæðravernd er háttað og réttindi samkynhneigðra svo eitthvað sé talið. En allir voru sammála um að bæði menntun og tungumálakunnátta hefur mikið að segja um hvernig fólki gengur að aðlagast og læra íslensku. Ekki er hægt að alhæfa í þessu efni, því einstaklingarnir eru ólíkir þó menningin sé sú sama, og margir fleiri þættir hafa áhrif. Allir viðmælendur lögðu áherslu á það að til þess að móttökuvíðtalið skili árangri þurfi viðmót þess sem tekur viðtalið að vera jákvætt og hvetjandi.

Brýn þörf er á að skoða betur hversu fjölbreytt og sveigjanleg vel heppnuð ráðgjöf og fræðsla þarf að vera fyrir fólk

sem er nýkomið til landsins. Niðurstaðan var sú að best væri að hlutlaus aðili myndi hýsa verkefnið og var leitað eftir því hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands þar sem undirtektir voru jákvæðar. Mannréttindaskrifstofa Íslands sinnir lögfræðiráðgjöf til innflytjenda og hefur gert um árabíl. Framkvæmdin var sömuleiðis rædd og ákveðið var að til þess að byggja upp sem mest traust þá væri best að sá sem tæki viðtalið og viðmælandinn sætu hlið við hlið. Með því móti gæti viðmælandi jafnframt séð á tölvu spyrjandans og auðveldara yrði að miðla upplýsingum af skjánum.

Jafnframt var það rætt að halda þyrfti skráningum á persónulegum upplýsingum í lágmarki. Lögð var áhersla á að einungis þegar fólk þyrfti aðstoð í samskiptum við aðrar stofnanir ætti að skrá persónulegar upplýsingarnar og að þeim yrði eytt um leið og mál væru afgreidd. Einstaklingurinn sem um ræðir á alltaf að vera viðtakandi í tölvupóstum og ef hann er ekki með tölvupóstfang þarf að aðstoða hann við að stofna það. Fyrirspurnir sem sendar eru með tölvupósti þurfa helst að vera bæði á íslensku og á móðurmáli spyrjandans.

Brýnt er að festa betur í sessi vinnubrögð sem tryggja að engar upplýsingar berist á milli aðila án vitundar spyrjandans. Einnig að hann viti af því þegar svör berast og geti þá leitað eftir upplýsingum um hvað felist í svarinu.

MÓTTÖKUVIÐTALIÐ

Við mótun viðtalsins var stuðst við upplýsingar frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Fjölmenningssetri og Mannréttindaskrifstofu Íslands um það hvaða upplýsingum fólk leitar eftir.

Tekin voru rýnihópaviðtöl við fimm hópa, í einu tilviki var fenginn túlkur en í hin skiptin sáu kennararnir, sem allir töluðu tungumál nemenda, um að stýra viðtölunum og/eða túlka þau.

Í rýnihópunum var stuðst við ramma sem hafði verið útbúinn fyrir móttökuvíðtöl.

Þemun í ramma viðtalsins voru:

- Lögleg búseta, dvalarleyfi, lögheimili
- Upplýsingar
- Mat á menntun
- Íslenskunám
- Barnafjölskyldur
- Trúfélög og félög innflytjenda
- Tólmundastarf
- Er eitthvað sem þú vilt spyrja um að lokum?



Á myndinni eru kennarar í íslensku og verkefnisstjórar í Menntun núna sem m.a. unnu að móttökuvíðtalinu. Frá vinstri; Mirela Protopapa, Renata Agnes Edwardsdóttir, Elsa Arnardóttir, Marina de Quintanilha e Mendonça, Stefania Kristinsdóttir og Vilma Kinderyte.

LÖGLEG BÚSETA/DVALARLEYFI LÖGHEIMILI

Nemendur voru sammála um nauðsyn þess að fólk fengi upplýsingar sem fyrst eftir komuna til landsins á tungumáli sem það skilur. Þeir töldu það líka lykiltríði að sá sem tekur viðtölin búi yfir menningarfærni og hafi skilning á því samfélagi/menningu sem viðkomandi kemur úr.

Þær upplýsingar sem til eru, virðast ekki skila sér sem skyldi til innflytjenda. Þar á meðal má nefna bæklinginn *Fyrstu Skrefin*,² sem Fjölmenningarsetrið hefur tekið saman og gefið út á 8 tungumálum. Í bæklingnum er að finna upplýsingar fyrir fólk sem hingað flytur erlendis frá. Þýða þyrfti bæklinginn á fleiri tungumál og dreifa honum með markvissari hætti. Bæklingurinn er sem dæmi ekki til á portúgölsku og arabísku, þannig að þeir viðmælendur okkar sem tala þau tungumál hafa engan aðgang að sambærilegum upplýsingum.

Þeir sem höfðu fengið bæklinginn *Fyrstu skrefin* voru almennt ánægðir með hann. Þeim fannst þó vanta í hann betri upplýsingar um skólakerfið, ítarlegri upplýsingar um vinnu og húsnæðismál og upplýsingar um móðurmálskennslu. Í portúgalska hópnum var hluti nemenda sem vantaði upplýsingar um hversu lengi þau hefðu dvalarleyfi, hversu lengi það gildi og hvaða reglur gildi um endurnýjun þess. Í tailenska, arabíska og portúgalska/spænska hópnum var mjög áberandi hvað fólk vantaði upplýsingar um alla mögulega hluti er varða sameiningu fjölskyldu. Hafði foreldrum gengið illa að fá að vita hvort börn þeirra, sem ennþá eru í heimalandinu, geti

komið til Íslands og þarf væntanlega ekki að útskýra fyrir fólki hvað slíkt veldur mikilli vanlíðan og hugarangri.

Langalgengast var að fólk fengi upplýsingar frá ættingjum, vinum og samstarfsfólki og er það í samræmi við niðurstöður kannana sem Fjölmenningarsetrið hefur staðið fyrir (Rúnar Helgi Haraldsson, 2015).

Í ljós kom að fólk skorti upplýsingar um hvar það gæti fundið þær upplýsingar sem eru til á þeirra tungumáli enda er oft flókið að finna þær og þarf fólk mjög oft að byrja á að leita á ensku síðunni. Mjög virðist skorta á að innflytjendum séu kynntir möguleikar rafrænnar stjórnsýslu, mjög fáir þekktu mentorkerfið í grunn- og framhaldsskólum og enn færri höfðu minnstu hugmynd um Íslykilinn.

Niðurstöðurnar benda til að Pólverjar standi betur að vígi en til dæmis Tailendingar og Litháar hvað varðar aðgengi að upplýsingum. Það skýrist væntanlega af því að Pólverjar eru langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi og margir í þeirra hópi hafa náð góðum tókum á íslenskunni og geta því aðstoðað samlanda sína. Einnig hefur töluvert af upplýsingum verið þýtt á pólsku, fólk hefur aðgengi að pólskumælandi starfsfólki hjá ýmsum stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Þó er það engan veginn þannig að allir Pólverjar sem hingað flytja hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar við upphaf búsetunnar.³

² Bæklinginn *Fyrstu skrefin* er hægt að nálgast á heimasíðu Fjölmenningarseturs www.mcc.is

³ Erlendir ríkisborgarar á Íslandi voru 2014 22.744 talsins. Langfjölmennasti hópurinn eru Pólverjar eða 10.224. Þeim hefur fjölgað um tæplega 1.000 manns á milli ára, árið 2013 voru þeir 9.363 talsins. Pólverjar nálgast að vera um helmingur allra erlendra ríkisborgara á Íslandi eða 45%. Næstfjölmennustu erlendu ríkisborgararnir eru Litháar. Þeir eru 1.659 talsins en voru 1.589 árið áður. Þar á eftir koma Danir 915 manns, Þjóðverjar 910, Lettar 696, Bretar 614, Bandarískir ríkisborgarar á Íslandi eru 607 talsins, Filippseyingar 558 og Tailendingar 531 (Hagstofa Íslands 2014).

MAT Á MENNTUN

Eitt helsta markmið verkefnisins *Menntun núna* var að leitast við að hækka menntunarstig íbúanna. Þegar kemur að innflytjendum eru upplýsingar menntun fólks hins vegar mjög takmarkaðar og stundum engar. Því var mikil áhersla lögð á að bjóða öllum sem þess óskuðu aðstoð við að fá menntun sína metna. Útbúnað voru sérstaklega upplýsingar til að auðvelda það ferli (*Menntun núna* í Breiðholti). Nemendur sem tala tailensku eða arabísku sögðu að það þýddi ekkert að tala um mat á menntun í þeirra tilvikum, því ef maður kann ekki íslensku þá gagnast námið hvort sem er ekki. Meira að segja gætti nokkurs vonleysis meðal þeirra, þar sem þau sögðust aldrei myndu læra nógu góða íslensku til að geta nýtt menntun sína á Íslandi.

ÍSLENSKUNÁM

Ákveðins misræmis virðist gæta í annars vegar kröfum og hins vegar möguleikum innflytjendanna til að læra íslensku. Þrátt fyrir að það sé mikilvægt samfélaginu og vinnumarkaðinum að innflytjendur læri tungumálið, svo hægt sé að nýta sem best vinnuframlag þeirra og menntun, þá er íslenskukennslunni og fyrirkomulagi hennar um margt ábótavant. Íslenskukennslan er mjög dreifð, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Það jákvæða við það að margir aðilar sinni kennslunni er að fjölbreytni í kennsluáferðum er töluverð. En það skilar sér ekki sem skyldi til fólks því litlar upplýsingar eru um námið á öðrum tungumálum en íslensku og ensku. (Arnar Pálsson, 2015). En nemendur lögðu áherslu á íslenskukennslu sem fyrstu og mikilvægustu skrefin í að kynna og aðlagast íslensku samfélagi. Nemendur bentu á að það væri hægt að nota facebook mikið betur til að auglýsa námskeið því að flestir málahópar væru með facebook síður. Mörgum nemendum fannst stéttarfélag mjög sjaldan eða næstum aldrei kynna útlendingum rétt þeirra til að fá styrk til námsins.

Nemendur í arabíska og tailenska hópnum lögðu mikla áherslu á að þau þyrftu miklu meiri kennslu. Námið þyrfti að vera ókeypis og í einhverjum tilvikum væri nauðsynlegt að fólk væri á launum til þess að hafa raunverulega kost á því að læra tungumálið. Jafnframt kom fram mikill áhugi í þessum tveimur hópum á því að læra eitthvað hagnýtt eða verklegt samhliða íslenskunáminu sem myndi styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði.

TRÚAR- OG LÍFSSKOÐUNARFÉLÖG

Skýrt kom fram að nemendur telja að foreldrar beri ábyrgð á trúfræðslu barna sinna. Nemendur sem tilheyrðu trúarbrögðum með aðra frídaga en haldnir eru hér á landi, tóku sérstaklega fram að þeir hefðu ekki lent í erfiðleikum heldur upplifðu þeir að skólinn sýndi börnum þeirra virðingu bæði hvað varðaði frídaga og mataræði. Í arabíska hópnum eru konur sem hylja hár sitt með slæðu og töluðu þær um að þær finndu fyrir fordómum á vinnumarkaði gagnvart slæðunotkuninni. Arabísku konurnar sögðu að börnin þeirra mættu fordómum í skólanum frá öðrum börnum vegna þeirrar neikvæðu fjölmiðlaumræðu sem á sér stað um menningu þeirra sem er gjarnan öfgafull og einsleit. Töldu þær að það þyrfti að beita fræðslu í skólunum gegn fordómum og að það skorti vettvang þar sem fólk geti hist og kynnst fólki úr ólíkum menningum og trúarbrögðum.

BARNAFJÖLSKYLDUR

Betur þarf að hlúa að fjölskyldum og rík þörf er á að veita fólki upplýsingar um barnaverndarlög á Íslandi og hvernig barnavernd gengur hér fyrir sig. Fólk bað um upplýsingar um menntakerfið, réttindi og skyldur grunnskólabarna, þær leiðir sem í boði eru fyrir unglunga á framhaldsskólaaldri, og um hvers kyns aðstoð og styrki sem kunni að vera í boði. Fólk vildi fá að vita hvernig samskiptum milli skóla og foreldra er háttað og sumir foreldrar í nemandahópnum vissu ekkert um frístundakortið eða hverjir notkunarskilmálar þess eru.

Í öllum hópnum var lögð áhersla á nauðsyn þess að fjölskyldur fái upplýsingar um starfið í leik-, grunn- og framhaldsskóla og að skólustarf sé kynnt fyrir þeim með markvissum hætti. Fólk í pólska og litháíska hópnum töluðu um mikilvægi þess að Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar veiti þjónustu og ráðgjöf á þessum tungumálum fyrir barnafjölskyldur og arabísku konurnar sögðu frá því að nú væri búið að ráða starfsmann sem talar arabísku og fögnuðu þær því mjög. Um næstu áramót verður þessi miðlæga þjónusta Reykjavíkurborgar fyrir innflytjendur væntanlega lögð niður. Á þessari stundu er óljóst hvort og þá hvernig þjónustunni verður sinnt af einstökum þjónustumiðstöðvum.

Foreldrarinn í nemandahópnum virtust flest vita um þá móðurmálskennslu sem er í boði og rétt á túlkum í skólum. Það var þó mjög misjafnt hvernig fólk hafði fengið upplýsingar. Sumir höfðu fengið þær frá skólanum en margir Pólverjanna höfðu upplýsingarnar frá pólska skólanum.

HEILBRIGÐISKERFIÐ Á ÍSLANDI

Nemendur vissu mjög lítið um heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Þeir vissu ekki hvernig sótt er um heimilislækni eða hvernig afsláttarkortin virka, hvernig greiðsluþátttöku vegna lyfjakostnaðar er háttað og hvort greiða þurfi fyrir þjónustu tannlækna við börn svo eitthvað sé talið.

Einnig kom fram að innflytjendur hafa lítinn og jafnvel engan aðgang að sértækri þjónustu svo sem sálfræðiþjónustu. Það sama á við um ýmis úrræði er snúa að börnum, þar sem þau kunna ekki nægilega vel íslensku. Alltof fáir vissu að innflytjendur geta átt rétt á ókeypis túlkajónustu og fólk vantar meiri og betri upplýsingar um það hvenær það á rétt á þjónustu túlka.

Er eitthvað sem þú vilt spyrja um að lokum?

Er svo ein mikilvægasta spurningin í móttökuvíðtalinu.

NIÐURSTÖÐUR

Rannsóknir bæði hér á landi og erlendis hafa sýnt fram á að innflytjendur sem flytja á milli landa rekast á ýmsar hindranir, svo sem skort á upplýsingum um þjónustu og menningarmun á viðhorfi til þess að leita eftir aðstoð. Oft skortir á menningarnæmni þeirra sem veita þjónustuna. Fjárhagslegar hindranir eru einnig til staðar svo sem kostnaður við íslenskunám og stundum er skortur á þjónustu. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að mat á menntun og starfsreynslu innflytjenda er ein þeirra hindrana sem mæta innflytjendum.⁴

Þegar innflytjendur koma til nýs lands þurfa þeir aðstoð við að læra tungumálið og er það sérstaklega brýnt þegar um er að ræða tungumál sem einungis rúm þrjúhundruð þúsund manns tala. Oft er lítið sem ekkert til af efni fyrir fólk að styðjast við á sínu móðurmáli svo sem orðabækur og kennslubækur og á það sérstaklega við um þau tungumál sem eru hvað ólíkust íslenskunni.

Ef ekki er komið til móts við ólíkar þarfir innflytjenda fyrir upplýsingar, ráðgjöf og fræðslu er mikil hætta á því að einstaka hópar verði fyrir margþættri mismunum. Sem dæmi

um margþætta mismun má nefna að mun erfiðara er að standast kröfur um íslenskukunnáttu til að fá ríkisborgararétt, fyrir fólk sem hefur að móðurmáli tungumál sem er ólíkt íslensku. Tekjur og félagsleg staða hefur líka mikil áhrif enda er augljóst að þeim sem þurfa að vinna langan vinnudag gefst minni tími til að læra og eiga erfiðara með að sækja námskeið. Ef tekjur eru lágar fer jafnframt kostnaður vegna námskeiðsins að skipta verulegu máli. Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun (Friðgeir Andri Sverrisson, 2013) er fólk frá Asíu líklegast til að falla á íslenskuprófi sem er forsenda þess að fá ríkisborgararétt. Þetta er engan veginn ásætlanlegt. Ljóst er að auðvelda þarf fólk frá Asíu að ná tökum á íslenskunni. Ef uppruni hefur með þessum hætti áhrif á stöðu fólks er það dæmi um margþætta mismun.⁵

BRÝN ÞÖRF Á MÓTTÖKUVIÐTALI

Niðurstöðurnar úr viðtölunum benda tvímælalaust til þess að þörf sé á móttökuvíðtali því upplýsingar og þjónusta sem er til staðar nær ekki til fólks. Það er gríðarlega brýnt að mæta betur þörfum fólks fyrir upplýsingar um þjónustu og hlutverk stofnana samfélagsins, svo sem stofnana ríkis og sveitarfélaga, verkalýðsfélaga og fræðsluáðila í fullorðinsfræðslu. Það er afar mikilvægt að leggja þunga áherslu á að fólk þekki grundvallarréttindi sín. Hætt er við að fólk sem ekki þekkir þau verði hlunnfarið og því miður hafa komið upp tilfelli þar sem óprútttnir aðilar misnota sér viðkvæma stöðu fólks sem byggist ekki alltaf á því að réttarstaðan sé í raun viðkvæm heldur hinu, að fólk heldur að svo sé.

Ljóst er að aðlaga þarf upplýsingamiðlunina og móttökuvíðtölin að forsendum búsetu á Íslandi. Sumum finnst mikilvægt að vita allt sem snýr að vinnu á meðan aðra skiptir meira máli að fá réttar upplýsingar um lög og reglur er varða sameiningu fjölskyldu, fjármál og húsnæðismál. Sumir þurfa mikla fræðslu og leiðbeiningar til að fóta sig í íslenskum veruleika á meðan aðrir geta bjargað sér sjálfir með þær upplýsingar sem fyrir hendi eru.

Upplýsingamiðlunin er flókin og viðkvæm og þarf vart að útskýra hversu alvarlegt það er að fólk fái ekki réttar upplýsingar um það hvort það geti fengið til sín börnin sín sem búa í upprunalandi þeirra. Eftir því sem hóparnir fá minni

4 Fjöldi rannsókna og tölfræðigreininga sýnir fram á veika stöðu innflytjenda. Þar á meðal eru tölfræðigreining Fjölmenningsseturs og rannsóknir sem hafa verið unnar af Mirru, miðstöð innflytjendarannsókna. Einnig má benda á bókina *Racial Discrimination: Institutional patterns and politics* eftir Masoud Kamili prófessor við Uppsala háskóla og rannsóknina *Bridging the Gap on Social Services for Immigrants: A Community-Based Holistic Approach* sem var unnin af Shiba Guo, Háskólanum í Calgary.

5 Skilgreining á margþættri mismunum. Þegar fleiri en ein mismunarbreyta, t.d. kyn og þjóðerni skarast og samtvinnast. Neikvæð samlegðaráhrif slíkrar skörunar eru kölluð margþætt mismunum. Erindi Þorgerðar H. Þorvaldsdóttur á Jafnréttisþingi 2013.

upplýsingar verður meiri hættá á misskilningi og sögum um hvernig kerfið er sem eiga ekki við rök að styðjast. Dæmi um slíkt komu upp í öllum hópunum.

Áberandi var hversu margir viðmælendur í verkefninu *Menntun núna* höfðu oft komið að lokuðum dyrum og orðið fyrir vonbrigðum vegna skorts á lausnum og svörum við spurningum þeirra. Þeim hafði verið vísað á milli stofnana og fengið ólík svör stundum hjá sömu stofnun.

TILLÖGUR TIL ÚRBÓTA

Hingað til hefur ekki verið mótuð markviss heildarstefna af hálfu stjórnvalda um hvernig eigi að standa að móttöku fólks sem hingað flytur.

- Þekking innan kerfissins þarf að vera með þeim hætti að fólki sé vísað rétta boðleið og starfsfólk ríkis og sveitarfélaga þarf að fá fræðslu og upplýsingar sem gerir því kleift að veita fólki af erlendum uppruna sömu þjónustu og þrum íbúum landsins. Því markmiði verður ekki náð án þess að innleiða þá hugsun að jafnrétti verði ekki náð með því að veita öllum eins þjónustu heldur með því að mæta fólki þar sem það er statt varðandi þörfina fyrir upplýsingar og þjónustu.
- Efla þarf félög innflytjenda, auka samstarf og upplýsingamiðlun og skilgreina hvernig samstarfi opinberra aðila við félögin skuli vera háttað.
- Efla þarf samstarf opinberra stofnana, verkalýðsfélaga og frjálsra félagasamtaka. Líta ber á upplýsingamiðlunina heildstætt og út frá sjónarhorni notandans en ekki kerfisins.
- Útbúa þarf eina sameiginlega gátt fyrir upplýsingamiðlun. Innflytjendur þurfa móttökuviðtal þar sem farið er yfir helstu atriði er varða löglega búsetu, íslenskunám, mat á menntun, og réttindi og skyldur borgaranna. Jafnframt þarf fólk að geta fengið upplýsingar um hvernig íslenskt velferðarkerfi er uppbyggt og hvert hægt sé að leita eftir frekari upplýsingum, ráðgjöf og þjónustu.
- Gæta verður að hlutleysi þess sem sameinar þá þjónustu að það verði ekki aðili sem veitir þjónustu eða framfylgir lögum svo að fólk treysti þjónustunni og upplýsingunum.
- Framboð á byrjendanámskeiðum í íslensku þarf að vera mun markvissara og kynna þarf betur þá valkosti sem í boði eru. Kynna þarf betur fyrir fólki á vinnumarkaði rétt á styrkjum. Lækka þarf námsskeiðsgjöldin eða jafnvel

fella þau niður og skoða hvort að hægt sé að bjóða fólki upp á íslenskunám samhliða vinnu.

- Sérstaklega þarf að huga að þeim sem hafa litla sem enga formlega menntun, kunna ekki latneskt letur og jafnvel ekki að lesa á eigin móðurmáli. Við þessu er brýnt að bregðast strax við komuna til landsins svo fólk geti byggt upp kunnáttuna með markvissum hætti. Það væri til dæmis hægt að gera með því að bjóða upp á hagnýtt nám samhliða kennslunni.

Í verkefninu kom upp sú hugmynd að allir útlendingar sem hafa búið á Íslandi í minna en þrjú ár fengu ókeypis íslenskukennslu. Benda má á að í Svíþjóð hafa innflytjendur á fimmta áratug átt rétt á gjaldfrjálsri sænskukennslu.

Upplýsingamiðlun í formi ritaðs máls, svo sem í bæklingum og á heimasíðum, er mikilvæg en hefur þann ókost að svara ekki spurningum. Það að geta spurt er nauðsynlegt til að átta sig á því hvort maður hafi skilið hlutina rétt. Jafnframt eru fjölmargar undantekningar frá því sem fram kemur í bæklingum og á heimasíðum og getur reynst erfitt að ná utan um alla þá þætti er snerta líf fólks í nýju landi í einum litlum bæklingi.

KEMUR VERKEFNIÐ UM MÓTTÖKU INNFLYTJENDA TIL MEÐ NÝTAST?

Verkefninu *Menntun núna* í Breiðholti er lokið en enn er unnið með ýmsa þætti. Sem dæmi um það verða áfram íslenskunámskeið í boði í Gerðubergi og ennþá er starfandi samráðshópur ýmissa stofnana er hófu samstarf á meðan á verkefninu stóð. *Menntun núna* í Breiðholti liðsinnti Mannréttindaskrifstofu Íslands við að sækja um Erasmus+ styrk til að finna og þjálfva brúarsmiði/menningarmiðlara og hefur sá styrkur nú verið veittur. Að verkefninu koma einstaklingar sem vinna eða hafa unnið sem túlkar og verja oft hluta síns frítíma við að aðstoða landa sína sem ekki kunna íslensku og þurfa því aðstoð við alla þætti lífsins sem krefjast íslenskukunnáttu. Í verkefni Mannréttindaskrifstofu fá brúarsmiðirnir fræðslu og þjálfun í að veita fólki sem hingað flytur aðstoð og upplýsingar um réttindi þess og skyldur, mannréttindi og hlutverk hinna ýmsu stofnana, svo eitthvað sé upp talið. Mannréttindaskrifstofa Íslands er í samstarfi við samtökin Law for Life í Englandi og AVIJED (Association pour la Vulgarisation de l'Information Juridique er l'Éducation au Droit).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur lýst yfir áhuga á að

miðla þekkingu af verkefninu um móttöku innflytjenda áfram innan framhaldsfræðslunnar / fullorðinsfræðslunnar. Ætlinin er að halda eins dags námskeið þar sem fjallað yrði um móttöku fólks af erlendum uppruna og hvernig megi veita ráðgjöf og upplýsingar. Þar sem móttaka fólks af erlendum uppruna er víða brotakernd eru kennarar og ráðgjafar í fræðslugleiranum oft þeir aðilar sem þetta fólk leitar til. Það er því mikilvægt að starfsmenn fræðsluaðila séu vel að sér í helstu þáttum sem skipta máli fyrir stöðu fólks af erlendum uppruna á Íslandi. Vinnuáðferð: Innlögn kennara, samráð, samtöl, hópavinna.

Markmið námskeiðsins er að fjalla um eftirfarandi þætti:

- Hvaðan fær fólk af erlendum uppruna upplýsingar og hvert getur það leitað eftir frekari upplýsingum?
- Staða fólks af erlendum uppruna í íslensku samfélagi.
- Menning og bakgrunnur fólks af erlendum uppruna.
- Samstarf við túlka.
- Hvernig er æskilegt að taka á móti fólki af erlendum uppruna?

HEIMILDIR:

- Mennta- og menningamálaráðuneytið (2015). Úttekt á íslenskukennslu fyrir útlendinga. Reykjavík: Capacent. Sótt 23.10. af <http://brunnur.stjr.is/mnr/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=17AF25AF2B778CE300257E5E004EA359&action=openDocument>
- Friðgeir Andri Sverrisson, A. A. (2013). namsgagnastofnun.is.
- Friðgeir Andri Sverrisson, Auður Aðalsteinsdóttir og Sigurgrímur Skúlason (2013). Próf í íslensku fyrir umsækjendur um ríkisborgararétt. Skýrsla um framkvæmd og niðurstöður prófa árið 2013. Námsgagnastofnun. Sótt 23.10.2015 af <http://www.nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=-ba111bea-4da1-11e5-b091-0050568632e8>
- Rúnar Helgi Haraldsson, E. A. (2015). Rannsókn um margþætta mismunun. Fjölmenningssetur.
- Elsa Arnardóttir and Rúnar Helgi Haraldsson (2014). Origin and multiple discrimination. Sótt 23.10.2015 af <http://www.mcc.is/media/frettir/Progresskyrsla-mcc--2.pdf>
- Hagstofa Íslands (2015). *Innflytjendur í Efra-Breiðholti 1998-2014*. Sótt 23.10.2015 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Uppruni/MAN43006.px/?rxid=-d31cef27-2849-4238-b2a0-b93e4a2808c6
- Hagstofa Íslands (2014). *Mannfjöldi eftir ríkisfangi*. Sótt 23.10.2015 af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=226fe936-7216-4aa9-bcef-ac70981d46e8

UM HÖFUNDINN

Elsa Arnardóttir starfaði sem verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, í verkefninu *Menntun núna* í Breiðholti. Hún hefur lokið BA-gráðu í mannfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands og hefur stundað nám í kynjafræði til MA-gráðu við Háskóla

Íslands, með áherslu á margbreytileika. Á árunum 2001–2014 stýrði hún verkefni á Ísafirði sem hófst sem tilraunaverkefni til þriggja ára við að byggja upp þjónustu við innflytjendur en þróaðist síðan í stofnun, Fjölmenningssetrið, þegar hún hætti störfum þar um mitt síðasta ár. Elsa er í hlutastarfi sem verkefnisstjóri tveggja ára Erasmus+ verkefnis hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands þar sem þróað verður fræðsluefni fyrir brúarsmiði. Jafnframt er hún á öðru ári í textílnámi við Myndlistarskólann í Reykjavík.

ABSTRACT

Education in Breiðholti now is a project that is part of a more extensive pilot project. Immigrant focus groups and individuals were interviewed as they were taking courses in Icelandic as a second language at Gerðuberg Culture House, the aim being to find out if the students were getting adequate information concerning residence in Iceland. The teachers of these Icelandic courses who speak the students' native language assisted with developing the frame of the interviews and talked to the students. This is followed by a short description of two projects that are being developed by the Icelandic Human Rights Centre and the Education Training and Service Centre and are both based on the reception programme. These are, on the one hand, a course for the so-called bridge builders or cultural intermediaries and, on the other, a course on immigrant reception for those of the staff in adult education that are concerned with the service for immigrants.

The outcome of the interviews showed that distribution of information is inadequate. The information that is available does not always reach the people because access to them is based on language skills. The experience and knowledge of immigrants already living in Iceland and that have already learnt Icelandic could be used to spread information in a more effective way than is now the case. Information delivery for individuals settling in a new country is a complex process and has to take into consideration their needs and those of their families. The delivery has to be integrated and coordinated and the immigrants should get a reception interview where the main issues of legal residence are explained, in addition to Icelandic courses, assessment of education, and the rights and duties of citizens. At the same time, people need information on the structure of the Icelandic welfare system and where to seek further information, counselling and service.

GUÐMUNDA KRISTINSDÓTTIR

RAFRÆNAR VIÐURKENNINGAR

Leið til að staðfesta óformlegt nám



Guðmunda Kristinsdóttir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tekur þátt í norrænu samstarfsverkefni sem kallast *Open badges for adult educators*. Markmiðið með verkefninu er að nota rafrænar viðurkenningar til að auka notkun á upplýsingatækni og samfélagsmiðlum í fullorðinsfræðslu og að efla enn frekar umræðu um fullorðinsfræðslu á netinu.

Þátttaka í verkefninu hefur veitt okkur hjá FA innsýn í þá möguleika sem felast í notkun rafrænna viðurkenninga bæði fyrir okkur sjálf sem störfum í framhaldsfræðslu og fyrir námsmennina okkar. Hér er ferlinu við notkun rafrænna viðurkenninga lauslega lýst, settar fram nokkrar vangaveltur um notkunarmöguleika í framhaldsfræðslunni á Íslandi og einnig er sagt frá stöðunni í verkefninu sem hér var nefnt í byrjun.

HVAÐ ERU RAFRÆNAR VIÐURKENNINGAR?

Þeir sem tóku þátt í skátastarfi hér á árum áður muna eftir merkjunum sem saumuð voru á skátabúninginn. Merkin fengust fyrir að ljúka við fyrirfram skilgreind viðfangsefni, til dæmis að hnýta pelastikk, læra skátaheitið eða ljúka skyndihjálparnámskeiði. Merkin voru hvatakerfi fyrir einstaklinginn og gáfu öðrum myndrænar og vel skiljanlegar upplýsingar um hvar viðkomandi var staddur í því lærdómsumhverfi sem skátahreyfingin er.

Rafrænar viðurkenningar eða merki byggja á sömu hugmynd. Þær eru staðfesting á árangri af ýmsu tagi sem gera má sýnilegan á rafrænum miðlum og eru þannig hvatning fyrir einstaklinginn og hafa upplýsingagildi fyrir aðra. Rafrænar viðurkenningar hafa mun víðtækara notagildi en skátamerkin gömlu. Segja má að aðeins hugmyndaflugðið

standi í vegi fyrir notkunarmöguleikum. Þau má nota á öllum sviðum og þvert á landamæri. Einstaklingur sem hefur öðlast merki getur sýnt þau rafrænt, til dæmis á samfélagsmiðlum eins og Facebook eða í rafrænni ferilsskrá. Sá sem skoðar slíkar viðurkenningar getur smellt á þær og kynnt sér hvaða forsendur liggja að baki veitingu merkisins.

HVERJIR VEITA ÞÆR?

Meðal þeirra sem geta veitt rafrænar viðurkenningar eru til dæmis fræðsluaðilar sem bjóða upp á námskeið og fagaðilar sem taka að sér að staðfesta skilgreinda hæfni og veita í framhaldinu merki. Í fyrra tilvikinu má hugsa sér námskeið í tungmálum, forritun eða fjallamennsku. Námskeiðshaldarinn hagar kennslu eins og hann er vanur en setur upp viðmið fyrir eitt eða fleiri merki sem þátttakendum er ætlað að stefna að. Þátttakandinn sendir eftir fyrirfram skilgreindum leiðum



Skátamerki.

Rafrænar viðurkenningar:

- Gera þér auðvelt að fá viðurkenningu á því sem þú hefur lært
- Gera þér auðvelt að gefa viðurkenningu fyrir það sem þú kennir
- Gera þér auðvelt að sýna hvað þú getur og veist
- Gera það auðvelt að sannreyna hæfnina sem liggur á bakvið merkið

(www.openbadges.org/about)

gögn til leiðbeinanda sem sýna að viðmiðum hafi verið náð. Á fjallamennskunámskeiðinu gæti það falist í að senda mynd af sér á nokkrum fjallstoppum ásamt leiðarlýsingu, lýsingu á þeim lærdómi sem átti sér stað eða rökstuðningi fyrir útbúnaði – allt eftir þeim viðmiðum sem merkið byggir á. Á tungumálanámskeiði gæti þátttakandi þurft að hafa staðist próf í óreglulegum sögnum og tekið upp eigin upplestur á tilteknum texta og sent leiðbeinandanum. Leiðirnar eru margar en leiðbeinandi metur framlögin og ef þau eru fullnægjandi og uppfylla viðmið, veitir hann merkið eftir rafrænum leiðum.

Þegar fagaðilar veita merki þá er merkið viðurkenning þess að viðmiðum eða kröfum hafi verið mætt án þess að það tengist endilega þátttöku í námi hjá sama aðila. Hæfnin er þá staðfest með rafrænni viðurkenningu frá viðkomandi fyrirtæki. Þetta er þekkt fyrirkomulag í upplýsingatækniheiminum þar sem sjálfærðir forritarar og vefsmíðir geta fengið hæfni sýna staðfesta af framleiðendum búnaðar og kerfa eftir að hafa lagt fram gögn um hæfni sína. Annað dæmi um rafræna viðurkenningu frá fagaðila er merki sem NASA býður bandarískum skólabörnum, (Curiosity Explorer Badge), hafi þau tekið þátt í þremur skilgreindum atburðum á þeirra vegum. Þannig geta þau sýnt fram á vísindaáhuga sinn, til dæmis með því að láta merkin fylgja með umsókn um skólavist síðar.



NASA, Curiosity Explorer Badge

Nærtækasta dæmið um veitingu merkis frá fagaðila er verkefnið sem FA tekur nú þátt í, *Open Badges for adult educators*. Þar setja fagaðilar (við sem stöndum að verkefninu) fram viðmið sem uppfylla þarf og veita merki þeim sem sækja um og uppfylla viðmiðin. Þessi tegund viðurkenningar og staðfestingar rímar vel við þá hugsun að ekki skipti máli hvar, hvenær eða hvernig nám á sér stað, aðeins að



Merki fyrir Adult Educator Online – AdEO.

hæfnin sé til staðar og sé staðfest á trúverðugan og traustan hátt. Rafrænum viðurkenningum er ætlað að vera hvatning í námi en þær geta líka verið hvatning til náms og eru tilvalin leið til að staðfesta óformlegt nám. Þessu er vel lýst í grein eftir Jan Sosniecki (2014) sem er að finna á heimasíðu verkefnisins¹, þar sem hann segir:


[...] en í heimi sem í síauknum mæli er samtengdur fyrir tilstuðlan samfélagsmiðla og þar sem sífellt mikilvægara er að læra alla ævi, eru rafrænar viðurkenningar sveigjanleg og áreiðanleg leið til að gera falda þekkingu sýnilega.

HVERNIG VIRKAR ÞETTA?

Veiting rafræna viðurkenninga er sambærileg og þegar hefðbundið nám er metið og staðfest að því leyti að tveir lykilaðilar koma að ferlinu; sá sem metur og staðfestir og sá sem tekur á móti vitnisburði. Þegar um rafrænar viðurkenningar ræðir er talað um útgefanda og viðtakanda. Sá sem hannar merki, skilgreinir viðmið og staðfestir frammistöðu kallast útgefandi (e. issuer) og sá sem sækir um merki og tekur við því er viðtakandi (e. earner).² Það sem er frábrugðið

1 www.openbadge.wordpress.com

2 Í raun er hlutverk útgefanda þrjúþætt, þ.e. útgefandi (issuer), stjórnandi (admin) og hönnuður (creator), þó að allir þættirnir geti verið á einni hendi. Stjórnandi getur einnig verið hönnuður og útgefandi og hönnuður getur einnig verið útgefandi. Auk viðtakandans (earner) er hægt að tala um notanda (consumer) sem er sá sem að lokum sér merkinu bregða fyrir í einhverju samhengi.



Ferli rafrænna viðurkenninga.

er að báðir þessir aðilar þurfa undirbúa sig með því að taka í notkun nokkur rafræn verkfæri.³ Hér er gerð tilraun til að gefa einfalt yfirlit yfir ferlið og verkfærin þegar sótt er um og gefin út rafræn viðurkenning.

³ Í sumum námsumsjónarkerfum, s.s. Moodle, er möguleiki á rafrænum viðurkenningum en ekki er víst að þessar upplýsingar eigi við þar.

SKREFIN Í FERLINU

Útgefendur þurfa að:

- Taka ákvörðun um tilgang merkis, hvaða viðmið gilda og hvernig/hvar eigi að standa að kynningu á því.
- Hanna útlit merkis.
- Birta upplýsingar um merkið á viðeigandi stað, undirbúa rafrænt umsóknarferli og lýsa því.
- Taka við umsóknum og meta framlög gagnvart viðmiðum.
- Veita merkið ef viðmiðum er mætt.

Viðtakendur þurfa að :

- Sækja um merkið og láta í té þau gögn sem óskað er eftir til að sýna fram á að kröfum sé mætt.
- Samþykkja veitingu merkis (sem kemur í tölvupósti) og senda merkið til birtingar á vefmiðlum ef vill.

VERKFÆRIN SEM ÞARF AÐ NOTA

Útgefandi þarf að:

- Hafa aðgang að umsjónarkerfi (e. issuing platform) til dæmis því sem notað er í verkefni FA, OpenBadgeFactory. Aðgangur að þessu kerfi er ókeypis að vissu marki en greiða þarf fyrir fullan aðgang. Í umsjónarkerfinu er merkið og viðmiðin geymd og einnig upplýsingar frá umsækjandanum. Þaðan er umsókninni svarað og niðurstaðan send til umsækjandans ásamt merkinu ef það á við.

Viðtakandi þarf að:

- Hafa stofnað aðgang að síðu þar sem hann getur safnað merkjunum sínum nokkurs konar geymslusíðu. Mozilla Backpack er sennilega best þekkt en einnig má til dæmis nota OpenBadgePassport. Umsækjandi sem uppfyllir skilyrði um merki fær tölvupóst frá útgefanda þess (í gegnum umsjónarkerfi eins og lýst er hér að ofan) sem inniheldur tengil í merkið. Umsækjandinn smellir á tengilinn til að samþykkja móttöku og getur nú valið að birta merkið á samfélagsmiðlum eða annarsstaðar.

Tafla 1 – Yfirlit yfir hlutverk og verkfæri.

Hlutverk;	Stjórnandi	Hönnuður	Úrgefandi	Viðtakandi	Notandi
Lýsing;	Setur upp umhverfið. Heldur utanum notendur og skrár.	Býr til merki, breytir þeim og eyðir. Setur fram viðmið fyrir merki.	Metur framlag m.t.t. viðmiða og veitir merki.	Sækir um merki og leggur fram sannanir um að kröfum merkis sé mætt.	Verður var við merki og nýtir sér upplýsingar sem merkið veitir. T.d. sá sem les ferilsskrá.
Rafræn verkfæri:	Þessir aðilar/aðili nota umsjónarkerfi eins og Open-BadgeFactory. Greiða þarf fyrir fullan aðgang að slíku kerfi.			Sótt er um merki t.d. á heimasíðu fræðsluaðila eða fagaðila. Merkið er móttakið og geymt á geymslusíðu t.d. OpenbadgePas-sport eða Mozilla backpack. Merki má deila t.d. á Facebook, Twitter, bloggsíðu eða í rafrænni ferilsskrá.	Rafrænar miðlar þar sem merkið kemur fyrir (Facebook, blogg, ferilsskrár....) þegar er smeltt er á merkið til að fá upplýsingar um viðmiðin opnast gluggi í viðkomandi stjórnkerfi t.d. Open-BadgeFactory.

NORDPLUS VERKEFNI UM ÞRÓUN RAFRÆNNA VIÐURKENNINGA

Verkefnið *Open badges for adult educators* er styrkt af menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, Nordplus. Það hófst í ágúst 2014 og lýkur í ágúst 2016. Þátttakendur auk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru: Bildningalliansen, í Vasa, Finnlandi, Opintotoiminnan Keskusliitto ry, í Helsinki, Finnlandi og Folkeuniversitetet í Gautaborg, Svíþjóð sem jafnframt leiðir verkefnið.

Í verkefninu felst að þróa rafræna viðurkenningu fyrir leiðbeinendur og aðra sem koma að fullorðinsfræðslu og gera þeim mögulegt að öðlast hana. Merkið hefur þrenns konar tilgang; það hvetur til þátttöku á faglegum grunni á samfélagsmiðlum, það er viðurkenning fyrir framlag og hæfni og síðast en ekki síst fyrirmynd góðra starfsvenja. Markmiðið er að auka notkun á upplýsingatækni og samfélagsmiðlum í faglegum tilgangi og að efla enn frekar umræðu um fullorðinsfræðslu á netinu. Með viðurkenningunni gefst aðilum í fullorðinsfræðslu færi á að sýna fram á þátttöku og hæfni í umræðu um fullorðinsfræðslu og notkun rafrænna miðla. En með því að nota rafræna miðla, bæði til að miðla efni til námsmanna og til að eiga samskipti við samstarfsfólk og aðra í fullorðinsfræðslugeiranum, skapast vettvangur til að auka umræðu og einnig eykst færni leiðbeinenda í að nota tæknina og samfélagsmiðla í starfi sínu.

Í ársbyrjun 2015 var forprófun verkefnisins þar sem aðilum á sviði fullorðinsfræðslu var boðið að prófa ferlið og gefa endurgjöf að prófun lokinni. 17 aðilar tóku þátt í

prófuninni og þar af fjórir frá Íslandi. Prófunin fólst í því að fara gegnum umsóknarferlið og leggja fram fimm

dæmi um það sem viðkomandi hefur haft fram að færa á netmiðlum til fullorðinsfræðslunnar.

Endurgjöf þeirra sem tóku þátt í prófunum hefur nú verið nýtt til endurbóta og ein niðurstaðan var sú að finna þyrfti



Viðmið við veitingu AdEO:

Leggja þarf fram fimm dæmi um veflæg framlög til fullorðinsfræðslu og skriflega lýsing á þeim lærdómi sem var dreginn af því að búa til framlagið. Staðfestingum á að skila inn sem skjámyndum eða með því að senda slóð á efnið.

Framlögini skulu sýna:

- Notkun a.m.k. tveggja mismunandi miðla eða búnaðar, t.d. Facebook, Twitter, LinkedIn.
- Að minnsta kosti ein staðfesting sem sýnir notkun á flóknari aðgerðum*.
- Af þessum fimm staðfestingum má einungis ein vera af lokuðu svæði, t.d. kennslu-/námssvæði þar sem krafist er lykilorðs.

Hægt er að svara á ensku, finnsku, sænsku, íslensku, norsku og dönsku.

* Með flóknari aðgerðum er m.a. átt við útgáfu og birtingu greina á vef, gerð podcasts, myndbanda, skrif á blogsíður, vera upphafs- og umsjónarmaður umræðu á netinu um fullorðinsfræðslu (t.d. á Twitter, webinar og p.h.). Dæmi um hefðbundnar aðgerðir eru t.d. að skrifa athugasemdir við blogg eða skrif annarra á vefnum og virk þátttaka í umræðu á vefnum án þess þó að vera upphafsmaður hennar eða að hafa umsjón með henni.

Heimasíða verkefnisins, www.openbadge.wordpress.com

aðlaðandi nafn. Niðurstaðan varð **AdEO** eða **Adult Educator Online**. Einnig er unnið að því að gera umsóknarferlið skýrara meðal annars með myndrænum hætti. Ákveðið var að halda umsóknarferlinu áfram opnu að minnsta kosti á meðan á verkefninu stendur og eru fullorðinsfræðsluaðilar hvattir til að sækja um **AdEO** merkið bæði í þeim tilgangi að fá hæfni sína staðfesta en einnig til að kynna því hvernig ferlið gengur fyrir sig. Að reyna á eigin skinni er oft besti lærdómurinn og gott veganesti fyrir þá sem vilja veita öðrum rafræna viðurkenningu þegar fram líða stundir.

Á heimasíðu verkefnisins eru nánari upplýsingar bæði fyrir þá sem vilja sækja um og þá sem vilja gefa út og veita merki. Í vinnslu eru ítarlegar upplýsingar fyrir þá sem hyggjast veita slík merki og verður von bráðar hægt að sjá þær undir liðnum Learning Area. Til að stýða við þá sem eru að taka sín fyrstu skref í veitingu merkja mun verkefnið standa fyrir þremur vefstofum (webinars), tveimur á ensku og einni á sænsku. Fyrsta vefstofan verður á haustmánuðum 2015 en hinar tvær á fyrri hluta árs 2016. Tímasetning þeirra verður auglýst á heimasíðu FA.

Hægt er að taka þátt í umræðunni og hafa áhrif á innihald vefsíðunnar með því að gerast meðlimur í Facebook-hópnum *Open badges for adult educators* og á Twitter undir krossmerkinu #folkbadge.

ER ÞETTA EITTHVAÐ FYRIR OKKUR Í FRAMHALDSFRÆÐSLUNNI?

Notkun rafræna viðurkenninga á sér ekki langa sögu en er ört vaxandi. Á árinu 2014 tvöfölduðust stofnaðar geymslusíður (e. backpacks) og þeim sem veita merki fjölgaði úr 1.915 í 14.000. Þessi vöxtur vekur forvitni um hvað þarna sé á ferð. eru rafrænar viðurkenningar eitthvað sem við getum nýtt okkur í framhaldsfræðslunni á Íslandi? Er þetta leið til að halda utan um hæfni leiðbeinenda okkar? Er þetta góð viðbót við fjölbreytt námsmat og endurgjöf til námsmanna símenntunarmiðstöðvanna? Þetta eru allt spurningar sem velja þarf upp. Kannski er þarna nýtt og spennandi verkfæri fyrir okkur!



Dæmi um rafrænar viðurkenningar.

HEIMILDIR

Sosniecki, A. (2014), Duelighedsmærker – nu også med livslang læring. *Ikt-nyt*, Nr. 22, oktober 2014, Sótt 23. september 2015 af: https://openbadge.files.wordpress.com/2015/06/duelighedsmc3a6rker_jansosniecki.pdf

MYNDIR

Mynd 1: Skátamerki, mynd fengin af: <https://www.jisc.ac.uk/blog/so-what-are-open-badges-28-aug-2013>

Mynd 2: NASA, Curiosity Explorer Badge, mynd fengin af: <http://www.nasa.gov/connect/foursquare.html>

Mynd 3: Merki fyrir Adult Educator Online – AdEO, mynd fengin af: <https://openbadge.wordpress.com/>

Mynd 4: Ferli rafrænna viðurkenninga, mynd fengin af: <http://openbadges.org/about/>

Mynd 5: Heimasíða verkefnins, mynd fengin af: <https://openbadge.wordpress.com/>

Mynd 6: Dæmi um rafrænar viðurkenningar, mynd fengin af: <http://blog.coerll.utexas.edu/make-professional-connections-with-digital-badges/>

UM HÖFUNDINN

Guðmunda Kristinsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og sinnir meðal annars verkefnum sem snúa að greiningu fræðsluþarfa og námstilboðum. Hún lauk meistaraþáttum í kennslufræði (mind, brain and learning) frá Oxford Brookes háskólanum í Englandi, stundaði nám í sálfræði við Háskóla Íslands og í kerfisfræði við EDB-skólann í Óðinsvém, Danmörku. Guðmunda hefur unnið að fræðslumálum fullorðinna í atvinnulífinu frá árinu 1993.

ABSTRACT

Open badges for adult educators is a Nordic collaboration project (Nordplus adult) which the Education Training and Service Centre (ETSC) is participating in. Other participants are Bildningsalliansen and Opintotoiminnan Keskusliitto ry from Finland and Folkuniversitetet Göteborg, Sweden which is the coordinating institution in the project.

The aim of the project is to use open badges in order to increase the use of IT and social media among adult educators and to enhance online dialogues on adult education. An open badge for adult educators was developed and launched to applicants who contributed with 5 examples on how they have promoted adult learning via social media and networks. The name of the badge is AdEO which stands for Adult Educator Online.

Participation in the project has given us at the ETSC insight into what is involved in the use of open badges both for ourselves as adult educators and for our learners as well. The article is an outline of the process of using open badges, reflections on the possibilities they have to offer in the adult education in Iceland, and finally a description of the project mentioned above.

Further information about the project *Open badges for adult educators* can be found here: <https://openbadge.wordpress.com/>

HILDUR BETTY KRISTJÁNSDÓTTIR

RAUNFÆRNIMAT Í ALMENNRI STARFSHÆFNI Í SÍMEY



Hildur Betty Kristjánsdóttir

Í september 2014 hófst tilraunarverkefni í raunfærnimati í almennri starfshæfni á Eyjafjarðarsvæðinu í samstarfi við Vinnumálastofnun Norðurlands Eystra. Verkefnið stóð yfir í fimm mánuði eða til janúar 2015. Verkefnið féll undir IPA verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA, *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun*. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hafði yfirumsjón með verkefninu. Markmið verkefnisins var að nálgast hóp atvinnuleitenda eldri en 25 ára með að lágmarki fimm ára starfsreynslu og meta þá á móti hæfniprepum 1.a, 1.b, 2. og 3.

AÐDRAGANDI OG UNDIRBÚNINGUR

Þróunarvinna í raunfærnimati í almennri starfshæfni hófst árið 2012 hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Markmiðið var að þróa hæfniviðmið fyrir almenna starfshæfni með tilliti til hæfnikrafna á vinnumarkaði og persónuhæfni einstaklingsins. Vinnuhópur var myndaður og voru þátttakendur aðilar frá samtökum launafólks, stéttarfélögum, fyrirtækjum, Vinnumálastofnun, Kvasi og FA. Hlutverk vinnuhópsins var að greina hæfniviðmið fyrir almenna starfshæfni, útbúa gátlista og verkfæri fyrir raunfærnimat, koma af stað tilraunarverkefni í raunfærnimati í almennri starfshæfni og meta tilraunaverkefnið að því loknu. Verðkönnun hjá FA var framkvæmd og varð niðurstaðan sú að Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hefði umsjón með verkefninu.

Í maí 2014 var haldinn kynningarfundur fyrir Vinnumálastofnun Norðurlands eystra. Ákveðið var að í september yrði farið af stað með 20 manna hóp atvinnuleitenda í raunfærnimati í almennri starfshæfni. Náms- og starfsráðgjafar hjá SÍMEY tóku viðtöl við 36 atvinnuleitendur og kynntu fyrir þeim verkefnið og alls hófu 19 ferlið. Matsaðilar í verkefninu voru Valgeir Magnússon náms- og starfsráðgjafi hjá SÍMEY og Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar.

Hildur Betty Kristjánsdóttir og Heimir Haraldsson náms- og starfsráðgjafar tóku 19 atvinnuleitendur í skimunarviðtöl til að leggja mat á hvort þeir ættu erindi í verkefnið. Mikilvægt var að sameiginlegur skilningur væri til staðar strax í byrjun verkefnisins á því hvað almenn starfshæfni væri. Með almennri

starfshæfni er átt við þá hæfni (leikni, viðhorf og breytni) sem einstaklingur þarf að búa yfir eða tileinka sér til þess að taka á virkan hátt þátt í samfélaginu, vera á vinnumarkaði, þróast í starfi og geta tekið að sér meira krefjandi störf.

Þátttakendum var gerð grein fyrir því hver ávinningur raunfærnimats í almennri starfshæfni væri en hún gengur út á að stuðla að aukinni velgengni á vinnumarkaði, draga fram styrkleika, að fá tækifæri til að efla þá þætti og styrkja það sem upp á vantar og bera styrkleika saman við kröfur í ákveðnum störfum. Eins að niðurstöður matsins gerðu atvinnuleitendum kleift að gera eigin hæfni sýnilega á vinnumarkaði til að auðvelda atvinnuleit og mögulegar ráðningar. Alls fóru 15 atvinnuleitendur í gegnum ferlið og var meðalaldur þeirra um 37 ár.

FRAMKVÆMD RAUNFÆRNIMATS Í ALMENNRI STARFSHÆFNI

Í fyrsta tíma var farið yfir framkvæmd raunfærnimats í almennri starfshæfni, þátttakendur fengu afhent tímaplan (mynd 1) og því næst fóru þeir í hópefli. Ákveðið var að hrista hópinn saman strax í byrjun þar sem fólk í honum átti eftir að vinna saman í verkefnavinnu, færnimöppugerð og greiningu á viðmiðum. Hópeflið gekk vel og þátttakendur voru ánægðir. Í öðrum tíma unnu þátttakendur í færnimöppunni og var mjög athyglisvert að fylgjast með þeim. Þeir voru áhugasamir og umræður sköpuðust á milli nemenda þegar þeir voru að staðsetja sig á þrep í gátlistunum og eins á hvaða hæfniprepi þeir áttu heima. Í þriðja tíma var haldið áfram við gerð færnimöppu og þátttakendur greindu eigin starfshæfni og grunnleikni en þessi atriði voru til mats:

Mynd 1 – Raunfærnimat í almennri starfshæfni.

Tímasetning	Kynningar	Aðilar
Skimun		
20. sept. – 31. okt.	Skimunarviðtöl	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir
HópaVinna 1 – viðmið kynnt – hópefli		
4. nóv. Kl. 09:00–13:00	Kynning á almennri starfshæfni, tilgangur matsins, kynning á hæfnirammaum og viðmiðin í matinu	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Valgeir Magnússon, Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Björk Gunnarsdóttir
HópaVinna 2 – færnimappa og viðmið		
5. nóv. Kl. 09:00–12:00	Verkefnavinna, færnimöppugerð og greining á viðmiðum	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir
HópaVinna 3 – færnimappa og viðmið		
7. nóv. Kl. 09:00–12:00	Færnimöppugerð, greining á eigin færni í tengslum við viðmið	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Valgeir Magnússon
HópaVinna 4 – færnimappa og viðmið		
10. nóv. Kl. 09:00–12:00	Færnimöppugerð, greining á eigin færni í tengslum við viðmið	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Valgeir Magnússon, Svanfríður Jónasdóttir
HópaVinna 5 – Sjálfsmat		
11. nóv. Kl. 09:00–12:00	Sjálfsmatsform fyllt út. Kynning á matsferli og matsaðferðum.	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Valgeir Magnússon, Svanfríður Jónasdóttir
Mat		
17. nóv.– 12. des.	Matsamtöl samkvæmt skipulagi	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Valgeir Magnússon
Niðurstöður		
16. des 09:00–11:00	Kynning á niðurstöðum	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Valgeir Magnússon
Viðurkenning/útskrift		
18. desember	Niðurstöður formlega afhentar	
Ráðgjöf		
5. jan. – 19. jan. 2015	Samtal um niðurstöður, næstu skref	Heimir Haraldsson og Hildur Betty Kristjánsdóttir

Persónuleg hæfni. Viðhorf, leikni og breytni sem eykur möguleika einstaklings til vaxtar og þroska

- Aðlögunarhæfni
- Ábyrg nýting
- Mat og úrlausnir
- Starfsþróun og færniefling
- Söfnun og úrvinnsla upplýsinga
- Vinnusiðferði og gildi
- Jafnréttisvitund
- Öryggisvitund

Samstarfshæfni. Það sem þarf til að geta lagt sitt af mörkum fyrir heildina til að árangur náist

- Árangursrík samskipti
- Samvinna
- Skipulag og áætlanir

Grunnleikni. Leikni sem er undirstaða frekari hæfniuppbyggingar

- Lestur/læsi
- Ritun
- Talnaskilningur
- Upplýsingatækni

Mynd 2 – Árangursrík samskipti.

(Interactive Communication) Greinir og tekur á eigin þörf fyrir símenntun og þróun til að bæta frammistöðu í starfi.

Prep 1.a	Prep 1.b	Prep 2	Prep 3
Fylgir gildandi/viðurkenndum samskiptareglum	Hlustar og setur upplýsingar fram á skýran hátt	Stuðlar að tjáskiptum við aðra	Aðlagar tjáskipti
<ul style="list-style-type: none"> Fer eftir settum starfsreglum um samskipti og framkomu. Bregst á jákvæðan hátt við leiðsögn um framkomu. Hlustar og svarar á viðeigandi hátt í daglegum samskiptum. Tekur við og fylgir eftir einföldum skilaboðum og fyrirmælum. 	<ul style="list-style-type: none"> Hlustar á forðómalausan hátt. Setur upplýsingar og staðreyndir fram á skýran hátt með viðeigandi orðalagi. Leitar upplýsinga eftir þörfum. Deilir upplýsingum fúslega þegar þær geta komið að notum. Tjáir sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni. 	<ul style="list-style-type: none"> Ber virðingu fyrir skoðunum annarra og hefur það til hliðsjónar í eigin tjáskiptum. Biður um útskýringu ef skilur ekki það sem aðrir eru að segja, t.d. spyr eða endursegir til að fá staðfestingu á réttum skilningi. Kallar eftir viðbrögðum eða endurgjöf á því sem sagt hefur verið. Á opin og heiðarleg tjáskipti við aðra. Er sjálfum sér samkvæmur í tjáskiptum við aðra. Sýnir frumkvæði í samskiptum. 	<ul style="list-style-type: none"> Aðlagar tjáskipti sín að ólíkum viðmælendum (t.d. varðandi innihald og málfar). Fylgist með eigin tjáskiptum og tjáskiptum annarra (t.d. líkamstjáníngu, svipbrigðum og raddblæ) til að meta hvernig skilaboð komist sem best til skila og aðlagar eigin tjáskipti að aðstæðum. Tjáir sig á jafn áhrifaríkan hátt við ólíka viðmælendur og við ólíkar aðstæður (t.d. við yfirmenn, samstarfsmenn eða viðskiptavini). Setur sig í spor annarra og leggur sig fram við að skilja stöðu þeirra; ástæður, tilfinningar og áhyggjuefni. Tjáir sig á árangursríkan hátt við erfiðar aðstæður. Heldur ró sinni í samskiptum við erfiða einstaklinga.

Matslistarnir voru þannig uppbyggðir að þátttakendur mátu sig á móti hæfniprepum (mynd 2) 1.a, 1.b, 2. og 3. og eftir því sem þátttakendur merktu sig ofar var gert ráð fyrir að viðkomandi hefði meiri hæfni á því sviði. Á meðan á ferlinu stóð voru náms- og starfsráðgjafar og matsaðilar til staðar fyrir þátttakendur þegar þeir voru að vinna verkefni.

MATSVIÐTALIÐ

Matsviðtölin fóru fram í nóvember og desember í SÍMEY og tók hvert viðtal um tvær klukkustundir. Matsaðilar voru vel undirbúnir og fengu þátttakendur meðal annars raundæmi í viðtalinu til að leysa. Segja má að matsviðtalið hafi minnt á atvinnuviðtal þar sem þátttakandinn fékk tækifæri til að segja frá reynslu sinni af vinnumarkaði og persónulegri færni. Augljóst var að undirbúningur þátttakenda fyrir matsviðtalið skilaði sér og oft og tíðum sögðu þeir frá upplifun sinni af ferlinu. Almenn ánægja var á meðal þátttakenda, náms- og starfsráðgjafa og matsaðila. Niðurstöður matsins

dreifðust að mestu leyti á 2. og 3. hæfniprep. Þátttakendur fengu niðurstöður sínar á eftirfarandi hátt (mynd 3 og 4).

Náms- og starfsráðgjafar og matsaðilar fylgdu þátttakendum í gegnum ferlið og leiðbeindu þeim í kjölfarið um næstu skref. Það sem mætti bæta við ferlið væri vinnustaðarnám að loknu raunfærnimati í almennri starfshæfni. Þar fengi atvinnuleitandi tækifæri til að fara út á vinnumarkaðinn í starfsþjálfun í ákveðinn tíma.

Í LOKIN

Frá því að verkefninu lauk hafa aðstæður einstaklinganna breyst til batnaðar. Í byrjun febrúar 2015 voru sex einstaklingar komnir út á vinnumarkaðinn, fjórir í nám hjá SÍMEY og tveir í nám við Verkmenntaskólann á Akureyri. Í lok ágúst 2015 voru 13 á vinnumarkaði og tveir enn í atvinnuleit. Segja má að raunfærnimatið hafi skilað sér til einstaklingsins, það að veita honum tækifæri og máta sig við viðmið um almenna starfshæfni gaf honum aukið sjálfstraust. Að geta sagt frá

eigin styrkleikum og veikleikum í lífi og starfi krefst mikillar sjálfsskoðunar. Raunfærnimat í almennri starfshæfni er frábær leið til að nálgast atvinnuleitendur á þeirra forsendum. Þetta er verkfæri sem hægt er að nýta sér fyrir atvinnulífið, atvinnuleitendur, sveitarfélögin og alla þá sem vilja staðsetja hæfni sína á vinnumarkaði.


UM HÖFUNDINN

Hildur Betty Kristjánsdóttir er verkefnastjóri og náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar á Akureyri. Hún hefur lokið BEd-prófi í grunnskólafræðum, og MEd-prófi í stjórnun menntastofnana. Hún leggur stund á doktorsnám í námi fullorðinna með áherslu á raunfærnimat við Háskóla Íslands. Hildur Betty hefur kennt í skólum á leikskóla- og grunnskólastigi en síðustu ár hefur hún starfað við verkefnastjórn, kennslu og ráðgjöf í fullorðinsfræðslu.

ABSTRACT

An experimental project in validation of employability skills in the Eyjafjörður region began in September 2014 in cooperation with the Directorate of Labour Northeast Iceland. The project lasted five months, or until January 2015. The project was part of the IPA project of the Education Training and Service Centre (ETSC): Development of validation for enhancing the competence of adults with limited formal education. SÍMEY, the Lifelong Learning Centre of Eyjafjörður was in charge of the project. The aim of the project was to approach a group of job applicants older than 25 with minimum five years of work experience and assess them with regard to employability levels 1.a, 1.b, 2. and 3.

Mynd 3 – Dæmi um niðurstöður einstaklings úr raunfærnimati á almennri starfshæfni.



Raunfærnimat - almenn starfshæfni

Hér vottast að:
Jón Jónsson kt. xxxxxx-xxxx

hefur lokið raunfærnimati í almennri starfshæfni sem fór fram hjá SÍMEY á Akureyri

Við raunfærnimatið var fylgt ákvæðum reglugerðar framhaldsfræðslu, no. 1163/2011. Matsferlið fór fram á tímabilinu 15. sept. - 30. nóvember 2014.

Samantekt á niðurstöðu:

Jón er með mikla reynslu úr atvinnulífinu. Hann hefur ágæta samstarfshæfni og getur bæði unnið sjálfstætt, í hóp og skipulagt verk hóps. Hann hefur leitað uppi námstækifæri, bæði til að styrkja sig persónulega og fyrir atvinnulífið. Hann hefur ríka tilfinningu fyrir öryggismálum og lagar eigin framkomu að viðurkenndum viðhorfum um jafnrétti og fjölbreytileika.

Jón hefur ágæta grunnfærni. Það mundi styðja hann við að ná markmiðum sínum að styrkja sig enn frekar með símenntun á sviðum sem tengjast félagslegu starfsumhverfi.

Niðurstöður matsins voru byggðar á eftirfarandi matsaðferðum: Viðtölum, lausn á einstaklings- og hópverkefnum, sjálfsmati, lausn á raundæmum og matssamtölum við fagaðila.

Dagsetning: _____

Undirskrift matsaðila: _____

Fyrir hönd matsstofnunar: _____



ERLA BOLLADÓTTIR

COACHLANG 2014–2015

Þjálfun og hvatning fyrir innflytjendur



Erla Bolladóttir

Vorið 2014 óskaði Axxell eftir þátttöku Mímis-símenntunar í verkefni með styrk frá Nordplus Voksen sem sneri að fræðslumálum innflytjenda og þjálfun og hvatningu fyrir þá til að nota annað tungumál á vinnumarkaði. Axxell er viðurkennd fræðslumiðstöð fyrir innflytjendur í Helsinki sem starfar náð með opinberum stofnunum í tengslum við málaflökkinn. Verkefninu var ætlað að þróa þann þátt tungumálanáms innflytjenda er sneri að notkun tungumálsins á vinnustað. Aðrir þátttakendur í verkefninu voru kollegar frá Noregi og Svíþjóð sem búa yfir reynslu á þessum vettvangi. Hér var á ferðinni sérstakt tækifæri fyrir Mími-símenntun til að víkka sýn sína á eigin verkefni með því að kynna sér sambærileg verkefni á öðrum Norðurlöndum, jafnframt því að geta deilt eigin reynslu og freistað þess að þróa áfram hugmyndir og verkefni gegnum slíkt samstarf. Samstarfið reyndist farsælt og voru allir þátttakendur ríkari eftir. Ávöxtur verkefnisins var meðal annars uppgötvun nýrra kennsluáðferða og ný nálgun að starfsþjálfun innflytjenda svo eitthvað sé nefnt. Síðast en ekki síst markaði samstarfið upphaf að faglegum tengslum milli þátttakenda sem gera má ráð fyrir að muni vara um ófyrirséða framtíð.

Í upphafi vorannar 2014 var nóg að gera hjá fjölmenningsardeild Mímis-símenntunar við undirbúning Landnemaskólans, líkt og verið hafði undanfarandi misseri. Landnemaskólinn er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og felst að stofni til í markvissri samfélagsfræðslu og framhaldsnámi í íslensku fyrir innflytjendur. Við námsleiðina hafði verið bætt starfsþjálfun fyrir innflytjendur í atvinnuleit. Í undirbúningi starfsþjálfunarinnar er leitast við að finna hverjum nemandan vinnustað sem samræmist óskum hans og áhugasviði. Þessi nálgun hefur skilað nemendum mælanlegum árangri við atvinnuleit, þar sem hluti hópsins fær vinnu í kjölfarið.

Í annríki undirbúningsins hjá fjölmenningsardeildinni barst henni óvænt boð frá fyrrum samstarfsaðilum í Helsinki um að taka þátt í verkefni sem hlotið hafði nafnið CoachLang en það er stytting á yfirskriftinni *Coaching and Encouraging Adult Migrants Language Use in Working Life*. Þarna var á ferðinni kærkomið tækifæri fyrir deildina til að kynna sér vel það sem var að gerast í sambærilegum verkefnum annarra Norðurlanda, deila eigin reynslu og freista þess að þróa hugmyndir og verkefni áfram gegnum slíkt samstarf. Því var slegið til, umsókn um styrk var samþykkt og óhætt er að segja að framhaldið hafi reynst gagnlegt. Hér verður stiklað á stóru um markmið verkefnisins, framvindu og þá uppskeru sem Mími-símenntun býr að eftir samstarfið.

Meginmarkmið verkefnisins var þrjúþætt:

- að styrkja tengslin milli fullorðinsfræðslu og vinnumarkaðar
- að ígrunda kennslufræðilega nálgun í því skyni að finna nýjar leiðir til að tengja nám innflytjenda við vinnumarkaðinn
- að þróa kennslufræðilega færni

CoachLang var eins árs verkefni sem menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar styrkti (Nordplus Voksen). Þátttakendur, auk Íslendinga, komu frá Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Svíarnir sem tóku þátt voru frá SFI Söderort í Stokkhólmi, norsku þátttakendurnir komu frá Oslo Adult Learning Skullerud og Finnarnir voru fulltrúar Axxell Utbildning Ab í Helsinki. Verkefninu var háttað á þann veg að hver þjóð var sótt heim af tveimur fulltrúum frá hverju hinna landanna. Formleg heimsókn stóð yfir í fimm daga og hófst með því að gestgjafar kynntu stofnun sína og starfsemi áður en ráðist var í vinnu að verkefninu. Hóparnir hlýddu jafnframt á fróðleg erindi valinna sérfræðinga um málaflökkinn frá sjónarhóli gestgjafalandsins í ljósi sögunnar, fræðanna, löggjafans og reynslunnar. Vinnan snerist síðan að miklu leyti um að bera saman nálgun stofnananna að fræðslumálum innflytjenda með tilliti til vinnumarkaðarins, jafnt í kennslufræðilegum

skilningi sem verklegum. Í tengslum við þá vinnu var í hverju landi farið í heimsóknir í skólstofur og í sumum landanna voru vinnustaðir heimsóttir. Mikil umræða fór fram meðal þátttakenda á öllum stigum verkefnisins. Þar var ekki komið að tónum kofanum því allir þátttakendur virtust vel að sér, fræðilega jafnt sem út frá starfsreynslu. Umræðan var líflæg og þátttakendur voru ósparir á að deila reynslu sinni og þekkingu hver með öðrum. Umræðan reyndist ekki síst gagnleg í ljósi þess að sinn er síðurinn í landi hverju og þátttakendur höfðu hver um sig þróað ólíkar aðferðir og nálganir í árána rás. Allir gátu því numið gagnlega hluti og uppgötvad nýtt samhengi í því efni sem þeir þekktu fyrir.

Fyrsta heimsóknin var farin til Helsinki í nóvember 2014, þar sem fulltrúar Axxell tóku á móti þátttakendum. Axxell er fræðslumiðstöð fyrir innflytjendur og starfar náið með opinberum stofnunum sem að innflytjendamálum koma, meðal annars finnsku vinnumálastofnuninni og félagsþjónustunni. Á hverju ári stunda um 1.600 innflytjendur nám Hjá Axxell í finnsku og samfélagsfræðslu, þar sem áhersla er lögð á fræðslu um vinnumarkaðinn. Þegar innflytjendur koma til Finnlands byrja þeir á að skrá sig hjá móttökustöð finnsku vinnumálastofnunar. Þar fá þeir nauðsynlegar upplýsingar og er vísað á skóla sem stofnunin er í samstarfi við. Þeir fá að lágmarki 6 mánuði til að læra tungumálið og fræðast um samfélagið á meðan hið opinbera sér þeim fyrir atvinnuleysisbótum sem eru bundnar skilyrði um fulla mætingu í skólann.

Það var SFI Stockholm sem tók á móti gestum í annari heimsókn verkefnisins. SFI er hluti af opinberri fullorðinsfræðslu fyrir innflytjendur í Svíþjóð og heldur úti námskeiðum í sænsku þar sem áhersla er lögð á að undirbúa innflytjendur fyrir vinnumarkaðinn. Í því sambandi býður skólinn meðal annars upp á nám til meiraprófs, matreiðslumeistara og heilbrigðisstarfa þar sem kennslan í tungumálinu er samofin starfsnáminu. Auk þess er lögð áhersla á að finna úrræði fyrir þá innflytjendur sem þegar hafa menntun, til að þeir geti starfað í samræmi við hana.

Þriðja heimsóknin var farin til Osló í mars 2015. Gestgjafi þar var Oslo Voksenopplæring Skullerud sem er ein af þremur fræðslumiðstöðvum fyrir innflytjendur á vegum Oslóborgar. Auk þeirrar áherslu sem skólinn leggur á að tengja tungumálakennsluna við vinnumarkaðinn er mikið gert til að mæta þörfum flóttamanna, hælisleitenda og þess hóps innflytjenda sem litla eða jafnvel enga menntun hefur. Í tengslum við nefndar áherslur kynntu kennarar í Skullerud



kennsluáferðina *endurtekinn lestur* (e. *repeated reading*)¹ sem þeir hafa þróað til aðlögunar að tungumálkennslu sinni og er óhætt að segja að efni þeirra hafi fallið í frjóan jarðveg hjá gestunum.

Lokaheimsóknin var farin til Reykjavíkur, þar sem gestum voru kynntir fjölbreyttir námsmöguleikar fyrir innflytjendur í nýju húsnæði Mímis-símenntunar að Höfðabakka 9. Gestgjafar gerðu grein fyrir námskeiðum sínum og námsleiðum FA², allt frá almennum íslenskunámskeiðum til sérhæfðra námskeiða með starfsþjálfun og auknum atvinnumöguleikum í kjölfarið. Gestum var kynnt sú áhersla sem Mímir-símenntun leggur á að styrkja möguleika innflytjenda til þess að fá starf á vinnumarkaði, með sérstakri fræðslu fyrir þá um atvinnulífið og með auknum við vinnumarkaðinn. Sérstakir gestir sem fengnir voru til að flytja erindi voru Ólafur Grétar Kristjánsson, sérfræðingur frá mennta- og menningar- málaráðuneyti og Gunnar Thorberg markaðsráðgjafi. Ólafur Grétar kynnti fyrir hópnum stefnu stjórnvalda í fræðslumálum innflytjenda og verlag við styrkveitingar til fræðslu- aðila. Gunnar Thorberg flutti erindi um rafræna markaðssetningu, lögmál hennar og mikilvægi í tengslum við að ná til þeirra innflytjenda sem leita eftir þjónustu fjölmenn- ingardeildar Mímis-Símenntunar, auk þess sem hann kynnti nýtt líkan í hugflæði; fiskibeinálíkanið³. Hópurinn heimsótti einnig Ráðhús Reykjavíkur þar sem Edda Ólafsdóttir og Barbara Kristvinsson frá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur- borgar kynntu stefnu borgarinnar í málefnum innflytjenda og litið var inn hjá Tin Can Factory þar sem Gígja Svavarsdóttir

1 <http://ies.ed.gov/ncee/wwc/interventionreport.aspx?sid=576>

2 <http://www.frae.is/namsskrar/landnemaskolinn/>

3 www.doe.mass.edu/apa/ucd/dtt/4.2.3T.doc



framkvæmdastjóri kynnti starfsemi fyrirtækisins og áherslur þess í innflytjendafraeðslu og íslenskunámi.

Fulltrúar Mímis-símenntunar lærðu fjölmargt af samamburði milli landanna sem og öðrum umræðum og upplýsingum sem fram komu. Af þeim þáttum sem beinlínis varða tengsl tungumálanáms og atvinnu innflytjenda og hafa hvað mesta þýðingu fyrir það starf sem Mímir-símenntun vinnur á þessum vettvangi eru:

- *Sjálfstætt framtak nemenda*

Frá Axxell Utbildning Ab fóru nemendur sjálfir á þá vinnustaði sem þeir höfðu áhuga á til að sækja um starfsþjálfun í stað þess að verkefnastjórar kæmu því í kring að öllu leyti. Þá hafði verkefnastjórinn fyrst samband við valinn vinnustað og ef viðkomandi vinnuveitandi tók vel í hugmyndina fékk nemandinn aðstoð kennara við að undirbúa heimsókn sína á staðinn til að sækja sjálfur um vinnuna. Hann setti til dæmis saman setningar og fékk hagnýtar upplýsingar fyrir heimsóknina.

Þessar upplýsingar voru ekki einungis gagnlegar, þær voru um leið eins konar hugljómun. Hjá Mími-símenntun hefur ómæld vinna verið lögð í að finna vinnustaði og ganga frá málum án nokkurrar aðkomu nemendanna. Þetta atriði vakti okkur til vitundar um að þjónustulund okkar við nemendur væri kannski vanhugsuð í því tilliti að við værum ekki að efla þá með slíku verklagi; betra væri að gefa þeim tækifærin sem bjóðast til frumkvæðis og athafna.

- *Samstarf við félagsmiðstöðvar*

Í Helsinki hefur Axxell Utbildning Ab komið á samstarfi

við félagsmiðstöðvar á svæðinu. Samstarfið snýst um að eldri borgarar, sem voru tíðir gestir á völdum félagsmiðstöðvum, taka í sjálfböðavinnu á móti nemendum til að spjalla við þá á markmálinu, finnsku, sem er frekari undirbúningur fyrir starfsþjálfun þeirra. Þetta mæltist almennt vel fyrir, jafnt hjá nemendum sem eldri borgurum. Nemendur höfðu á orði hversu mikil hjálp þeim væri í slíkri talþjálfun en þátttakendur meðal eldri borgara höfðu ánægju af heimsóknunum og því að finna sig geta orðið innflytjendum að liði í svo mikilvægri þjálfun.

- *Menntun núna*

Á þessum tíma var verkefnið *Menntun núna*⁴ í fullum gangi í Breiðholti þar sem Mímir-símenntun sá meðal annars um íslenskunám og fræðslu eftir námsskrá FA fyrir Landnemaskólann⁵. Námið fór að mestu fram í Gerðubergi sem einnig hýsir félagsmiðstöð svæðisins þangað sem eldri borgarar venja komur sínar til tómstundaiðkunar. Hæg voru því heimatökin og vakti það mikla gleði hjá nemendum að spreyta sig á íslensku við þroskaða og þolinmóða einstaklinga sem höfðu nægan tíma og heilmikla ánægju af verkefninu.

- *Heimsókn verkefnastjóra á vinnustaði innflytjenda*

Í Axxell Utbildning Ab var sá háttur hafður á að verkefnisstjórinn heimsótti hvern nemanda og vinnuveitanda að minnsta kosti tvisvar meðan á starfsþjálfuninni stóð og hélt með þeim fund. Á fundinum var leitast við að tala saman á markmálinu en umræðuefnið var þá vinnan, það er hvernig gengi, hvað nemandinn hefði lært í starfsþjálfun sinni, hvort einhver vandi hefði komið upp og þess háttar. Greinarhöfundur fékk að sitja slíkan fund og skynjaði þá uppörvun og stuðning sem þetta veitti bæði nemanda og vinnuveitanda í ferli sínu saman auk þess sem það gaf verkefnastjóra góða yfirsýn yfir raunverulegan árangur, sérstakar þarfir og fleiri þætti sem málinu tengjast.

- *Tímalengd starfsþjálfunar*

Fram kom að tími starfsþjálfunar nemenda í samstarfslöndunum var almennt ekki skemmri en fjórar vikur en algengur tími var þrjár mánuðir. Fram að þessu hafði

⁴ <http://menntun-nuna.is/>

⁵ <http://www.frae.is/namsskrar/landnemaskolinn/>

starfsþjálfun nemenda Mímis-símenntunar tekið tvær vikur en þarna varð ljóst að lengri tími skilar bæði nemanda og vinnuveitanda betri uppskeru auk þess sem það eykur í mörgum tilvikum möguleika nemandans á að hljóta ráðningu.

- *Aðferð endurtekings lesturs*
- Einn fulltrúa Oslo Adult Learning kynnti nýja nálgun að tungumálakennslu fyrir innflytjendur þar sem hann hafði með góðum árangri lagað aðferð endurtekings lesturs (e. *repeated reading method*⁶) að kennslunni. Einn af fulltrúum Mímis-símenntunar kom strax auga á gagnsemi aðferðarinnar og gerði tilraunir með hana þegar heim var komið. Til að geta þróað hana áfram við íslenskukennsluna sótti fulltrúinn um og fékk styrk frá Próunarsjóði framhaldsfræðslu en næsta skref er að deila aðferðinni með öllum þeim kennurum sem hug hafa á að auka við möguleika sína sem tungumálakennarar.
- *Vefsíða*
Að lokum skal þess getið (með nokkru stolti) að allir þátttakendur í verkefninu blogguðu í hverri heimsókn á vefsíðu⁷ sem fulltrúar Axxell höfðu sett á laggirnar með því notkunarvæna forriti WordPress. Á síðunni má finna upplýsingar um verkefnið, hugleiðingar þátttakenda og margt fleira.

Óhætt er að segja að samstarf fjölmenningsdeildar Mímis-símenntunar í CoachLang hefur verið farsælt og uppskeran reynst vel þeirrar vinnu virði sem í verkefnið var lögð. Þegar svo vel tekst til skapast gjarnan áhugi fyrir áframhaldandi samstarfi og liggur nú fyrir hjá hópnum að takast saman á við að þróa efni í handbók fyrir vinnuveitendur nemenda í starfsþjálfun til að styðja betur við þann mikilvæga þátt námsins.

UM HÖFUNDINN

Erla Bolladóttir er verkefnastjóri hjá Mími-símenntun þar sem hennar helstu verkefni eru þróun námskeiða fyrir innflytjendur og fjölmenningsfræðsla fyrir Íslendinga. Erla hefur lokið námi til BA-gráðu í heimspeki, diplómanámi til kennsluréttinda og lýkur senn námi til MA-gráðu í fjölmenningsfræði. Á síðari árum hefur hún lagt áherslu á endurmenntun í kennslu annars tungumáls í tengslum við störf sín sem íslenskukennari frá árinu 2006 hjá Alþjóðahúsi, Alþjóðasetri og nú síðast hjá Mími-símenntun. Hún hóf auk þess störf sem túlkur og þýðandi árið 1990 og hefur verið virk á þeim vettvangi í áranna rás.

ABSTRACT

In the spring 2014 Axxell requested the participation of Mímir-Continuing Education in a project concerning the education of immigrants. Axxell is a certified educational centre for immigrants in Helsinki and works closely with public institutions in this field. The project was to develop that aspect of language learning which involves the use of language at work. The other participants were colleagues from Norway and Sweden that have background in this field. This request creates a unique opportunity for Mímir to get a wider perspective on its own projects by studying comparable undertakings elsewhere in the Nordic Countries, and at the same time, to be able to share its experience and develop ideas and projects through such cooperation. This collaboration proved successful and all the participants gained from it. The outcome of the project was, among other things, new teaching methods and a new approach to immigrant vocational training. Last but not least, this cooperation was the onset of professional links between the participants that are expected to last for a long time.

6 <http://www.esu8.org/wp-content/uploads/2015/04/Repeated-Reading.pdf>

7 <https://coachlang2014.wordpress.com/>

ARNHEIÐUR GÍGJA GUÐMUNDSDÓTTIR OG FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

RÁÐGJÖF Í RAUNFÆRNIMATI Á
NORÐURLÖNDUM – ÁSKORANIR OG TILLÖGUR

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir



Fjóla María Lárusdóttir

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL) stóð fyrir könnun á stöðu ráðgjafar í raunfærnimati á Norðurlöndum. Könnunin var gerð á tímabilinu frá apríl 2014 til ágúst 2015 og voru niðurstöður hennar teknar saman í skýrslu sem finna má á vef NVL *Guidance in validation within the Nordic region – Challenges and Recommendations* (<http://nvl.org/Content/ID/13571/New-report-Guidance-in-Validation>). FA hafði umsjón með skýrsluskrifum. Að verkefninu stóðu ráðgjafar- og raunfærnimatsnet innan NVL en myndaður var vinnuhópur með þátttakendum beggja neta frá öllum Norðurlöndunum auk Álands, Færeyja og Grænlands. Meginmarkmið verkefnisins voru að kanna hvernig náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati fer fram á

Norðurlöndum og skapa grundvöll fyrir sameiginlega umræðu og þróun ráðgjafar í raunfærnimati, sem mun vonandi stuðla að auknum gæðum í raunfærnimati á Norðurlöndunum.

Niðurstöður könnunarinnar eru byggðar á upplýsingum sem safnað var í öllum löndunum með: a) spurningaramma, þar sem staðan í hverju landi var kortlögð nákvæmlega, b) samantekt á helstu niðurstöðum frá hverju landi, c) raundæmum sem gáfu skýrari mynd af framkvæmdinni og d) SVÓT greiningu frá hverju landi sem byggði á þeim gögnum sem lágu fyrir. Út frá niðurstöðum SVÓT greininga voru dregnar fram helstu áskoranir og tillögur að áframhaldandi þróun ráðgjafar í raunfærnimati. Augljóst er, út frá niðurstöðum könnunarinnar, að talsverður munur er á því hvernig ráðgjöf í raunfærnimati er hugsuð og framkvæmd innan Norðurlandanna. Megináskoranirnar snúast um að þáttur ráðgjafar í raunfærnimati hefur ekki verið skilgreindur nægjanlega og auk þess þarf að efla skilning ráðgjafa og tengdra fagaðila á hugtakinu raunfærnimat. Stefnumótendur þurfa að setja fram skýr viðmið sem stuðla að gagnsæi og samræmdum vinnubrögðum í ferlinu, til hagsbóta þeim sem njóta ráðgjafarinnar.

HLUTVERK RÁÐGJAFAR Í RAUNFÆRNIMATI

Sú náms- og starfsráðgjöf sem veitt er í ferlinu við raunfærnimatið nær yfir breitt svið ráðgjafar þar sem markmiðið er að styðja einstaklinginn í að byggja upp færni sína. Í ferlinu snýst ráðgjöfin um ýmis ólík atriði, allt frá því að veita upplýsingar, stuðning og hvatningu í mati, yfir í flóknari ráðgjöf um starfsþróun einstaklingsins. Eins og fram hefur komið, er framkvæmdin við raunfærnimatið ólík eftir löndum. Í sumum landanna er lítil sem engin ráðgjöf veitt í ferlinu en í öðrum fylgir náms- og starfsráðgjafi einstaklingnum í gegnum allt matsferlið. Í sumum landanna er veitt umtalsverð ráðgjöf sem takmarkast við matshlutann og almenna upplýsingagjöf í ferlinu. Í vinnuhópnum kom fram að þörf væri fyrir „dýpri“ náms- og starfsráðgjöf, jafnt í ferlinu sem í kjölfar þess. Þannig megi hámarka ávinninginn, sem snýr að starfsþróun einstaklingsins af öllu ferlinu. Því er nauðsynlegt að stuðla að sameiginlegum skilningi á hugmyndinni um *ráðgjöf í raunfærnimati*, skilgreina viðmið og skoða jafnframt þá hæfni sem þarf til að veita þjónustuna.

Hér á landi hefur raunfærnimat verið í þróun fyrir markhóp

Tafla 1 – Viðbætur norræna vinnuhópsins við ferli í raunfærnimati í gögnum Evrópusambandsins.

Tilmæli Evrópusambandsins frá 2012	Tillögur norræna vinnuhópsins um ráðgjöf í raunfærnimati (viðbætur rauðletraðar)
	Upplýsingar og kynning á raunfærnimati til einstaklinga – réttur einstaklingsins – dreifing upplýsinga um raunfærnimat í gegnum ráðgjöf
Kortlagning á færni einstaklingsins sem hann hefur aflað sér með óformlegu og formlausu námi	
Skráning á færni einstaklingsins sem hann hefur aflað sér með óformlegu og formlausu námi	
Mat á færni einstaklingsins sem hann hefur aflað sér með óformlegu og formlausu námi	
Staðfesting á niðurstöðum mats með vottun eða veitingu eininga sem leiða til viðurkenningar (eða með öðrum viðeigandi hætti)	Eftirfylgni byggð á niðurstöðum – ráðgjöf veitt sem leiðir til færni- og eða starfsþróunar

framhaldsfræðslunnar frá árinu 2004. Náms- og starfsráðgjöf hefur frá upphafi verið innbyggð í ferlið og áhersla verið lögð á að ráðgjafinn gæti réttinda einstaklingsins í ferlinu, samhliða því að hafa skilgreint hlutverk í hverjum verkþætti ferlisins. Það hlutverk er í samræmi við niðurstöðu vinnuhópsins um æskilegt hlutverk ráðgjafa í raunfærnimati á Norðurlöndum, byggt á tilmælum frá Evrópusambandinu. (Council of the European Union, 2012). Í töflunni hér á eftir er þessu hlutverki lýst í samræmi við tilmælum Evrópusambandsins og með viðbótum vinnuhópsins sem byggðar eru á norræna sjónarhorninu.

Í tilmælum frá Evrópusambandinu hefur verið lögð áhersla á að hlutverk aðila í ferli raunfærnimatsins séu skýr og að hlutverk ráðgjafa og matsaðila séu aðskilin (Cedefop, 2009). Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa þessi tilmæli verið höfð að leiðarljósi, en sú er ekki raunin í öllum löndunum. Raunfærnimat sem slíkt er þó aðeins framkvæmt á vettvangi framhaldsfræðslunnar á Íslandi, á meðan önnur Norðurlönd hafa verið að þróa slíkt mat meðal annars í háskólum og í þriðja geiranum. Auka mætti dreifingu raunfærnimats hér á landi og er vísir að slíku mati kominn í gagnið á háskólastiginu.

Í tilmælum Evrópusambandsins á síðustu árum hefur aukin áhersla verið lögð á hlutverk ráðgjafar í ferlinu við raunfærnimat. Má þar nefna mikilvægi þess að þátttakendur í raunfærnimati fái ráðgjöf og upplýsingar í upphafi svo þeir geti tekið upplýsta afstöðu hvað varðar þátttöku í matinu. Einnig að einstaklingur hafi aðgang að hlutlausri ráðgjöf á „réttum tímum“ í ferlinu á grundvelli þarfa hvers og eins, sem og til að skýra og skilgreina möguleika til starfsþróunar í kjölfar raunfærnimatsins, þ.e. eftirfylgni. (Cedefop, 2009; Cedefop, 20014; Council of the European Union, 2012). Hér á landi hafa þessi tilmæli verið höfð til hliðsjónar og norræni vinnuhópurinn lítur til þeirra eftir leiðarljósi og áskorunum til frekari þróunar í ráðgjöf í raunfærnimati.

MEGINÁSKORANIR VIÐ RÁÐGJÖF Í RAUNFÆRNIMATI

Vinnuhópurinn skilgreindi eftirfarandi megináskoranir fyrir ráðgjöf í raunfærnimati og eru þær byggðar á niðurstöðum kortlagningar og SVÓT-greiningar í löndunum:

1. Skilgreina þarf betur og með samræmdari hætti þá ráðgjöf sem fram fer í ferlinu við raunfærnimat, með leiðbeiningum í hverju landi

Skýra þarf og skilgreina sérstaklega markmið og innihald ráðgjafar í raunfærnimati en það getur haft afgerandi áhrif á það hvort þátttakendur fái þá ráðgjöf sem tryggir sanngjarnar og áreiðanlegar niðurstöður. Markmiðum raunfærnimats verður ekki náð nema veitt sé náms- og starfsráðgjöf við hæfi. Skilgreina þarf ráðgjöfina á öllum stigum; stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar (e. policy, organizational and practical level) þannig að þátttakendur með ólíkar þarfir fái ráðgjöf við hæfi. Að auki væri æskilegt að fylgjast með og leiðbeina við framkvæmd ráðgjafar til að tryggja gæði þjónustu og hvetja til frekari þróunar á þessu sviði.

2. Fjármagna þarf þá ráðgjafarþjónustu sem tengist raunfærnimati

Fjármögnun til ráðgjafar í raunfærnimati er mjög ólík á Norðurlöndum. Það getur farið eftir lagamma hvers lands og hvort ráðgjöf er sérstakur hluti ferlisins við raunfærnimat, eða ekki. Einnig er það háð því hversu langt þróunin er komin í hverju landi og í sumum löndum er ferlið ólíkt eftir sveitarfélögum. Efla þarf fjármögnum fyrir raunfærnimatskerfið í heild. Skortur á fjármagni hefur áhrif á aðgengi að raunfærnimati og þar með hugsanlega á þróun starfsferils hjá fólki.

3. Þjálfun fagaðila í raunfærnimati/Sértæk þekking ráðgjafa – skilvirkni og gæðamál

Niðurstöður könnunarinnar sýna að þörf er á að efla menntun og þjálfun þeirra sem veita náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati. Skilgreina þarf þá hæfnipætti sem eru nauðsynlegir fyrir ráðgjafa í raunfærnimati og í mörgum tilfellum þarf að efla fræðslu og menntun, til dæmis kennara og náms- og starfsráðgjafa, um raunfærnimat í grunnmenntun. Sérstaklega þarf að þróa þjálfunarleiðir fyrir fagaðila í raunfærnimati.

4. Samræming á ráðgjöf í raunfærnimati

Skipulag og samræming ráðgjafar í raunfærnimati er ólík eftir löndum og svæðum. Skoða þarf sérstaklega hvernig þróa megi hlutlæga náms- og starfsráðgjöf í raunfærnimati, til að tryggja gæði og skilvirkni ráðgjafarinnar. Einnig þarf að kanna hvernig náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna er almennt skipulögð því í sumum löndum virðist skorta þar á hlutlægni. Sömuleiðis þarf að gæta að því hvernig náms- og starfsráðgjöfin fyrir og eftir raunfærnimatið er tengd, sem og ráðgjöfin í sjálfu ferlinu, því í sumum löndum fer aðeins fram lítil eða jafnvel engin náms- og starfsráðgjöf í ferli raunfærnimatsins.

5. Upplýsingar

Mikilvægt er að dreifa upplýsingum um raunfærnimat til ólíkra hagsmunaaðila, þar með talið til sérfræðinga í menntun, svo þróa megi áfram hugmyndafræði og framkvæmd raunfærnimatsins og efla mikilvægi þess sem tækis í starfsþróun, fleirum til hagsbóta.

HELSTU TILLÖGUR UM ÞRÓUN RÁÐGJAFAR Í RAUNFÆRNIMATI Á NORÐURLÖNDUM

Eins og fyrr segir setti vinnuhópurinn fram tillögur um áframhaldandi þróun ráðgjafar í raunfærnimati. Þær helstu voru eftirfarandi:

- Þróa ætti sameiginleg viðmið/leiðbeiningar fyrir ráðgjöf í raunfærnimati á Norðurlöndum, með tilliti til ólíkra verkþátta í ferlinu (upplýsinga og skimunar, færnimöppugerðar, mats, viðurkenningar og eftirfylgni) til að auka gæði ráðgjafarinnar og raunfærnimatsins.
- Norðurlöndin ættu að skoða hvort og hvernig megi nota skilgreind viðmið er varða hæfni einstaklingsins

til að þróa eigin starfsferil (e. career management skills, CMS) sem tæki til að efla skilvirkni og gagnsæi náms- og starfsráðgjafar, sérstaklega er varðar raunfærnimat.

- Þróa mætti *Norræn viðmið um hæfni einstaklingsins til starfsþróunar* (CMS). Byggja má þróunina á þeirri norrænu nálgun sem kynnt er í skýrslunni *A Nordic perspective on career competences and guidance* (Thomsen, 2014).
- Huga þarf betur að því hvernig megi fjármagna ráðgjöf í raunfærnimati.
- Koma þarf á námi og þjálfun fyrir þá sem veita ráðgjöf í raunfærnimati.
- Fræðsla um raunfærnimat ætti að vera hluti af grunnmenntun sérfræðinga í kennslu og ráðgjöf til að efla raunfærnimat enn frekar og auka líkur á að það sé notað meira.
- Viðmið og leiðbeiningar varðandi ráðgjafabjónustu almennt og stefnumótun í hverju landi geta hjálpað til við að finna leiðir til að skipuleggja og samræma ráðgjöf sem er hlutlæg og samfelld. Einstaklingurinn á alltaf að vera í fyrirrúmi.
- Upplýsingamiðlun og fræðslu um raunfærnimat þarf að efla í samfélaginu öllu. Þeir aðilar sem sinna raunfærnimati gætu haft það hlutverk, í auknum mæli, að miðla reynslu og þekkingu til hagsmunaaðila.

AÐ LOKUM

Niðurstöður skýrslunnar benda til þess að skilgreina þurfi betur hlutverk og ábyrgð fagaðila í raunfærnimati á Norðurlöndum. Draga þarf fram þá hæfnipætti sem hver verkþáttur í ferlinu gerir kröfu um og þróa þjálfun fagaðila í samræmi við það, þar á meðal þjálfun ráðgjafa. Þá er varpað fram þeirri spurningu hvort viðmið fyrir hæfni einstaklingsins til að þróa eigin starfsferil (CMS) geti stutt við skilgreiningu á ofangreindum þáttum. Með því væri mögulegt að styðja betur við símenntun og starfsþróun einstaklingsins í ferlinu. Þegar borin eru saman markmið raunfærnimats og ævilangrar náms- og starfsráðgjafar í stefnumótunargögnum Evrópusambandsins er ljóst að þau skarast verulega. Stefnan miðar að því að byggja einstaklinginn upp í átt að virkri færniþróun og starfshæfni. Til að efla gæði þessa málaflokks er þörf fyrir samstarf og samræmdar aðgerðir á öllum stigum; stefnumótunar, skipulags og framkvæmdar (e. policy level, organisational level og practical level).

HEIMILDIR:

- Cedefop (2009). European Guidelines for validating non-formal and informal learning. Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities.
- Cedefop (2014). European inventory on validation of non-formal and informal learning. Thematic report: guidance and counselling.
- Council of the European Union (2012). Council recommendation of 20 December 2012 on the validation of non-formal and informal learning. Available from Internet: http://www.eaea.org/media/policy-advocacy/validation/2012_council_recommendation.pdf
- Thomsen, R. (2014). A Nordic perspective on career competences and guidance – Career choices and career learning. NVL & ELGPN concept note, Oslo: NVL. Available from Internet: http://www.nordvux.net/Portals/0/Gdrive/_dokumenter/2014/Career_competences_and_guidance_2014.pdf

UM HÖFUNDANA:

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún hefur lokið MA-prófi frá Háskóla Íslands í náms- og starfsráðgjöf og diplóma í sama fagi frá Háskólanum í Þrándheimi í Noregi, BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði og hefur kennsluréttindi frá HÍ. Gígja starfaði áður hjá Mími-símenntun og einnig í grunn- og framhaldsskólum. Helstu verkefni hennar hjá FA tengjast náms- og starfsráðgjöf í atvinnulífinu og raunfærnimati.

Fjóra María Lárusdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sjá nánari upplýsingar á bls. 32.

ABSTRACT

The Nordic Network for Adult Learning (NVL) organised a survey on the status of guidance of validation within the Nordic region from April 2014 to August 2015. A report was written on the survey results which can be accessed on the website of the NVL. The ETSC coordinated the writing of the report. Participants in the project were counselling and validation networks within the NVL, but a workgroup was organised with participants from both networks in all the Nordic Countries, in addition to the Åland Islands, the Faroe Islands and Greenland. The main aim of the project was to study how guidance in validation is carried out within the Nordic region, explore main challenges and identify recommendation. The result can hopefully create a common basis for collective discussion and development in guidance in validation that will enhance the quality of validation in the Nordic region.

ARNHEIÐUR GÍGJA GUÐMUNDSDÓTTIR OG FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

GOAL

Nýtt evrópskt þróunarverkefni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) tekur þátt í nýju þriggja ára verkefni sem Erasmus+, mennta-, æskulýðs- og íþróttaaætlun Evrópusambandsins styrkir. Í verkefninu er ætlunin að þróa ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn – þar sem áhersla er lögð á að ná til hópa fólks sem stendur illa að vígi gagnvart námi. Verkefnið heyrir undir aðgerðaáætlun 3 („Key action 3“) sem veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum í alþjóðlegu samstarfi og er ætlað að hafa stefnumótandi áhrif. Verkefnið snýst um að efla samstarf hagsmunaaðila um náms- og starfsráðgjöf fyrir ýmsa jaðarhópa fólks sem stendur illa að vígi gagnvart námi og ber íslenska heitið Ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn (*Guidance and Orientation for Adult Learners – GOAL*). Rannís (Landsskrifstofa menntahluta Erasmus+ á Íslandi) var tengiliður við öflun verkefnisins og mennta- og menningarmálaráðuneytið samþykkti þátttöku FA í ferlinu.

GOAL-verkefnið miðar að því að undirbúa og framkvæma stefnumótandi tilraun þar sem náms- og starfsráðgjöf fyrir fyrrgreinda jaðarhópa er þróuð og árangur af henni er metinn. Tilraunir verða framkvæmdar í öllum þáttökulöndum verkefnisins sem eru Belgía, Holland, Ísland, Litháen, Slóvenía og Tékkland. Flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytið veitir verkefninu forystu og er í náinni samvinnu við Háskólann í London í Bretlandi (University of London) sem mun sjá um að meta árangur af tilraununum og taka saman heildarskýrslu til að miðla lærdómnum áfram innan Evrópu. Hver samstarfsaðili ræður til sín rannsóknaraðila sem er tengiliður við bresku matsaðilana og vinnur náið með verkefnastjórum landanna. FA gerði samning við Menntavísindastofnun Háskóla Íslands um það hlutverk hér á landi. Öll löndin hafa jafnframt samstarfsaðila sem sjá um að vinna beint með hagsmunaaðilum tengdum markhópnum og veita þá ráðgjöf sem þróuð verður. Samstarfsaðilar FA eru Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS).

STAÐAN Í EVRÓPU

Meirihluti Evrópulanda er enn að fást við áskoranir varðandi tengingar á milli þeirra aðila, stofnana og kerfa sem veita nám og þjálfun. Enn eru of margar kerfislægar hindranir og öngstræti hvað varðar tækifæri til náms. Að auki virðist skorta sveigjanleika og gagnsæi fyrir fólk sem síður leitar sér menntunar. Hlutfall þeirra sem taka þátt í fullorðinsfræðslu hefur lengi staðið í stað og verið um það bil 9%, sem er langt frá settu markmiði Evrópulanda um að minnsta kosti 15%

þátttöku fyrir árið 2020. Þátttaka fullorðinna í námi og þjálfun er nátengd læsi og færni til að vinna úr upplýsingum. Þeir sem búa yfir mikilli færni sækja sér frekar símenntun á meðan hinir sem hafa minni færni leita sér síður menntunar (Survey of Adult Skills (PIAAC) (2012), Tables A5.7 and A5.8 (L)).

Algennt er að fólk með litla færni sé að fást við margslungnar áskoranir: félagslegar, fjárhagslegar, heilsutengdar og námstengdar, sem þarf að nálgast á heildrænan hátt og með samstarfi eða öflugu tengslaneti hagsmunaaðila. Þessum hópi hefur aukinheldur oft mistekist í námi og hefur því neikvæða reynslu af skólagöngu, ásamt því að fást við afneitun, vonbrigði út í kerfið sem og félagslega- og fjárhagslega erfiðleika. Þetta hefur áhrif á sjálfstraustið og því er mikilvægt að upplýsingar um hentug tækifæri til náms séu veittar á heildrænan hátt. Náms- og starfsráðgjöf gegnir því veigamiklu hlutverki við að greina færni, áhugasvið og námsmarkmið hvers og eins þannig að hægt sé að þróa einstaklingsmiðaðar leiðir. Ráðgjafabjónustan þarf einnig að vera nægjanlega sveigjanleg til að geta sinnt einstaklingum með ólíkan bakgrunn og reynsluheim. Skilgreina þarf hentugar leiðir til að meta þá þekkingu og færni sem einstaklingurinn býr yfir og finna henni farveg. Jafnframt þarf að hvetja hann og til að taka ábyrgð og styðja hann í að taka ákvarðanir út frá eigin þörfum (P. Federighi et al (2009) Enabling the low-skilled to take their qualifications “one Step Up”).

Sum samstarfslandanna hafa nú þegar komið á laggirnar ráðgjafabjónustu fyrir fullorðna námsmenn og/eða þróað stefnumótunaráætlanir sem snúa að náms- og starfsráðgjöf. Staðan er þó víða sú að þjónustan og uppbygging hennar

nær ekki nógu vel til þeirra sem mest þurfa á því að halda að komast í nám eða þjálfun. Jafnframt þarf að samstillja og efla samstarf á milli þjónustuaðila. Iðulega er of mikil áhersla lögð á að koma fólki sem fyrst í tímabundið í starf og minna fer fyrir því að skilgreina mögulegar námsleiðir sem leitt gætu til þess að einstaklingar komist í hentugt starf til lengri tíma og verði þannig virkari í samfélaginu. Það er því afar brýnt að þróa aðferðir sem byggja á safngreiningu (e. meta-analyses, þar sem safnað er upplýsingum úr nokkrum sjálfstæðum tilraunum) á þeim kerfum, þjónustu, tækifærum og þörfum sem eru fyrir hendi til að ná sérstaklega til fólks með litla formlega menntun. Á þeim þremur árum sem verkefnið spannar, er ætlunin að skilgreina viðmið, skilyrði og mikilvæga þætti sem stuðla að árangri, þannig að byggja megi upp stuðning frá stefnumótunaraðilum og hagsmunaaðilum við að yfirfæra viðeigandi aðferðir í löndum samstarfsaðila.

Samstarfsaðilar munu beina sjónum að þessu viðfangsefni, hver í sínu landi, með það að markmiði að setja þarfir fólks með stutta formlega menntun og fyrrgreinda jaðarhópa í forgrunn, þannig að skilgreina megi leiðir til að virkja það til náms, í samstarfi við helstu hagsmunaaðila.

ÞÖRF FYRIR RÁÐGJÖF UM NÁM Á MEÐAL FÓLKS SEM STENDUR ILLA AÐ VÍGI GAGNVART NÁMI

Á vettvangi framhaldsfræðslunnar hefur á undanförunum 10 árum verið byggð upp öflug náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk með litla formlega menntun með samstarfi FA og símenntunarmiðstöðva um land allt. Sú ráðgjöf telur nú að jafnað um 10.000 viðtöl á ári. Í upphafi fóru náms- og starfsráðgjafar út í fyrirtækin til að ná til markhópsins. Í kjölfar hrunsins var gerður tímabundinn samningur við Vinnuálastofnun um þjónustu við atvinnuleitendur og komu þá fleiri beint inn á símenntunarmiðstöðvarnar til að sækja þjónustuna. Vitneskja um ráðgjöfina hefur einnig dreifst víða með tímanum og fólk kemur oftast að eigin frumkvæði. Í þessu verkefni er ætlunin að leita samstarfs við aðila sem vinna kerfislega og aðstæðubundið með þeim hópum sem síður sækja sér menntun. Hér á Íslandi er horft til þess að efla samstarf vegna þessa meðal annars við félagsþjónustuna, Vinnuálastofnun, sveitarfélög, endurhæfingaraðila, Rauða krossinn og fyrirtæki.

Við þróun ráðgjafarinnar og samstarfsins í kringum hana verður byggt á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla verður lögð á meiri árangur með auknu samstarfi

allra hagsmunaaðila. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir til að virkja markhópin til náms sem nýta má til áframhaldandi stefnumótunar. Á undanförunum árum hefur FA, ásamt fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, þróað öflugna náms- og starfsráðgjafarþjónustu innan framhaldsfræðslunnar en þörf er á að færa vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Á Íslandi er ætlunin að ná til 100 manns í tilraunaverkefninu og skiptist hann á svæði Mímis og MSS.

Meginþættir verkefnisins eru að:

- Koma á og þróa tengslanet og samstarf tengdra hagsmunaaðila/stofnana fyrir þróun verkefnis héraðs.
- Þróa sérstakar aðferðir/tæki fyrir þjónustu náms- og starfsráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja sér síður menntun (t.d. atvinnuleitendur, einstaklingar hjá félagsþjónustunni, fólk í endurhæfingu og fangar o.fl.).
- Skilgreina færniþætti sem styðja ráðgjafa í að vinna með sérstakar þarfir markhópsins.
- Fara með þjónustuna þangað sem markhópin er að finna (outreach/vettvangsnálgun) í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðunum.
- Auka gæði ráðgjafarþjónustu með það að markmiði að notendur nái hámarks árangri.

Hagsmunaaðilar sem tengjast markhópunum munu mynda samráðshóp verkefnisins. Hlutverk fulltrúa í samráðshópi er að veita ráðgjöf við verkefnavinnuna og þróunarferlið á reglulegum fundum með FA, framkvæmdaraðilum og rannsakendum, meðan á verkefninu stendur. Jafnframt að styðja við framkvæmd tilraunarinnar til að færa náms- og starfsráðgjöf nær jaðarhópunum og efla samstarf tengdra hagsmunaaðila á svæðum framkvæmdaraðila, á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu verkefnisins: www.projectgoal.eu

Frekari upplýsingar veita Fjóla María Lárusdóttir og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir.

UM HÖFUNDANA

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. sjá nánari upplýsingar á bls. 57.

Fjóla María Lárusdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sjá nánari upplýsingar á bls. 32.

EMIL B. KARLSSON

ÚTFLUTNINGUR Á FRÆÐSLU FYRIR VERSLUNARFÓLK



Emil B. Karlsson

Verzlunarfólk hér á landi og í Austurríki, ásamt starfsmönnum verslunarkerðjunnar TESCO á Írlandi, á nú kost á sambærilegu starfsnámi. Námið var hannað og prófað með styrk frá Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun ESB. Námskráin byggir á námskeiðum í kennslufræði fullorðinna sem nefnd eru Stiklur og sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þróaði en hún var þátttakandi í samstarfsverkefninu. Stjórnandi verkefnisins var Rannsóknasetur verslunarinnar í samstarfi við Háskólann á Bifröst, þar sem námið verður kennt og hefst kennslan á næstunni.

Með námskránni *Fagmenntun fyrir verslunarþjálfara* er nýjum áfanga náð í starfsmenntun verslunarfólks.

Náminu hefur verið líkt við meistaranám fyrir iðngreinar að því leyti að

fræðslan miðar að því að veita fagfólki í verslun viðbótarhæfni til að takast á við þjálfun og kennslu nýliða og við endurmenntun starfsfólks í verslunum. Markmiðið með þessu nýja námi er að starfsþjálfunin verði framkvæmd á samræmðan hátt með því að beita viðurkenndri og prófaðri kennslufræði. Verkefnið, sem tók tvö ár og er nýlokið, hlaut nafnið RETRAIN sem vísar til ensku orðanna „retail“ og „training“. Starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins, Leonardo da Vinci, styrkti verkefnið.

ENDURBÓTA ÞÖRF Á VINNU- STAÐAÞJÁLFUN Í VERSLUNUM

Ástæða þess að ráðist var í verkefnið var niðurstaða úttektar á því hverjar væru helstu þarfir verslunar og verslunarfólks fyrir starfsmenntun – úttekt sem Rannsóknasetur verslunarinnar framkvæmdi með styrk frá menntamálaráðuneytinu. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að sameiginlegur veikleiki í þeim tilraunum sem gerðar hafa verið undanfarin ár við að koma á fót starfsnámi fyrir verslunarfólk, væri þjálfun sem fer fram á vinnustað. Jafnframt kom í ljós að starfsþjálfun nýliða í verslunum og endurmenntun verslunarfólks er oft og tíðum tilviljunarkennd og ekki í föstum skorðum. Jafnvel svo að skortir á samræmda fræðslu milli verslana innan sömu verslunarkerða. Flestar verslunarkerðjur hafa útbúið metn-

aðarfulla fræðsluáætlun sem notast er við við kennslu nýliða en mismunandi er hvernig framkvæmd hennar er.

Þegar betur var að gáð kom í ljós að svipað ástand er í nágrannalöndum okkar hvað varðar starfsþjálfun í verslunum. Fræðslufyrirkomulag í menntun verslunarfólks er vissulega ólíkt á milli landa. Í sumum nágrannalöndum okkar er hefð fyrir því að starfsmenntun verslunarfólks sé hluti af formlega skólakerfinu á meðan í öðrum löndum fer slík menntun frekar fram í óformlega kerfinu eins og hér á landi. Hins vegar er algengt í samanburðarlöndunum, líkt og hér á landi, að hlutfall þeirra starfsmanna verslana sem ekki hafa lokið formlegri framhaldsmenntun er hærra en gengur og gerist á vinnumarkaði. Með RETRAIN-verkefninu er stuðlað að því að veita þátttakendum annað tækifæri til náms auk þess sem bætt hæfni í starfi skilar sér í aukinni starfsánægju, bættum rekstri fyrirtækjanna og ánægðari viðskiptavinum.

NÝSTÁRLEGAR KENNSLUAÐFERÐIR

Náms- og kennsluáðferðir, sem starfsþjálfum er kennt að nota, má segja að séu að mörgu leyti óhefðbundnar. Byggt er á kennsluáðferðum sem eru sérstaklega lagaðar að þörfum fullorðins fólks og er leitast við að hafa fræðsluna lifandi og sifelltt tengda þeim daglegu aðstæðum sem starfsmenn eru í.

Þeir sem hefja námið og vilja afla sér fagmenntunar sem verslunarþjálfar þurfa að hafa til að bera kunnáttu og reynslu af hefðbundnum verslunarstörfum. Námið snýst því ekki um að kenna „tæknilega“ þætti sem verslunarmenn þurfa að kunna skil á í daglegum störfum heldur er öll áhersla lögð á

kennslufræði sem þessir starfsmenn þurfa að beita til að geta leiðbeint nýliðum og öðrum samstarfsmönnum í verslunum.

Námsskráin gefur kost á tveimur valmöguleikum við lengd námsins. Grunnþættirnir eru þeir sömu í báðum kostunum en fjöldi námsstunda eru ólíkir. Styttri valkosturinn er nám sem er alls 40–50 klukkustundir að lengd og hin útfærslan, sem er mun ítarlegri, er alls um 120 klst. náms-tími.

Í fyrri valmöguleikanum er náminu skipt í átta lotur; fjórar kennslulotur og fjórar vinnustaðalotur. Gert er námsmat bæði áður en námið hefst og aftur í lok þess. Þungamiðja í náminu er samskiptahæfni og skilvirkar aðferðir við miðlun upplýsinga auk skipulagningar á fræðslu á vinnustað.

Námsskráin hefur verið prófuð bæði hér á landi og í hinum þátttökulöndum verkefnisins. Hér voru það um 10 starfsmenn Samkaupa sem tóku þátt. Að þeirri tilraun lokinni var námsskráin endurbætt með tilliti til þátta þar sem í ljós kom að endurbóta væri þörf.

KENNSLA HEFST Á BIFRÖST OG Í TESCO

Þann 21. september síðastliðinn var haldinn lokafundur verkefnishópsins í Reykjavík. Um leið var haldinn opinn fundur þar sem niðurstöður voru kynntar og sagt frá hagnýtingu niðurstaðna í hverju þáttökulandi. Fram kom að hér á landi verður farið að kenna samkvæmt námsskránni við Símenntun Háskólans á Bifröst á þessu hausti. Það verður tengt við Diplómanám í verslunarstjórnun sem háskólinn hefur kennt um langt skeið og þannig er þeim sem leggja stund á verslunarstjórnun gert kleift að bæta við sig hæfni í að skipuleggja og stunda starfsþjálfun á sínum vinnustað.

Fulltrúi TESCO í verkefninu, Bill Halliden, sagði að nú væri í undirbúningi sérstakt nám innan verslunarkeðjunnar TESCO sem ætlað væri þeim starfsmönnum sem annast sölu á ferskum matvörum í tengslum við áherslubreytingar innan keðjunnar. Í því skyni fá lykilstarfsmenn innan samstæðunnar kennslu samkvæmt námsskránni og verður þar með tekin upp ný og fersk nálgun frá því sem áður hefur verið.

Í Austurríki verður sömuleiðis á næstunni farið að kenna samkvæmt námsskránni á vegum starfsmenntamiðstöðvarinnar BEST sem tók þátt í verkefninu. Sjónum verður fyrst og fremst beint að stærri verslunardeðjum landsins.



NÆSTA SKREF ER STARFSÞJÁLFUN Í FERÐAÞJÓNUSTU

Það var við hæfi að daginn eftir lokaráðstefnu RETRAIN-verkefnisins var haldinn í Reykjavík upphafsfundur að nýju evrópsku samstarfsverkefni sem er eins konar framhald RETRAIN verkefnisins. Nýja verkefnið ber heitið TTRAIN (Tourism and Training) og snýr að námsskrágerð fyrir

starfsþjálfra í ferðaþjónustu. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ menntaáætlun Evrópusambandsins og taka að hluta til sömu þátttakendur þátt í seinna verkefninu og í hinu fyrra. Stjórnandi verkefnisins er Rannsóknasetur verslunarinnar. Byggt verður á sömu hugmyndafræði og í fyrra verkefninu.

UM HÖFUNDINN:

Emil B. Karlsson er forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar.

ABSTRACT

Icelandic and Austrian shop assistants along with the employees of the TESCO chain stores in Ireland now have access to comparable vocational education. A grant from the Leonardo da Vinci programme of the European Commission made it possible to design and test out the programme. The curriculum guide is based on courses in adult pedagogy called Stepping Stones (Stíklur) developed by the Education Training and Service Centre (ETSC) which took part in the project. The Centre for Retail Studies in collaboration with Bifröst University was in charge of the project and there the programme will be taught in the near future.

BIRNA VELEMIR OG MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

ÞAÐ ER ALDREI OF SEINT AÐ FARA Í NÁM

Þessi grein fjallar um rannsókn á því hvað hvetur konur til að fara í háskólanám eftir langt hlé og hvað hindrar þær. Einnig var skoðað hver ávinningurinn af náminu var að þeirra eigin mati. Rannsóknin var unnin í BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði og verða hér helstu niðurstöður kynntar.

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvað hvetur konur til að hefja háskólanám eftir langt hlé, kanna hvaða hindranir verða á vegi þeirra og skoða hver ávinningurinn er af náminu að þeirra eigin mati. Einnig var markmiðið með rannsókninni að niðurstöðurnar gætu orðið konum sem komnar væru á miðjan aldur hvatning til að mennta sig.

Rannsóknin var viðtalsrannsókn og byggðist á einstaklingsviðtölum við sex konur á aldrinum 43–60 ára sem allar luku stúdentsprófi á „réttum“ tíma eða á aldrinum 20–25 ára og tóku sér síðan langt hlé frá námi, þ.e. á bilinu 10–17 ár.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að hvatar þess að konur hefja háskólanám eftir langt hlé frá námi eru fjölmargir. Þær nefndu auknar kröfur samfélagsins um menntun en menntunarstigið vex sífellt og erfitt getur verið að keppa við ungt fólk á vinnumarkaði sem hefur hærra prófgráður. Með háskólamenntun aukast atvinnutækifærin og einnig getur starfsumhverfið haft áhrif á það að konur fari í nám, annaðhvort til að skipta um starf eða efla sig í núverandi starfi. Þörfin fyrir að takast á við ný verkefni og aðgengi að námi var einnig drifkraftur. Þær hindranir sem helst voru á vegi þeirra voru fjölskylduskuldbindingar, lítil trú á eigin getu og takmarkað aðgengi að námi.

Niðurstöðurnar sýndu einnig að ávinningur af námi er margþættur. Við greindum þrjá meginþætti sem eru samt sem áður samofnir:

- Persónulegur ávinningur sem vísar til þátta eins og meira sjálfsöryggis, vísýni og gagnrýnnar hugsunar, öflugri félagslegra tengsla og annars gildismats.
- Faglegur ávinningur sem vísar til þátta eins og að vera hæfari á vinnumarkaði, hafa starfsöryggi, vera skilvirkari í vinnubrögðum, að vera faglegri í framgöngu og öðlast stærra tengslanet.



Birna Velemir



Margrét Sigurðardóttir

- Launalegur ávinningur sem felur í sér að menntun gefi hærra laun.

MIKILVÆGI MENNTUNAR – AUKIN KRAFA UM MENNTUN

Með aukinni tæknivæðingu, flóknari störfum og auknum kröfum eykst stöðugt þörfin fyrir þekkingu. Því er talið mikilvægt að fólk afli sér menntunar til að auka lífsgæði sín og stuðla að nýsköpun og verðmætaaukningu. Með menntun verður fólk hæfara í að tileinka sér nýja þekkingu og færni og getur nýtt sér þær tækninýjungar sem nútímasamfélag krefst. Menntun er talin vera undirstaða góðra lífskjara (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000).

Ávinningur menntunar birtist á ýmsan hátt, bæði persónulega og fjárhagslega (Pallas, 2000; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004) en margar hindranir geta verið fyrir konur til að afla sér frekari menntunar (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999; Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2011; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Konur eru oft í mörgum hlutverkum og bera mikla ábyrgð og það hefur vafalaust oft hindrað konur í gegnum tíðina að mennta sig að þær hafa sinnt og axlað ábyrgð á heimilinu meira en karlar og látið menntamarkmið sín sitja á hakanum (Filipponi-Berardinelli, 2013; Deutsch og Schmertz, 2011).

ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ EKKI VAR FARIÐ Í NÁM EFTIR STÚDENTSPRÓF

Hjá öllum konunum, sem tóku þátt í rannsókninni, kom fram að þær gerðu hlé á námi eftir stúdentspróf vegna fjölskyldu- skuldbindinga. Konurnar voru annaðhvort búnar að stofna til fjölskyldu þegar þær luku stúdentsprófi eða gerðu það í kjölfarið. Af þeim ástæðum settu þær því frekari námsferil í bið til þess að sinna fjölskyldu og heimili. Eins og einn viðmælandi okkar sagði:

Þegar ég kláraði stúdentsprófið þá erum við að byggja [úti á landi] og hérna og ég var ófrísk að mínu fyrsta barni þannig að ég ákvað bara að bíða með það ég hérna ákvað bara að ég væri ekki viss hvað ég ætlaði að læra og svona fannst aðstæðurnar bara vera þannig að ég hérna yrði bara að bíða aðeins með það þannig að ég bara fór [út á land] og átti mín börn og var alltaf að vinna.

Margar rannsóknir, t.d. Merriam o.fl. (2007), Svava Guðrún Sigurðardóttir (2011) og Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir (2008), hafa sýnt fram á að konur virðast einna helst glíma við aðstæðubundnar hindranir og vega þar skuldbindingar við fjölskyldu einna þyngst. Í viðtölum kom í ljós að konurnar fóru ekki í nám aftur fyrr en börnin voru orðin nokkuð stálpuð eða jafnvel uppkomin og heimilisreksturinn orðinn auðveldari. Þetta bendir til þess að kynbundin félagsleg öfl hafi enn áhrif á menntum kvenna. Það kemur einnig í ljós í rannsóknum Filipponi-Berardinelli (2013) og Deutsch og Schertz (2011) að konur finna fyrir ákveðnum þrýstingi að bera hitann og þungann af því að sjá um börn og heimili þrátt fyrir að þær uppfylli menntamarkmið sín.

NÁMSHVATI

Þegar farið var að kanna ástæður þess að konurnar hófu nám að nýju kom í ljós að krafa um aukna menntun var ein af þeim ástæðum sem hvatti konurnar til mennta. Þær upplifðu að yngra fólk væri látið ganga fyrir í störf sem þær höfðu unnið við til margra ára og jafnvel tekið þátt í að hjálpa þessu sama unga fólki að tileinka sér störf. Ein kvennanna hafði orð á því að mennt væri máttur og hún var alltaf ákveðin í að mennta sig meira til þess að fá hærri laun og jafnvel betri stöður. Það sem gerði síðan útslagið að hún fór í nám var að hún fékk vinnu hjá fyrirtæki sem var að opna útibú á lands-

byggðinni. Í upphafi var hún eini starfsmaðurinn þar og þurfti að læra margt sem viðkom starfseminni:

Svo var ég búin að vera þarna í nokkrar vikur eða mánuði þá er ráðið nýtt fólk, það komu svona „fermingar-drengir“ og fenguínu stöðurnar og háu launin en ég kenndi þeim allt. Þannig að ég var bara heyrðu ég verð að fá snepil eins og þeir og hérna hækka launin og ákvað þá að drífa mig í háskólanám.

Þetta er bein tenging við það að í nútímasamfélagi eykst krafan stöðugt um þekkingu og með aukinni menntun verður fólk hæfara í að tileinka sér nýja þekkingu og færni (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000). Menntunarstigið vex sífellt og það getur verið erfitt fyrir þá sem eldri eru að keppa við ungt fólk á vinnu- markaði sem hefur meiri menntun (Jón Torfi Jónasson, 2005).

Aukin atvinnutækifæri voru oft nefnd þegar spurt var um hvað hvatti viðmælandur okkar til náms. Konurnar vildu eiga möguleika á betri og fjölbreyttari störfum og öðlast meira starfsöryggi. Þetta er í takt við niðurstöður Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Jóns Torfa Jónassonar (2004) en hjá þeim kom í ljós að það sem hvatti marga viðmælandur þeirra til náms var metnaður til þess að ná lengra á vinnu- markaði og komast í betri stöður.

Í viðtölunum kom skýrt fram að stuðningur í náminu er mikilvægur. Allar konurnar nefndu að þær hefðu haft mikinn stuðning af því að tilheyra hópi í náminu. Stuðningurinn var þeim konum sem voru í fjarnámi sérstaklega mikilvægur og taldi ein kvennanna að hún hefði líklega gefist upp í náminu ef hún hefði ekki haft hópstuðning. Önnur kvennanna nefndi að stuðningur frá símenntunarmiðstöð hefði verið henni mikilvægur en hún tók þar próf og hlustaði á fyrirlestra og fékk mikla hvatningu frá starfsfólki skólans. Slatto (2008) telur að þegar um fjarkennslu sé að ræða þá þurfi nemendur meiri stuðning eða annars konar stuðning og ráðgjöf en þegar kennt er í staðnámi. Í fjarkennslu eru kennarar og nemendur oftast aðskildir og skortir því fjarnemendur oft þann stuðning og það öryggi sem staðnemar njóta af samveru við aðra nemendur og kennara. Því sé faglegur stuðningur, stuðningur frá kennara og upplýsingagjöf lyklatríði í gæðum fjarkennslu.

NÁMSHINDRANIR

Stór hluti þeirra sem sækja ekki fræðslu bera við litla trú á eigin getu (Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava

Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Raket Steinvör Hallgrímsdóttir, 2008). Þeir erfiðleikar sem konurnar upplifðu, þegar þær íhuguðu að fara í háskólanám, fólust helst í því að hafa litla trú á eigin getu. Flestum konunum fannst tilhugsunin um að vera að fara í háskóla frekar ógnvekjandi. Ein kvennanna komst skemmtilega að orði þegar hún lýsti hugmyndum sínum af því hvað það þýddi að vera í háskóla:

Ég hélt einhvern veginn að þegar maður væri í háskóla að háskóli væri eitthvað svona alveg maður yrði bara að sofa í læstri hliðarlegu og yrði að vera alveg rosalega vísindalegur og gáfulegur af því að maður væri í háskóla þetta er svo rosalega mikið orð en svo bara rjátlaðist það bara af manni.

Fyrirfram mótaðar hugmyndir annars viðmælanda okkar voru þær að hún hefði líklega ekki getu til þess að stunda háskólanám:

Já já, ég var ógeðslega stressuð fyrst mér fannst ég það var langt síðan ég var í námi og ég skildi bara ekki hvað ég var að drifa mig í nám og ég myndi örugglega falla í öllu og kennararnir myndu bara hlæja að mér guð minn góður hvernig datt þessari í hug að fara í nám en svo komst maður að því fljótlega að maður gat þetta alveg.

Það var áhugavert að sjá að því lengra hlé sem konurnar tóku frá náminu þá virtust þær frekar vanmeta getu sína til náms.

ÁVINNINGUR

Allar konurnar nefndu persónulegan ávinning þegar spurt var um þann ávinning sem þær töldu sig hafa fengið út úr náminu. Þær nefndu að námið hefði gefið þeim meira sjálfs-traust og að þær hefðu öðlast meiri víðsýni, annað gildismat og þannig farið að horfa á lífið öðruvísi. Konurnar nefndu einnig að þær væru gagnrýnni í hugsun og hefðu öðlast öflugri félagsleg tengsl. Eins og kvennanna komst að orði:

Ég held að maður hafi sko fyrir utan bara að læra þessi fræði þá lærði maður náttúrulega bara að meta lífið öðruvísi og horfa á lífið öðruvísi maður fór að velja fyrir sér hlutum sem maður hafði ekki verið að spá í bara þetta stækkaði sjóndeildarhringinn dálítið mikið.

Þetta fellur að niðurstöðum Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Jóns Torfa Jónassonar (2004) en hjá þeim kom fram að með aukinni menntun eykst sjálfsöryggi, víðsýni og hæfni til að skoða ólík mál út frá ýmsum sjónarhornum. Einnig samrým-ist þetta hugmyndum Pallas (2000) um að aukin menntun leiði til aukinnar kunnáttu og vitræns þroska, betra sálræns ástands, sterkari félagslegra tengsla og annars gildismats.

Faglegur ávinningur var einn af þeim þáttum sem viðmæl- endur okkar sóttust mjög eftir þegar farið var í nám. Þegar skoðað var hvaða þættir það voru sem tengdust faglegum ávinningi af náminu kom í ljós að konurnar töldu sig vera orðnar hæfari á vinnumarkaði og hafa meira starfsöryggi. Einnig töldu þær sig vera orðnar faglegri í framgöngu, hafa skilvirkari vinnubrögð og öflugra tengslanet. Þetta samrým-ist fyrri rannsóknum á þessu sviði en með því að mennta sig geta einstaklingar bætt stöðu sína á vinnumarkaði og átt kost á því að komast í fjölbreyttari störf en áður (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Þorvaldur Gylfason og Gylfi Zoega, 2003). Niðurstöður okkar eru einnig í sam- ræmi við hugmyndir Pallas (2000) sem telur að vinnuumhverfi þeirra sem mennta sig verði betra. Þeir sem mennta sig taki frekar ábyrgð og gegni oftast stjórnunarstöðum. Allar kon- urnar gegna stjórnunarstöðum með einum eða öðrum hætti og töldu það vera nokkuð víst að þær væru ekki í því starfi sem þær eru í dag ef þær hefðu ekki farið í háskólanám.

Allar konurnar nefndu einnig launalegan ávinning af því að hafa lokið háskólanámi og er það í takt við aðrar rannsóknir á þessu sviði þar sem niðurstöður benda til að aukin menntun leiði til hærri launa þótt það sé ekki einhlítt (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Pallas, 2000; Þorvaldur Gylfason og Gylfi Zoega, 2003).

Það var áhugavert að sjá í rannsókn okkar að í upp- hafi náms þá voru konurnar fyrst og fremst að sækjast eftir faglegum og launalegum ávinningi en þegar upp var staðið þá virðist persónulegi ávinningurinn ekki hafa minna vægi en faglegur og launalegur. Þetta skiptir vitanlega miklu máli þegar rætt er um mikilvægi þess að eiga kost á námi síðar á lífsleiðinni, hafi því ekki verið sinnt fyrir.

NÁMSUMHVERFIÐ

Námsumhverfið getur haft áhrif á það hvort einstaklingurinn fari í nám en þar hefur aðgengi og framboð mikið að segja (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004; Eygló Björnsdóttir, 2013). Fjarnámið skipti miklu máli fyrir viðmæl-

endur okkar sem bjuggu á landsbyggðinni. Ein kvennanna var eiginlega búin að afskrifa það að fara í meira nám þegar hún komst í fjarnámið. Annar viðmælandi sagði að hún hefði flutt úr sínu sveitarfélagi ef fjarnám hefði ekki verið í boði og ein kvennanna taldi að hún hefði farið fyrr í nám ef hún hefði búið í Reykjavík.

Námsframboð getur einnig haft áhrif þegar kemur að hvatningu til náms (Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir, 2010; Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Þegar skoðað var námsval viðmælanda okkar þá kom í ljós að námsframboðið hafði að nokkru leyti áhrif á námsval þeirra. Þetta mátti sjá hjá konunum sem bjuggu á landsbyggðinni. Svo virðist sem fólk ákveði stundum fyrst að afla sér formlegrar menntunar, háskólaprófs í þeim tilvikum sem við ræðum en ákveður síðan um hvað námið á að snúast. Hjá sumum kom helst ekki annað til greina en fjarnám og námsvalið réðst af því hvað þar var í boði. Niðurstöður okkar benda til þess að það sé í sjálfu sér hindrun að hafa takmarkað námsframboð í fjarnámi.

Eins og fram hefur komið þá tóku allar konurnar í rannsókninni sér hlé frá námi vegna fjölskylduskuldbindinga. Það kom fram hjá konunum, sem bjuggu á landsbyggðinni, að það væri mikil fyrirhöfn og kostnaður að flytja með fjölskylduna á höfuðborgarsvæðið til þess að stunda nám, því má leiða líkur að því að sveigjanlegt námsfyrirkomulag komi sér vel við slíkar aðstæður.

STARFSÞRÓUN

Þegar konurnar voru spurðar hvort þær teldu símenntun skipta máli þá töldu þær svo vera. Símenntun er á öllum vinnustöðum kvennanna en misjafnt er hversu mikið er lagt upp úr henni en allar konurnar töldu það vera mjög nauðsynlegt og jákvætt að hafa símenntun í boði á vinnustað. Flestar konurnar töldu þó að símenntun gæti ekki komið í staðinn fyrir háskólanám.

Einn viðmælandi komst svo að orði:

Ef þú ferð í háskólanám þá færðu gráðu en með símenntun ertu meira að sérhæfa þig í hinu og þessu sem þú ert að vinna við og afmarkar þig meira og læra meira [...] maður vill náttúrulega fá gráðurnar því þær veita manni réttindi.

Þetta er í samræmi við niðurstöður Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Jóns Torfa Jónassonar (2004) en þar kom fram að

það skiptir máli að háskólamenntunin veitir starfsheiti og visst forskot á vinnumarkaði því prófgráðan sýnir merki um hæfni á ákveðnu sviði sem skiptir miklu máli ef það er samkeppni um störf.

NIÐURSTÖÐUR Í LJÓSI OKKAR REYNSLU

Það var mjög áhugavert að skoða upplifun og reynslu kvennanna í rannsókninni og bera saman við okkar eigin reynslu. Við lukum stúdentsprófi á „réttum“ tíma en tókum síðan langt hlé frá námi vegna fjölskylduskuldbindinga og sinntum heimili og fjölskyldu eins og viðmælandur okkar. Þegar 10–12 ár voru liðin frá stúdentsprófi þá fórum við báðar í nám, þó ekki háskólanám. Það kom okkur skemmtilega á óvart, þegar við skoðuðum hversu langt hlé konurnar tóku sér frá námi, að sá tími var í kringum 15 ár eða svipaður og sá tími og við tókum okkur í hlé frá námi.

Þegar við fórum að huga að háskólanámi þá fannst okkur báðum háskólaumhverfið vera frekar ógnvekjandi. Við vorum ekki vissar um hvort við ættum erindi í háskóla og segja má að viðmælandur okkar hafi lýst þeirri tilfinningu sem við upplifðum í upphafi námsins. Helsti hvati þess að við tókum þá ákvörðun að fara í nám var að efla okkur í starfi og auka atvinnumöguleika og atvinnuöryggi. Við upplifum það sama og viðmælandur okkar því okkur finnst persónulegi ávinningurinn af náminu vera mjög mikill.

Hér má segja að ferlið hafi verið það sama hjá okkur og viðmælandum okkar. Það sem kom okkur mest á óvart var hvað upplifun viðmælanda okkar var lík okkar eigin upplifun. Sjá má nokkuð skýrar línur því konurnar sex og við tvær höfum í mikilvægum atriðum sömu söguna að segja. Út frá þessum niðurstöðum má leiða líkur að því að fleiri konur gangi í gegnum svipað ferli þegar þær íhuga að uppfylla menntamarkmið sín.

AÐ LOKUM

Í samfélagi þar sem stöðugt er krafist aukinnar menntunar er mikilvægt að tillit sé tekið til aðgengi allra að menntun. Konur eru í þeim hópi sem taka sér oft hlé frá námi vegna fjölskylduskuldbindinga og finnst erfitt að hefja nám að nýju, sérstaklega ef það er langt liðið frá fyrra námi. Því er mikilvægt að koma til móts við þennan hóp, til dæmis með sveigjanlegu námsfyrirkomulagi.

Svör kvennanna benda til að það sem helst hvetur konur til mennta eftir langt hlé eru auknar kröfur um menntun, aukin atvinnutækifæri, þörf fyrir að takast á við ný verkefni og gott aðgengi að námi. Það sem getur dregið úr þeim eða hindrað þær að hefja nám að nýju eru fyrst og fremst fjölskylduskuldbindingar en einnig þættir eins og lítil trú á eigin getu og takmarkað aðgengi að námi. Síðast en ekki síst kom í ljós í viðtölunum að ávinningur af námi er margþættur. Má þar nefna fyrst og fremst persónulegan ávinning sem virðist ekki síðri en faglegur og launalegur ávinningur.

Það var ánægjulegt að sjá hvað konurnar í rannsókninni voru fljótar að yfirstíga þá tilhugsun að þær ættu ekki erindi í nám og hvað þær uppskárú margs konar ávinning. Af þessum niðurstöðum má álykta að rannsóknin geti orðið hvatning til kvenna að mennta sig.

ÁHRIF Á STEFNU

Þegar einni spurningu er svarað þá vakna aðrar í kjölfarið. Það er ljóst að ávinningur af námi er mikill og margþættur og því er mikilvægt að þær konur sem að hafa áhuga á að mennta sig hafi tækifæri til þess. Það er að minnsta kosti þrennt sem ber að huga að miðað við niðurstöður okkar um að fjölskylduhagir, lítil trú á eigin getu og aðgengi að námi hindri. Hugsanlega er síst hægt að stjórna fjölskylduhögum, eða jafnvel ekki eftirsóknarvert að reyna slíkt, nema þá hugsanlega með eflingu fjarnáms. En það er hægt að beina sjónum að lítilli trú á eigin getu sem oft virðist hreinlega tilefnislaus með því að leiðbeina konum en einnig mætti hugsa sér að settar séu upp styttri námsbrautir sem koma konum á bragðið og sýna þeim að þær ráða oft en ekki við námið. Þær myndu átakalaust halda áfram ef hugur þeirra stendur til þess.

Hvað varðar aðgengi að námi þá vakti það sérstakan áhuga okkar hvað fjarnámið hafði mikil áhrif á menntun kvennanna í rannsókninni, sérstaklega hjá þeim sem bjuggu á landsbyggðinni. Takmarkað aðgengi dró verulega úr þeim möguleikum að þær gætu stundað nám en á sama hátt var gott aðgengi að námi þeim mikil hvatning að hefja nám að nýju. Allar konurnar tóku sér hlé frá námi til þess að sinna heimili og fjölskyldu og má leiða líkum að því að sveigjanlegt námsfyrirkomulag komi sér vel við slíkar kringumstæður.

Í ljósi þessara niðurstaðna væri áhugavert að skoða aðgengi og framboð á námi í heild sinni. Er sú tækni nýtt sem er í boði til þess að bjóða upp á gott fjarnám? Hvernig er gott fjarnám? Er nægjanlega fjölbreytt framboð af námsbrautum

í fjarnámi? Þetta eru spurningar sem væri áhugavert að fá svör við og eru mjög mikilvægur liður í menntaumræðunni.

HEIMILDIR

- Deutsch, N. L. og Schmertz, B. (2011). "Starting from ground zero: " Constraints and experiences of adult women returning to college. *Review of Higher Education*, 34(3), 477–504. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/864037068/AC61B0BB935949F5PQ/3?accountid=27513>.
- Eygló Björnsdóttir. (2013). „Ég er svo óvanur svona fjarnemastússi“: Aukinn sveigjanleiki náms við Háskólann á Akureyri. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://skemman.is/en/stream/get/1946/14547/34621/1/%C3%89g_er_svo_%C3%B3vanur.pdf.
- Filipponi-Berardinelli, J. O. (2013). Exploring Efficacy in Negotiation Support: Women Re-Entry Students in Higher Education. *College Quarterly*, 16(2). Sótt af <http://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1016456.pdf>.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2010). Hvers vegna koma þau ekki? Þátttaka fólks með stutta formlega skólagöngu. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 6–19. Sótt af http://www.frae.is/files/G%C3%A1tt_2010_web_006-019_1431720169.pdf.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129–143. Sótt af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/10_johanna_jon1.pdf.
- Jón Torfi Jónasson (2005). Allt á eina bókina lært? Um reglufestu og einsleitni í þróun háskóla. *Uppeldi og menntun*, 14(1), 133–140. Sótt af <https://notendur.hi.is/jtj/greinar/Throun%20haskolastigsins%20Vidhorf%20Uppeldi%20og%20menntun%202005.pdf>
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). Símenntun á Íslandi. Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18–75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998. Sótt af <http://www.hugheimar.is/simenntun%20a%20islandi.pdf>.
- Merriam, S. B., Caffarella, R. S. og Baumgartner, L. M. (2007). *Learning in adulthood. A comprehensive guide* (3. útgáfa). San Francisco: Jossey-Bass.
- Pallas, A.M. (2000). The effects of schooling on individual lives. Í M. T. Hallinan (ritstjóri). *Handbook of sociology and social research. Handbook of the sociology of education* (499–525). New York: Plenum Publishers.
- Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir. (2008). *Annað tækifæri – í nám að nýju: Reynsla og líðan fullorðinna kvenna með litla formlega menntun sem hefja nám að nýju* (óútfingin meistarafráttir). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/12727>.
- Slatto, T. (2008). Kennarinn – Lykillinn að gæðum í fjarkennslu. *Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 41–43. Fræðslumíðstöð atvinnulífsins.
- Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2011). *Eins hindrun er annars hvati: Ástæður fyrir brottþvarfi og endurkomu kvenna til náms* (óútfingin meistarafráttir). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/10312>.
- Porvaldur Gylfason og Gylfi Zoega (2003). Education, Social Equality and Economic Growth: A View of the Landscape. *CEsifo Economic Studies*, Vol. 49(4), 557–579. Sótt af <https://notendur.hi.is//gylfason/pdf/cesifo.pdf>.

UM HÖFUNDANA

Birna Velemir starfar sem ráðgjafi hjá Vinnumálastofnun á Norðurlandi vestra. Hún lauk BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2015.

Margrét Sigurðardóttir starfar hjá Hjallastefnunni. Lýkur BA-prófi í uppeldis- og menntunarfræði vorið 2016.

OLGA BJÖRT ÞÓRÐARDÓTTIR OG SÆRÚN RÓSA ÁSTÞÓRSDÓTTIR

DÚXINN SEM HÉLT AÐ HÚN VÆRI VITLAUS

Kristjana dúxaði í Menntastoðum og Keili og lauk háskólanámi í júní



Olga Björt Þórðardóttir



Særún Rósa Ástþórsdóttir

Kristjana Þórarinsdóttir hafði talið sjálfri sér trú um að hún gæti ekki lært, að bóklegt nám væri ekki fyrir hana og hún var sannfærð um að ef hún færi í skóla yrði hlegið að því hvað hún væri vitlaus. Hún glímdi lengi við lítið sjálfstraust í námi og þurfti að sanna fyrir sjálfri sér og öðrum að hún gæti þetta víst og það með eindæmum vel. Hún hóf gönguna hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) í Grunnmenntaskólanum. Fór þaðan í staðnám Menntastoða og loks í háskólabróú Keilis til þess að öðlast ígildi stúdentsprófs. Kristjana lauk nýverið við lokaverkefni sitt í sálfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist með BS gráðu í byrjun júní 2015. Lokaverkefnið hennar var rannsókn á viðfangsefni sem hefur lítið verið skoðað hér á landi og Kristjana hefur

sett sér það markmið að verkefnið hafi tilfinnanleg áhrif í samfélaginu.

Þeir sem hefja nám á fullorðinsárum þurfa oftast en ekki að brjóta múra hugarfarsins og byggja upp trú á eigin getu í námi. Saga Kristjönu er gott dæmi um það hvaða áhrif nám á fullorðinsárum hefur á einstaklinginn og hvernig það að stíga skrefið getur opnað dyr að ótal möguleikum sem áður þóttu aðeins fjarlægur draumur. Við byrjum á að forvitnast um það hvernig það kom til að Kristjana fór í nám og hvers vegna hún lét verða af því haustið 2009. „Á þessum tíma var orðið lítið að gera í vinnunni og ég ákvað að loka þeim rekstri sem ég var með. Ég var á atvinnuleysisbótum í stuttan tíma áður en haft var samband við mig og mér boðið að fara í Grunnmenntaskólann hjá MSS. Þetta var eiginlega meira svona til þess að fara eitthvað út og hafa eitthvað að gera. Og þarna var maður kominn í áttunda bekkjar stærðfræði og stafsetningapróf og sjálfstyrkingu. Ég fann að ég væri ekki alveg jafn ómöguleg til náms eins og ég hélt,“ segir Kristjana.

FÉKK MARTRAÐIR UM SKÓLA-GÖNGUNA

„Ég man eftir því þegar ég var yngri, af því ég hætti í framhaldsskóla, þá fékk ég martraðir um að ég myndi mæta í skólann og allir myndu hlæja að mér af því ég væri svo

vitlaus, ég gæti bara ekki lært á bók. Ég væri meira svona týpa sem þyrfti bara að fara í verklegt nám, iðnnám eða svoleiðis,“ rifjar Kristjana upp. Þegar hún fór af stað fann hún svolítið að þetta var ekki rétt hjá henni og að hún gæti alveg lært. „Þetta var allt fullorðið fólk í náminu og allt fólk sem hafði flosnað upp úr námi af einhverjum ástæðum. Það myndaðist svona hópómóral að fara áfram í Menntastoðir. Við hvöttum hvort annað áfram og ég fór eiginlega svolítið út af þrýstingi og þetta var svona: Já, við gerum þetta bara! -viðhorf.“ Skrefið var þó risavaxið í huga Kristjönu á þessum tíma. Þetta var hálf ár, undirbúningur fyrir meira nám og hún vissi að þetta yrði erfitt og tæki á. „Ég var náttúrulega bara skíthædd, það var ekkert öðruvísi. Ég kom svo þann 3. janúar til þess að byrja í Menntastoðum, búin að fara í bókabúðina og vissi ekkert hvað ég átti að kaupa, kunni ekki að glósa og ýmislegt í þessum dúr. Þetta var allt voðalega spes en svo bara gekk þetta þvílíkt vel.“

VAR LÖGÐ Í EINELTI Í GRUNN-SKÓLA

Kristjana hætti í námi í framhaldsskóla á sínum tíma í upp-reisn gegn námi og sannfærð um að geta ekki lært. Hún telur

nokkra samverkandi þætti hafa átt þátt í því að hún hélt ekki áfram í námi og er í raun efins um að það hefði nokkurn tíma getað orðið svo að hún færi hina hefðbundnu leið úr grunnskóla og beint í framhaldsskóla. „Ég var ekki tilbúin að fara í nám, var ekkert að fara að læra, bara að fara í framhaldsskóla af því að maður átti að gera það. Ég var ekki með rétta hugarfarið, var rosalega lítil í mér og fannst ég verri en allir aðrir, með lítið sjálfalít og það bitnaði mjög mikið á mér,“ segir Kristjana og bætir við að í grunnskóla hafi hún verið lögð í mikið einelti og telur að það hafi hvílt þungt á sér ennþá þarna. Fjölskylduástæðurnar hafi líka haft áhrif. „Ég ólst upp á Djúpavogi og fór í skóla á Egilsstöðum og það var erfitt, maður fór að heiman til þess að fara í skóla. Þarna var ég ein í herbergi með stelpu frá Seyðisfirði og þetta var bara of mikið miðað við það á hvaða stað ég var. Ég hefði þurft að vera í vernduðu umhverfi til þess að þetta gengi upp en ég er ekki viss um það hefði gert það, þó það hefði verið.“

„ÞURFTI EKKERT AÐ TAKAST Á VIÐ ÞAÐ HVAÐ ÉG VÆRI VITLAUS“

Kristjana var kölluð á fund skólameistara af því að hún var í raun búin að skrópa sig úr náminu. „Hann bauð mér að fara heim og læra og taka prófin, þótt ég væri í raun ekki með próftökurétt. Ég var með svo góðar einkunnir úr grunnskóla og honum fannst það mjög mikil synd að ég kastaði þessu tækifæri á glæ. Ég tók í höndina á honum, sagðist mæta en fór svo að vinna og hafði engan tíma í þetta. Mér fannst það held ég bara fínt að vera laus frá þessu því þá þurfti ég ekki að takast á við hvað ég væri vitlaus.“ Kristjana lýsir sjálfri annars sem mjög duglegri og sjálfstæðri. Hún vann mikið á þessum árum og var búin að festa kaup á eigin íbúð aðeins 17 ára. Hún hafði annað viðhorf gagnvart sjálfri sér sem námsmanni. „Það var eitthvað sem ég taldi mér trú um að væri ekki fyrir mig. Ég las til dæmis aldrei mér aldrei til ánægju. Ég sagði við sjálfa mig að ég gæti ekki lesið, sem er bara kjánalegt, svona eftir á að hyggja.“

Aðspurð segir Kristjana að námið í Menntastöðum hafi tvímælalaust haft áhrif á viðhorf til náms og eigin getu. „Það víkkaði sjóndeildarhringinn og smátt og smátt var farið að grafa undan þeim viðhorfum að ég gæti ekki lært, ég gæti ekki lesið og að ég myndi aldrei geta farið í bóklegt nám. Í gegnum námið var grafið undan þessum viðhorfum, ég fór í próf og það gekk vel og maður kynntist sjálfum sér á nýjan



Kristjana Þórarinsdóttir

hátt. Námið hefur í raun áhrif á svo margt sem snertir daglegt líf. Þegar maður er að vaxa hefur það áhrif á allt í lífinu.“

DÚXAÐI Í MENNTASTÖÐUM OG KEILI

Kristjana lagði mikinn metnað í námið og setti frá upphafi markið hátt. „Ég man að ég sagði við Hjörleif, sem var verkefnastjóri Menntastöða; ég ætla að klára þær með 9 í meðaleinkunn. Hann sagði við mig að það væri bara gott að klára Menntastöðir, ég skyldi bara byrja á því. Það væri átakið því þangað kæmi fólk aftur í nám eftir langa fjarveru og ekki skuli einblínt á einkunnir. Hann laumaði svo að mér við útskriftina að ég hefði verið hæst og þar sem ekki eru veitt verðlaun fyrir hæstu einkunn í Menntastöðum þyrfti ég að dúxa í Keili til þess að fá verðlaun. Ég hugsaði allan tímann í Keili að ég ætlaði að verða hæst. Ég lærði og lærði og lagði svo mikið á mig og þetta var svo skemmtilegt. Og ég varð hæst!“

„ÉG MÁ FARA Í HÁSKÓLA!“

Þegar leið undir lok námsins á Menntastöðum fékk nemendahópurinn áhrifaríka kynningu frá Keili sem breytti hugmyndum og markmiðum Kristjónu verulega. „Ég hlustaði á þessa stelpu sem kom og var að tala um sitt nám og ég hugsaði: Vá, hvað hún er klár! Mig langar að geta þetta. Ég má fara í háskóla og ég ætla þangað!“ Fyrir henni var

háskóli risavaxið fyrirbæri en mæti áskorunum í námi og þá sé gott að skoða styrkleika sína og kosti. „Ég var komin með risavaxið sjálfstraust og búin að sigrast á svo mörgu að mér fannst ég geta sigrað heiminn. Í háskólanum fékk ég 6 í fyrsta prófinu og fyrsti veturinn fór svolítið í að taka á því sem þurfti. Ég þurfti einhvern veginn að leggja allt í þetta og sjá hversu langt ég kæmist og vera bara nógu dugleg.“

ENGINN MÆTTI VIÐ ÚTSKRIFTINA

Saga Kristjönu er að mörgu leyti lík sögu þeirra sem hefja nám á fullorðinsárum. Þeir fara í gegnum persónulega viðhorfsbreytingu en um leið mæta þeir einnig hindrunum og ákveðnum viðhorfum samfélagsins. „Ég var spurð að því hvað ég væri að gera? Og ég svaraði að ég væri að læra að deila og læra hvort ætti að skrifa stóran eða lítinn staf og segja við sjálfa mig í leiðinni að ég væri ekki hallærisleg. Þá var ég spurð, til hvers?“ Þegar Kristjana útskrifaðist úr Keili var hún búin að segja við fjölskyldu sína og vinkonur að hún ætlaði að vera hæst. „Það mætti enginn á útskriftina mína vegna þess að fólk hélt ég væri bara eitthvað grey. Ég bauð fjölskyldunni og vinum í útskriftarveisluna því mér fannst þetta mjög merkilegur áfangi. Þar kom fólk til mín og sagði: Vá, ég vissi ekki að þú værir svona klár, til hamingju! Þetta virðist hafa komið fólki á óvart.“

NÁMIÐ FJARLÆG „MARTRÖÐ“

Viðhorf fólks til námsins segir Kristjana að hafi verið dálítið eins og hún væri að þessu af því að hún var atvinnulaus og bara að gera þetta til að hafa eitthvað að gera. „Þetta var svo miklu meira og ég varð bara ákveðnari í að sýna fram á það. Í dag er ég sú sem hvet aðra áfram í náminu við háskól-

ann. Það er nefnilega svolítið fyndið að maður þarf að réttlæta það fyrir sjálfum sér og öðrum að vera orðin 36 ára og að stíga inn í grunnnám í framhaldsskóla.“ Námið byrjaði í raun sem fjarlæg „martröð“ hjá Kristjönu, en núna hefur hún lokið námi í sálfræði til BS-gráðu frá Háskóla Íslands og biður eftir svari við umsókn um áframhaldandi nám. Loka- verkefni hennar byggir á rannsókn á átíttu og þráhyggju- hugsun kvenna eftir barnsburð en um helmingur kvenna upplifir uppþrengjandi ómeðvitaðar hugsanir um að skaða barnið. Þessi mál eru þó lítið rædd og því vill Kristjana breyta til hins betra.

Varðandi ráð til annarra sem standa í svipuðum sporum og hún gerði, segir Kristjana: „Ég man þegar ég byrjaði í háskólanum. Ég sat fyrir utan skólann og hugsaði að það hlyti einhver að mæta mér í dyrunum og segja mér að fara heim. Þú ert alltof heimsk til að vera hérna! Hvað ertu að spá? Svo hugsaði ég svo sterkt; af hverju ekki ég eins og allir aðrir?“

UM HÖFUNDANA

Olga Björt Þórðardóttir er með MA-gráðu í blaða- og fréttamennsku og BA-próf í íslensku frá Háskóla Íslands. Hún starfaði um tíma sem fréttamaður hjá RÚV og blaðamaður hjá Víkurfréttum. Hún starfar nú sem ráðgjafi og sérfræðingur í fjölmiðla- og almannatengslamálum hjá Norðurafli.

Særún Rósa Ástþórsdóttir starfar við verkefnastjórn og kennslu hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum. Hún er með BEd-próf frá Kennaraháskóla Íslands og starfaði áður sem grunnskólakennari. Helstu verkefni hennar hjá MSS snúa að verkefnastjórn Menntastoða, kennslufræði fullorðinna og utanumhald fjarkennslu.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

ÞAÐ ER ALDREI OF SEINT AÐ SETJAST Á SKÓLABEKK

Frá árinu 2012 hafa nemendur, sem lokið hafa Menntastoðum frá Mími – símenntun, sótt um áframhaldandi nám í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík. Áður en farið var af stað með Menntastoðir hafði Málfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík setið undirbúningsfundum með starfsfólki Mímis-símenntunar og fulltrúum Keilis og Háskólagáttar Bifrastar. „Á þessum fundum var fjallað um hvaða námsgreinar þyrftu að vera í Menntastoðum til þess að nemendur gætu svo í framhaldinu farið í frumgreinanám. Vel var tekið í allar ábendingar,“ segir Málfríður.

Síðan Mímir-símenntun hóf að útskrifa nemendur af þessari námsbraut hafa 84 nemendur haldið áfram í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík. Þar sem fjöldinn er ekki meiri er töluleg úttekt á námsgengi ekki möguleg. Það er þó hægt að segja með nokkrum sannni að nemendum með þennan undirbúning gengur ekkert síður í frumgreinanámi en nemendum með annan undirbúning. Það er líka til þess tekið að ástundun þeirra sem áður hafa lokið Menntastoðum er til fyrirmyndar og hafa kennarar frumgreinadeildar haft orð á því hve samheldinn þessi hópur er. Nemendur sem lokið hafa Menntastoðum hafa verið á lista yfir þá nemendur sem fá námsstyrk fyrir frábæran árangur í frumgreinanámi.

Samstarfið við Mími er í föstum farvegi og nemendum stendur til boða kynning á frumgreinanámi Háskólans í Reykjavík á hverri önn.

TEKUR EKKI EFTIR ALDURSMUNI

Halldóra Gunnarsdóttir er nemi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Hún hóf nám að nýju eftir margra ára hlé. Hún ákvað að taka skrefið eftir að hafa séð auglýsingu í blaðinu og þá varð ekki aftur snúið. Síðan þá hefur Halldóra lokið frumgreinaprófi, dvalist við nám og störf í Vínarborg og tekið þátt í frumkvöðlanámskeiði innan viðskiptadeildar.

„Í Menntastoðum var ég í dreifnámi sem þýðir að ég var í náminu einn dag í viku og tók það með vinnu,“ segir Halldóra. Alls var hún einn vetur í Menntastoðum. „Ég átti alltaf eftir að ljúka stúdentsprófinu. Svo einn daginn sá ég auglýsingu frá Mími og ákvað að nú væri tíminn kominn. Ég var komin með nóg af afgangslustörfum í bili og ákvað að láta slag standa. Ég átti lítið eftir til að ljúka verslunarprófi þannig að ég fékk það sem ég var búin með metið inn í Menntastoðir.“ Halldóra og samnemendum hennar í Menntastoðum var boðið á kynningar, m.a. í Háskólann í Reykjavík. „Staðsetningin fannst mér góð og svo var einfaldlega eitthvað hérna sem ég hafði góða tilfinningu fyrir.“ Það varð því úr að hún valdi undirbúning fyrir háskólanám í HR. Halldóra finnst námið við frumgreinadeildina hafa verið strembið en gefandi. „En þetta er ekki lengi að líða. Ég leit



líka alltaf á námið sem hverja aðra vinnu. Svo kynntist ég svo ótrúlega góðu og skemmtilegu fólki og það gefur manni að sjálfsgöðu stuðning.“

Halldóra greip tækifærið þegar annar nemandi þurfti að hætta við ferð til Austurríkis með frumgreinadeildinni. „Ég hafði nánast engan fyrirvara, athugaði bara stöðuna með eiginmanninum í einu símtali, sagði svo já og varði páskafríinu í að læra þýskusagnir!“ Hún segist ekki hafa séð eftir ákvörðuninni. „Svo var ég bara farin til Austurríkis í sex

vikur. Ég var tvær vikur í skóla og svo fjórar vikur í vinnu á leikskóla í Vínarborg. Það hefði ekki hvarflað að mér að ég ætti eftir að gera þetta nokkurn tímann á ævinni.”

Að loknu frumgreinanámi ákvað Halldóra að skrá sig í viðskiptafræði við HR og er nú að klára fyrsta árið í B.Sc.-námi. „Viðskiptafræðin hefur alltaf heillað mig. Mér líst vel á þetta, að sjálfsgöðu er þetta krefjandi en eins og í frumgreinanáminu skipulegg ég þetta eins og hverja aðra vinnu.” Að sögn Halldóru heillar hana mest að vinna með fólki og því sennilegt að hún muni í framtíðinni sérhæfa sig á sviði mannauðsstjórnunar. Hún tók þátt í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja þar sem nemendur vinna í hópum, þvert á deildir, við að koma nýrri vöru á framfæri. Hópur Halldóru setti fram hugmynd að vefsíðu sem heitir barnapossun.is. „Þetta fékk heilmikla athygli í vor enda hef ég enn tröllatrú á þessari hugmynd. Við gætum örugglega stofnað fyrirtæki í kringum þetta enda er enn þá verið að spyrja okkur út í vefinn.”

Þegar Halldóra skráði sig í Menntastöðir hafði hún ekki verið í skóla í 30 ár. „Ég get ekki séð neitt neikvætt við að vera eldri í námi. Ég finn það greinilega að ég er að þessu fyrir mig og á mínum forsendum og mér finnst það afar jákvætt.” Hún segist ekki finna fyrir því að vera eldri en flestir sammemendur sínir. „Ég held að þau gleymi því stundum að ég sé ekki af sömu kynslóð. Þau eru allavega enn þá að spyrja hvort ég ætli ekki örugglega að koma með á næsta skemmtikvöld á Austur. Ég hef þó ekki mætt enn þá en maður veit aldrei.”

FÓKUSINN MEIRI EFTIR HLÉ FRÁ NÁMI

Það skiptir litlu máli hversu langur tími hefur liðið frá því skyldunáminu lýkur og ákvörðun er tekin um að setjast aftur á skólabekk því þegar sú ákvörðunin hefur verið tekin er leiðin auðfarin. Þetta er í það minnsta reynsla **Gylfa Gunnars Gylfasonar** sem lauk Menntastöðum, svo frumgreinanámi Háskólans í Reykjavík og stundar núna nám til B.Sc.-prófs í tölvunarstærðfræði við HR.

„Það höfðu liðið tólf ár frá því ég lauk grunnskólaprófinu og þangað til ég ákvað að klára framhaldsskólann. Á sínum tíma byrjaði ég í Fjölbrautaskóla Suðurnesja en hætti þar sem ég fann að ég var ekki tilbúinn að halda náminu áfram. Mér fannst skólagangan hafa verið alveg nógu löng í bili.” Í Menntastöðum tók Gylfi Gunnar grunnáfanga í stærðfræði og



tungumálum meðal annars. „Þá var ég ekki búinn að negla niður hvað mig langaði að læra. Ég var með einhverjar hugmyndir en þær voru ansi frábrugðnar því sem ég fór svo að læra síðar í háskóla.” Á meðan náminu stóð var nemendum boðið í vettvangsferðir í skóla sem buðu upp á undirbúningsnám fyrir háskóla, eins og Háskólann í Reykjavík og Keili. „Eftir spjall við námsráðgjafa hjá Menntastöðum ákvað ég að velja frumgreinanámið í HR. Ég valdi það vegna öðruvísi áherslna í til dæmis kennsluáferðum. Ég var svo metinn inn á aðra önn námsins enda er námið í Menntastöðum að mörgu leyti sambærilegt náminu á fyrstu önninni í frumgreinanáminu.” Að sögn Gylfa Gunnars var tíminn í frumgreinadeildinni skemmtilegur. „Ég er alltaf að sjá það betur að ég tók rétta ákvörðun, sérstaklega þar sem ég hélt áfram í HR.”

Gylfi Gunnar var alls þrjár annir í frumgreinadeild. „Á síðustu önninni gat ég valið að taka meiri stærðfræði en á þeim tímabili hafði glæðst mikill áhugi á henni, í fyrsta skipti á námsferlinum!” Hann hafði því hug á að skrá sig í stærðfræði í Háskóla Íslands en ekki var tekið inn í námið um áramót. Í stað þess að vera í biðstöðu í næstum ár ákvað Gylfi Gunnar að hefja nám í tölvunarstærðfræði við tölvunarfræðideild HR og er nú á annarri önn. Hann segir námið vera strembið en áhugavert. „Mér líkar námið mjög vel, það er líka gott að fá starfsréttindi að námi loknu sem tölvunarfræðingur.” En hvernig er reynsla hans af því að taka sér langt hlé frá námi? „Í dag finnst mér gaman að vera í skóla. Núna set ég mér markmið og hef þegar náð þeim mörgum. Ég feta mig áfram á markvissan hátt, í stað þess að læra bara eitthvað af því að þess er ætlast til af manni. Þetta hefur ekki verið dæmigerð leið hjá mér en ég hef miklu meiri fókus og það er bara fulla ferð áfram núna!”

RITSTJÓRN

FYRIRMYNDIR Í NÁMI FULLORÐINNA

Undanfarin ár hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) veitt fyrirmyndum í námi fullorðinna viðurkenningu eftir tilnefningu frá samstarfsaðilum. Á ársfundi Fræðslumiðstöðvarinnar árið 2014, sem fór fram þann 4. desember á Hótel Natura, var viðurkenningin veitt í áttunda sinn og í þetta skiptið hlutu þrír einstaklingar nafnbótina: Margrét Gígja Rafnsdóttir frá Framvegis – miðstöð símenntunar, Ólöf Ásta Salmannsdóttir frá Símei og Sigurður Oddsson frá Símenntunarmiðstöðinni á Vesturlandi. Fyrirmyndirnar eiga það allar sameiginlegt að hafa verið þátttakendur í vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar og í kjölfarið bætt stöðu sína á vinnumarkaði.



Frá vinsti til hægri: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Ásta Salmannsdóttir, Sigurður Oddsson og Margrét Gígja Rafnsdóttir.

Margrét Gígja Rafnsdóttir fór snemma út á vinnumarkaðinn eftir að hafa gengið illa í bóklegu námi sökum lesblindu. Hún kynntist manni sínum ung og sneri sér fljótlega að barnaupeldi og vinnu innan heimilisins. Eftir að Margrét skildi við eiginmann sinn var hún í nokkuð erfiðri stöðu, einstæð móðir án atvinnu með stutta formlega menntun og takmarkaða starfsreynslu. Margrét fékk þó aðstoð til að takast á við lesblinduna hjá Lesblindusetrinu í Mosfellsbæ með tilstuðlan Vinnumálastofnunar. Í framhaldinu hóf hún nám við *Grunnmenntaskólann* hjá Mími-símenntun. Eftir að

hafa lokið námsleiðinni skráði Margrét sig í *Starfsnám stuðningsfulltrúa* hjá Framvegis – miðstöð símenntunar þar sem hún lauk bæði grunn- og framhaldsnámsskrá og fékk þar að auki verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur. Margrét lét mjög vel af náminu sem hún segir að hafi eflt sig á margan hátt og aukið sjálfstraust sitt svo um munar. Þessi jákvæða breyting auðveldaði henni að ráðast í atvinnuleit en hún sótti um starf á Rauðhóli, stærsta leikskóla landsins, og var ráðin á staðnum. Margrét starfar þar enn og unir hag sínum vel.

Ólöf Ásta Salmansdóttir flosnaði upp úr námi í menntaskóla. Í kjölfarið fylgdi hún manni sínum á fótboltaferli hans og einbeitti sér að því að sinna heimilinu. Þau bjuggu um skeið á Siglufirði þar sem Ólöf vann í apótekinu en þaðan fluttust þau til Akureyrar. Þar sá Ólöf auglýsingu frá Símei með kynningu á meðal annars *Menntastoðum*. Hún ákvað að ræða við náms- og starfsráðgjafa hjá Símei um möguleika sína og innritaði sig í framhaldinu í *Menntastoðir* haustið 2011. Náminu var sinnt á kvöldin samhliða fullri vinnu í apóteki á daginn. Vorið 2012 lauk Ólöf náminu hjá Símei og fann að það hafði eftir sjálfstraustið mikið og trú á því að sér væru allir vegir færir. Næst lá leiðin í Háskólabró Keilis á Akureyri þar sem Ólöf lauk félags- og lagadeild með góðum árangri. Í framhaldinu hafði Ólöf hugsað sér að fara í háskólanám, þær áætlanir breyttust þó þegar fjölskyldan ákvað að opna sælkeraverslunina FISK kompaníið á Akureyri þar sem að kraftur og áræðni Ólafar fær notið sín vel.

Sigurður Oddsson átti í vandræðum með lestur og skrift í grunnskóla. Honum gekk illa í samræmdum prófum og fór hann í svokallaðan „núllbekk“ veturinn eftir en hætti námi tiltölulega fljótt. Honum hafði verið strítt í skóla vegna slæms

námsárangurs og ákvað að halda út á vinnumarkaðinn. Fyrir áeggjan móður sinnar fór Sigurður þó aftur í skóla, í þetta skiptið í grunndeild rafiðna þar sem honum gekk almennt vel í öllum verklegum greinum en náði ekki lágmarksárangri í prófum í bóklegum fögum. Reglur skólans voru þannig að Sigurður gat ekki haldið áfram námi vegna slaks árangurs í bóklegu greinunum og hann fór því aftur út á vinnumarkaðinn og fékk vinnu á skíðasvæðinu á Ísafirði þar sem hann vann í sex ár og stofnaði fjölskyldu.

Eftir að hafa tekið þátt í tilraunaverkefni á Ísafirði fyrir fullorðið fólk sem hafði áhuga á námi fékk Sigurður greiningu á lestrarörðugleikum sínum og greindist með skrif- og lesblindu ásamt hljóðvillu. Sigurður flutti í Borgarnes en eftir að hann missti vinnuna í byggingariðnaði innritaði hann sig í námsleiðina *Skref til sjálfshjálpar* þar sem hann fékk aðstoð til að takast á við lesblinduna. Í framhaldi af því fékk hann vinnu hjá Norðuráli þar sem boðið var upp á *Nám í stóriðju*, Sigurður lauk náminu samhliða vinnu en lét ekki það við sitja og skráði sig í helgarnám í vélvirkjun hjá Fjölbautaskóla Vesturlands. Sigurður hefur með mikilli þrautseigju aflað sér menntunar, yfirstigið námserfiðleika og náð að bæta stöðu sína á atvinnumarkaði svo um munar.

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR

EPALE

Allt sem viðkemur fullorðinsfræðslu í Evrópu

EPALE er opið vefsamfélag á mörgum tungumálum fyrir kennara, leiðbeinendur, vísindamenn, fræðimenn, stefnumótunaraðila og annað fagfólk í fullorðinsfræðslu í Evrópu. Meginmarkmið EPALE er að efla gæði fullorðinsfræðslu í Evrópu með því að efla samskipti fagaðila.

Vefgáttin var formlega tekin í notkun um mitt ár 2015 en er enn þá í mótun því gert er ráð fyrir að notendur skapi sér vettvang sem hentar þeim sjálfum. Vefgáttin er á 24 tungumálum og styður fagaðila í fullorðinsfræðslu innan Evrópu með því að gera þeim kleift að deila sérþekkingu og læra af samstarfsaðilum sínum í öðrum löndum.

Vefgáttin hefur þegar verið kynnt fyrir markhópi EPALE, þ.e. hagsmunaaðilum í fullorðinsfræðslu hér á landi, m.a. samtökum símenntunarstöðva, stefnumótunaraðilum og öðru fagfólki.



Margrét Svverrisdóttir

HVERNIG NÝTIST EPALE?

- Til að afla faglegs fróðleiks og fylgjast með nýjustu straumum og stefnum í fullorðinsfræðslu.
- Til að finna viðburði, ráðstefnur, námskeið, vefnámskeið o.fl.
- Til að finna samstarfsaðila í Evrópuverkefni (partner search).
- Til að fagfólk geti deilt fróðleik og skipst á skoðunum, t.d. með bloggi.
- Til að skrá viðburði til að fá erlenda þátttakendur.


VILTU FINNA SAMSTARFSADILA Í EVRÓPU?

Fullorðinsfræðslustofnanir geta skráð sig á EPALE og leitað að samstarfsaðilum við fjölbreytt verkefni, s.s. Evrópuverkefni, fjölþjóðlegar kannanir, þjálfun starfsfólks, námskeið o.s.frv. Hægt er að tilgreina hvernig samstarfsaðilar óskast helst og kynna samstarfshugmynd ef hún er þegar fyrir hendi.


Heilræði: Reynið að gefa góða lýsingu á ykkar stofnun og hugmynd að samstarfi og þið getið líka lagt inn ósk um samstarfsaðila þar sem þið gefið lýsingu á því hvernig stofnun þið leitið helst að. Kannski er einhver stofnun í öðru Evrópu-landi einmitt að leita að stofnun eins og ykkar!


Athugið að leit að samstarfsaðilum er ætluð stofnunum


ec.europa.eu/epale




Vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu

 @EPALE_EU
@EPALE_IS

 Adult Learning in Europe og EPALE ÍSLAND

 Erasmus +

 rannís

ec.europa.eu/epale

Fylgstu með og taktu þátt



 Erasmus +

 rannís

(félögum, fyrirtækjum) sem sinna fullorðinsfræðslu enda eru það stofnanir sem sækja um styrki í Erasmus+ menntaáætlunina en ekki einstaklingar.

VILTU SETJA EFNI Á EPALE?

Á vefgátt EPALE er hægt að fylgjast með fréttum af hvers kyns námskeiðum og ráðstefnum sem bjóðast fagfólki og taka þátt í umræðum. Vefgáttin er styrkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Íslenskir notendur EPALE geta að vísu ekki tjáð sig á íslensku af því það er ekki eitt af tungumálum Evrópusambandsins en flestir kjósa að nota ensku eða dönsku.

Á Íslandi hefur verið myndaður bakhópur sérfræðinga (expert consultation group) í fullorðinsfræðslu og símenntun sem aðstoða landskrifstofu EPALE við að vísa á fræðilegt efni en hún þiggur allar ábendingar um efni sem á erindi til fagfólks í fullorðinsfræðslu í öðrum löndum og EPALE getur mögulega haft milligöngu um þýðingar á fræðigreinum.

Vertu með og eigðu hlutdeild í stærsta samfélagi fullorðinsfræðslu í Evrópu.

Hægt er að skrá sig á vefgátt EPALE á þessari slóð: ec.europa.eu/epale

Áhugasamir geta líka haft samband með tölvupósti við Margréti Sverrisdóttur, verkefnisstjóra EPALE á Íslandi: margret.sverrisdottir@rannis.is.

UM HÖFUNDINN

Margrét K. Sverrisdóttir er verkefnisstjóri EPALE á Íslandi, sem er rekið af RANNÍS.



FJÓLA MARÍA LÁRUSDÓTTIR

NÆSTA SKREF

Brýn nauðsyn fyrir áframhaldandi vinnu við vefinn

Mikil vinna liggur að baki vefnum Næsta skref sem nú er við það að úreldast sökum skorts á fjármögnun og stefnu-
mótun þrátt fyrir að vera í töluverðri notkun. Vefnum var ætlað að verða miðja upplýsinga um störf og nám auk
þess að veita gagnvirka náms- og starfsráðgjöf til að leiðbeina markhópi framhaldsfræðslunnar við þróun eigin
starfsferils. Jafnframt var horft til þess að þeir hlutar vefsins sem vinna átti innan IPA-verkefnis FA (t.d. starfs-
námslýsingar) gætu gagnast fleirum, til dæmis ungu fólki, atvinnulífnum og menntakerfinu. Málið þólar ekki langa bið.

Hluti af IPA-verkefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun* fól í sér þróun vefgáttar um störf og nám fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar í samstarfi við Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS) og ýmsa hagsmunaaðila. Markmið vefsins er að auka og bæta aðgengi að:


- Upplýsingum um störf, og nám þeim tengdum
- Upplýsingum um leiðir í raunfærnimati
- Náms- og starfsráðgjöf
- Verkfærum til að efla þekkingu á eigin færni og áhuga-
sviðum

Vinna við vefinn var áætluð frá september 2012 til ágústloka 2015 en vegna uppsagnar Stækkunarskrifstofu Evrópusam-
bandsins á samningi um IPA-verkefnið í byrjun árs 2014 og stöðvun á fjárveitingu í verkþætti þess varð vinna við vefinn takmörkuð. Með framlagi Fræðslusjóðs tókst þó að koma um 220 störfum (af 500 áætluðum) og 100 tengdum námslýsingum inn í gagnagrunn og smíða eins konar tilraunaútgáfu af vefnum til að birta þessar upplýsingar svo að gagn mætti verða af. Settar voru inn upplýsingar um möguleika til raunfærnimats og unnir skimunarlistar sem auðvelda fólki að átta sig á því hvort það á erindi í raunfærnimat, auk upplýsinga um ávinning af náms- og starfsráðgjöf og tengla á símenntunarmiðstöðvar um allt land. Ætlunin var að bæta við gagnvirkum tækjum eins og áhugasviðskönnun og leiknikönnun og aðgengi að rafrænni ráðgjöf í gegnum vefinn. Ekki tókst að ljúka þeirri vinnu vegna fjárskorts en mikil undirbúningsvinna er að baki sem auðveldlega má byggja á samhliða því að vinna nánar með viðmót og útlitshönnun.

Þrátt fyrir að enn skorti mikið á að vefurinn væri fullgerður út frá markmiðum IPA-verkefnisins var talið brýnt að

koma tilraunaútgáfu hans á framfæri svo að þær upplýsingar sem unnar höfðu verið mættu verða að gagni. Hann var því opnaður formlega á ársfundi FA þann 4. desember 2014. Jafnframt var hann kynntur fyrir náms- og starfsráðgjöfum framhaldsfræðslunnar, Félagi náms- og starfsráðgjafa, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og ýmsum hagsmunaaðilum á árinu 2014. Ljóst er að mikil þörf er á verkfæri sem þessu fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að átta sig á heimi starfanna og möguleikum til færniþróunar. Komið hefur fram á fundum og í samtölum við náms- og starfsráðgjafa á öllum skólastigum að afar brýnt er að huga að áframhaldandi þróun og viðhaldi á vefnum þar sem upplýsingarnar úreldast fljótt. Það er einnig mikilvægt að byggja áfram á þeirri umfangsmiklu vinnu sem fram hefur farið nú þegar hvað varðar uppbyggingu vefsins, samstarf við hagsmunaaðila og vinnulag. Í töflu 1 hér á næstu síðu er yfirlit yfir tölfraðilegar upplýsingar um heimsóknir á vefinn frá því hann var opnaður þann 4. desember 2014 til og með 20. október, við ritun þessarar greinar.

Þessar tölur sýna fram á að þrátt fyrir að vefurinn sé lítið auglýstur og ófullgerður er hann í mikilli notkun. Jafnframt virðast notendur staldra við og skoða undirsíður. Enn eru nýir



Skjámynd af vefnum Næsta skref (tilraunaútgáfa).

Tafla 1 – Yfirlit tölfraeðilegra upplýsinga frá Google Analytics um heimsóknir á vefinn Næsta skref (á tímabilinu 4. des. 2014 til 20. okt. 2015).

Heimsóknir	7.026
Notendur (IP tölur)	4.241
Flettingar	45.842
Meðaltími á vef	4 mínútur
Meðaltal skoðaðra síðna í hverri heimsókn	6,52
Notendur á mánuði að meðaltali	566
Notendur á dag að meðaltali	47
Hlutfall nýrra notenda	60,4%
Flestir notendur á tímabilinu	Marsmánuður 2015 með 905 notendur

notendur að bætast í hópinn þannig að túlka má að hann sé í vexti.

HAGSMUNAAÐILAR KALLA EFTIR FRAMHALDI

Fram kemur í skýrslu verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu að náms- og starfsráðgjöf sé megingrunnþjónusta á vettvangi framhaldsfræðslunnar – anddyrið að raunfærnimati og námsleiðum á vettvanginum, og því sé afar brýnt að tryggja áframhaldandi vinnu við vefinn Næsta skref (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Í skýrslunni er lagt til að stefnt verði að því að ljúka þróun vefsins og tryggja rekstur hans til framtíðar í samstarfi FA, atvinnulífsins, fræðsluáðila og fagaðila. Verkið er áætlað til 5 ára og áætlaður kostnaður 25.600.000 kr. á ári. Í verkefnahópnum sátu fulltrúar SA, ASÍ, BSRB, Kvasis og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Ekki skal útiloka annað fyrirkomulag á þessari vinnu. Aðalatriðið er að haldið sé áfram með þá upplýsinga- og ráðgjafarveitu sem ætlunin var að opna til að stuðla að jöfnu aðgengi að upplýsingum, gagnsæi og yfirsýn.

VINNA Í GANGI SEM KALLAR EFTIR ÁREIÐANLEIKA NÆSTA SKREFS

Með stuðningi Þróunarsjóðs framhaldsfræðslunnar er nú unnið að því að aðlaga áhugakönnunina *Bendil* sérstaklega að fullorðnu fólki með stutta skólagöngu til að setja megri hana á vefinn Næsta skref. Með því gefst markhópnun

tækifæri til að átta sig betur á áhugasviði sínu til að tengja við möguleika á vettvangi framhaldsfræðslunnar: nám, ráðgjöf og raunfærnimat, sem og námsleiðir utan framhaldsfræðslunnar og störf á vinnumarkaði. Áhugakannanir hafa leikið lykilhlutverk víða um heim í þróun upplýsinga- og matskerfa um nám og störf. Þetta er því afar mikilvæg viðbót fyrir notendur vefsins. Það er Sif Einarsdóttir sem leiðir þessa vinnu í samstarfi við Dr. James Rounds, Örnú Pétursdóttur og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

IDAN – fræðslusetur vinnur að vef sem veita á upplýsingar um nám og störf í iðnaði. Sá vefur er byggður á þeim grundvelli að hægt verði að tengja við og vísa inn á starfslýsingar, námslýsingar og raunfærnimat á vefnum Næsta skref.

Staðan er sú að það er brýn nauðsyn fyrir gagnagrunn sem lýsir störfum á Íslandi og leiðum að þeim, sem og viðeigandi ráðgjöf svo að fólk á vettvangi framhaldsfræðslunnar, ungt fólk, ýmsir sérfræðingar og hagsmunaaðilar í atvinnulífinu og innan menntakerfisins geti leitað fanga varðandi upplýsingar um úrval leiða sem eru síðan grunnurinn að upplýstri ákvörðun einstaklingsins um þróun starfsferils síns.

Ábyrgð á málinu liggur nú hjá stefnumótandi hagsmunaaðilum og þóli ekki langa bið. Brýn nauðsyn er að finna farveg til að viðhalda og þróa vefinn Næsta skref áfram.

Sjá má nánari umfjöllun um IPA-verkefnið í Gátt 2013 á vef FA: www.frae.is

UM HÖFUNDINN

Fjóla María Lárusdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sjá nánari upplýsingar á bls. 32.

ABSTRACT

A lot of work has been put into the website Next Step that, in spite of being used to a considerable extent, is on the verge of becoming obsolete due to lack of funding and strategy. The website was designed to be an information focus on employment and education and provide interactive guidance and counselling for the target group of the Education Training and Service Centre (ETSC) on how to develop their career. Additionally, the website sections to be developed within the IPA project of the ETSC (for example, the job and course descriptions) were designed to be of use for others, for example, the economy and the education system. Action needs to be taken towards continuing development.

RITSTJÓRN

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Allt frá útgáfu fyrstu Gáttar höfum við fjallað um merkingu íðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Í hverju riti höfum við velt fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA. Sem fyrr teljum við sem störfum við FA þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Markmiðið með þessum fasta lið er að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra íðorða sem notuð eru um hugtökin.

Hér í elleftu útgáfu Gáttar tókum við upp þráðinn þar sem frá var horfið í síðasta riti. Eins og áður eru sett fram ensk íðorð og tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum.

Nú eru flest íðorðin ekki af CEDEFOP-listanum sem einkum ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Í þessu riti höfum við ákveðið að fjalla um hugtök sem tengjast grunnleikni og þjálfun á grunnleikni. Þessi hugtök tengjast efni ritsins að þessu sinni, greinar um niðurstöður PIAAC og nýjum kennsluáðferðum. Ritstjórn Gáttar er sér meðvituð um að allri hugtakaumfjöllun þarf að fylgja eftir með því að fá áhugasama einstaklinga til að tjá sig um skilgreiningarnar og gera í kjölfarið úrbætur. Því bjóðum við öllum þeim sem áhuga hafa á að senda okkur athugasemdir við skilgreiningarnar (sigrunkri (hjá) frae.is).

Íðorð á ensku	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
e. Programme for International Assessment of Adult Competencies, (PIAAC)	Áætlun um alþjóðlega kannanir á færni fullorðinna	Könnun OECD sem ætlað er að veita innsýn inn í stöðu fullorðinna út frá þáttum sem varða grunnleikni og lykilhæfni.
e. Literacy	Læsi	Getan til að skilja, meta, túlka og nýta upplýsingar sem settar eru fram í rituðum texta, með það að leiðarljósi að geta tekið virkan þátt í samfélaginu, náð persónulegum markmiðum og þróað þekkingu og skilning.
e. Numeracy	Tölulæsi	Getan til að nálgast, nota, túlka og tjá sig með tölulegum upplýsingum og staðreyndum í því sjónarmiði að geta tekist á við og höndlað kröfur af stærðfræðilegum toga við ýmsar kringumstæður í lífi fullorðinna.
e. Problem-solving in technology-rich environments	Notkun upplýsingatækni við úrlausnir verkefna	Getan til að nota upplýsingatækni, samskiptatæki og samskiptanet til að nálgast og meta upplýsingar, eiga samskipti við aðra og leysa verkefni. Hér er meðal annars vísað til getunnar til að leita að efni á netinu, notfæra sér heimasíður, meta rafrænar upplýsingar, nota töflureikni og senda tölvupóst. Til einföldunar er oft notast við orðasambandið „leikni í úrlausn verkefna með upplýsingatækni“ þegar vísað er til þessara leikniþátta.
e. Continuous vocational education and training, (CVET)	Stöðug sí- og endurmenntun	Stöðug sí- og endurmenntun og þjálfun starfsmenntaðs fólks.
e. Work Place Literacy	Læsi á vinnustað	Leikni og hæfni sem starfsmenn þurfa að búa yfir til þess að geta sinnt störfum sínum á árangursríkan, skilvirkan og öruggan hátt.
e. Life skills	Lífsleikni	Greinar sem falla undir lífsleikni eru kjölfesta þekkingar á lýðræði og mannréttindum og viðhorfa til sömu þátta.

INGIBJÖRG ELSA GUÐMUNDSDÓTTIR

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS



Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir

Árið 2015 er 13. starfsár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og fimmta ár starfseminnar sem byggist á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Samkvæmt lögnum er markhópur FA fullorðið fólk sem ekki hefur lokið formlegri menntun á framhaldsskólastigi. Markmið FA er að veita þessu fólk tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Á grundvelli laganna er í gildi þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið. FA sinnir markhópnum ekki beint heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins, alls 14 fræðsluaðilar. Samkvæmt samningnum sér FA um umsýslu Fræðslusjóðs. Auk þeirra verkefna sem löggin og þjónustusamningurinn kveða á um þá vistar FA einnig fulltrúa í Norræna tengslanetinu um nám fullorðinna (NVL) sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni og vinnur að ýmsum samstarfsverkefnum sem tengjast viðfangsefnum FA en eru fjármögnuð með styrkjum.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Helstu tíðindi í starfseminni er niðurstaða umboðsmanns Evrópusambandsins í frumkvæðisrannsókn, sem embættið fór í, vegna kvörtunar frá FA. Kvartað var yfir því að samningi, sem byggðist á IPA-styrk frá ESB, hafði verið rift einhliða í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands setti aðildarviðræður á ís árið 2014. Umboðsmaður Evrópusambandsins er afar harðorður í álitu sínu um riftun ESB á IPA-samningnum við FA og fordæmir framgöngu framkvæmdastjórnarinnar í málinu, segir hana óásættanlega og vera til þess gerða að grafa undan orðspori og trúverðugleika ESB. Málið varðar verk-

efnið: *Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun* en verkefnið fékk IPA-styrk frá Evrópusambandinu að upphæð 1.875.000 evrur sem er 75% kostnaðaráætlunar. Mótframlag 25% hefur Fræðslusjóður greitt að mestu. Þetta er stærsta einstaka verkefnið sem FA hefur tekið að sér utan þjónustusamnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefnið var til þriggja ára frá 1. september 2012 (sjá nánar í kafla um IPA-verkefnið).

Einnig má geta þess að starfsemin var flutt úr Ofanleiti 2 í Skipholt 50b á miðju sumri.

NÁMSSKRÁR OG NÁMSLÝSINGAR

Ferill vegna vottunar námsskráa er enn í vinnslu. Í október 2014 tilkynnti mennta- og menningarmálaráðuneytið að til þess að vottun geti farið fram þurfi námsskrár að vera skrifaðar samkvæmt viðmiðum um gerð námsskráa í framhaldsfræðslu og í samræmi við uppbyggingu námsskrárunns, jafnframt að ekki sé gert ráð fyrir aðkomu sérstakrar matsnefndar við vottun námsskráa.

Í febrúar 2015 var tilkynnt að Námsmatsstofnun hafi tekið við umsýslu á vottun námsskráa í framhaldsfræðslu. Í framhaldinu kom í ljós að námsskrárunnur fyrir framhaldsfræðsluna var ekki alveg tilbúinn sem og þau viðmið sem námsskrá þarf að uppfylla til að fá vottun. Námsmatsstofnun hefur á tímabilinu unnið að lagfæringum á námsskrárunn-



Undirritun leigusamnings.

inum og viðmiðum vegna vottunar námsskráa. FA hefur tekið virkan þátt í að prófa námsskrárgrunninn og vinna með starfsmönnum Námsmatsstofnunar að þróun hans.

Á fyrri hluta ársins var lokið við námsskrána *Nám fyrir verslunarfulltrúa* og var hún vottuð af Menntamálastofnun í haust. Jafnframt var skrifuð námslýsing með námsskránni þar sem framkvæmd á námsskránni er lýst betur. Námskráin byggist á hæfnigreiningu og er í samræmi við tillögur um nýskipan náms í framhaldsfræðslu sem unnar voru af starfshópi um tilraunanám í ferðabjónustu 2013.

Þá fengu fjórar námsskrár heimild til tilraunakennslu til loka árs 2016. eru þetta námsskrárnar *Að lesa og skrifa á íslensku*, *Verkfærni í framleiðslu I*, *Lyfjagerðarskólinn* og *Fræðsla í formi og lit*. Námskrá starfsmanna í tækniþjónustu bíður vottunar Menntamálastofnunar.

Allar námsskrárnar eru skrifaðar í samræmi við hugmyndir um þrepaskipt nám með áherslu á hæfniviðmið.

Á tímabilinu var lokið við að skrifa námslýsingar samkvæmt námsskránni *Opin smíðja fyrir hljóðsmíðju I og II* (í samstarfi við MSS) og fyrir hönnunar- og tilraunasmiðju í *Fab Lab* (í samstarfi við Mími).

Veitt hefur verið aðstoð og ráðgjöf vegna endurskoðunar á námsskránni *Nám í stóriðju* en það er Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi sem vinnur að þeirri endurskoðun. Einnig var veitt ráðgjöf vegna námsskrárinnar *Help-start* sem skrifuð var hjá Símei.

Endurskoðun á öllum námsskrám FA liggur fyrir vegna áherslna á hæfniviðmið og þrepaskiptingu náms. Lögð hefur verið áhersla á að byrja á þeim námsskrám sem hafa tilraunakennsluleyfi og endurskoðun er hafin á námsskránum *Lyfjagerðarskólinn*, *Að lesa og skrifa á íslensku og Verkfærni í framleiðslu I*. Undirbúningur vegna endurskoðunar á námsskránni *Grunnnám fyrir fiskvinnslufólk* er hafin. Jafnframt er hafinn undirbúningur á endurskoðun á námsskránni *Grunnmenntaskólinn*.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu, sem settur var saman að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, skilaði skýrslu í janúar 2015. Þar koma fram tillögur að nýjum hæfniramma sem þjónar betur hagsmunum framhaldsfræðslunnar en sá sem nú þegar hefur verið birtur. Jafnframt eru tillögurnar rökstuddar í skýrslunni. Megináhersla er á að ramminn verði í það minnsta 8 þrep til að geta mætt þörfum framhaldsfræðslunnar.



Námskeið fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga.

HÆFNIGREININGAR

Á tímabilinu náðist mikill árangur í að koma nýrri aðferð við hæfnigreiningar í fastar skorður. Nú er mögulegt að bjóða samstarfsaðilum aðgang að gögnum til hæfnigreininga og stuðning við framkvæmdina auk þess sem FA tekur að sér greiningarvinnu að beiðni samstarfsaðila gegn greiðslu. Búið er að þróa verklag og setja fram skilmála og gátlista sem fylgt er eftir í báðum þessum tilvikum.

Kynningarefni um hæfnigreiningar FA er aðgengilegt á www.frae.is en einnig er unnið að bæklingi með helstu upplýsingum. Þá hefur verið ritað um aðferðina í Gátt, ársriti FA, til dæmis í ritinu frá 2014.

Þeir samstarfsaðilar FA, sem vilja vinna sínar eigin hæfnigreiningar með þessum hætti, þurfa að sækja fræðslu hjá FA um aðferðina og fá þá jafnframt ítarlega handbók fyrir umsjónarmenn greininga. FA býður upp á tveggja daga námskeið í þessum tilgangi. Lögð er áhersla á að verklagsreglum sé fylgt til dæmis hvað varðar breiða aðkomu atvinnulífsins að greiningarvinnunni. Niðurstöður hæfnigreininga eru starfaprófið sem fara í hæfnigrunn FA og nýtast bæði við gerð viðmiða í raunfærnimati og sem lærdómsviðmið í námsskrám.

FA vann á tímabilinu greiningar á störfum í smásöluverslun og fleiri greiningar eru á döfinni á þeim vettvangi. Stefnt er að því að gera starfaprófið fyrir störf í verslun allt frá afgreiðslu og áfyllingu til stjórnenda og þannig spanna 3–4 þrep í viðmiðaramma um menntun. Ein af þessum greiningum hefur nú þegar skilað sér í námsskrá í námsskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hefur hún verið

vottuð. Gerð hefur verið ítarleg námslýsing sem fylgir þeirri námskrá til framkvæmdaáðila. Í námslýsingu er hæfnipáttum raðað saman í námskeið og þar er einnig að finna tilögur um aðferðir og nálgun í kennslunni ásamt eyðublöðum til námsmats. Einnig vann FA greiningu á árinu á starfi við tækniþjónustu en í því felst þjónusta við viðskiptavinum sem þurfa tæknilega aðstoð til dæmis í gegnum síma. Námskrá byggð á þeirri greiningu er í vinnslu.

Tvær símenntunarmiðstöðvar hafa unnið sínar eigin greiningar og sett fram starfaprófíla sem byggjast á þeim og ein miðstöð til viðbótar var í nánú samstarfi við FA í einni hæfnigreiningu.

Í hæfnigrunni sem FA keypti frá Kanada er að finna yfir 300 hæfnipætti á ensku þar sem hæfni er lýst á 5 þrepum (þrep 1 til 5). Alls hafa 54 þættir verið þýddir á íslensku eða skrifaðir. Ákveðið var að skipta fyrsta þrepinu í tvennt (1a og 1b) í öllum hæfnipáttum í hæfnigrunni FA þannig að þau samsvari fyrstu 2 þrepum EQF. Sú aðgreining fellur betur að markhópi og viðfangsefnum FA og er í samræmi við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við fyrsta þrep í íslenskum hæfniramma. Þeir þættir sem eru nú í hæfnigrunni FA eru því á 5 þrepum, þ.e. þrep 1a, 1b, 2, 3 og 4 en eftir er að þýða efsta þrep (þrep 5) í flestum tilvikum.

Í hæfnigrunninum er nú að finna 12 íslenska starfaprófíla sem orðið hafa til við hæfnigreiningar FA og samstarfsaðila. Í starfaprófílum kemur fram lýsing á kjarna starfsins, verkefni starfsins, listi yfir hæfni sem starfið krefst. Sett er fram hæfniprep fyrir hvern þátt og lýsing á birtingarmynd hæfninnar. Starfaprófil er hægt að nota sem viðmið í raunfærnimati eða efnivið í námskrá og er þá hver hæfnipáttur einn námsþáttur en námsþáttum er raðað saman í námskeið í námslýsingu.

Ritun námskráa og námslýsinga hefur verið fylgt eftir í þeim tilgangi að þróa og betrumbæta gögn og aðferðir við hæfnigreiningar og til að vinna að útfærslu tillagna um nýskipan náms í framhaldsfræðslu.

ÞRÓUN AÐFERÐA Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps

FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu, með um það bil 700 bókum og öðrum gögnum, og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 85 kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 14.219,5 nemendastundir og 1.404 nemendur. (Staðan 1. september 2015).

FA tekur þátt í eftirfarandi innlendum og evrópskum samstarfsverkefnum á sviði kennslufræða:

- Notkun samfélagsmiðla í námi og til eflingar lýðræðisþátttöku.
- Retrain-verkefninu.
- *Open Badges for adult educators*. Markmið verkefnisins er að þróa rafrænar viðurkenningar í fullorðinsfræðslu, auka notkun upplýsingatækni og samfélagsmiðla í fullorðinsfræðslu og efla enn frekar umræðu um fullorðinsfræðslu á netinu. Í síðari hluta verkefnisins verður lögð áhersla á kynningar og áframhaldandi þróun rafrænna viðurkenningar fyrir fullorðinsfræðsluaðila. Verkefninu lýkur árið 2016. Í greininni Rafrænar viðurkenningar má lesa nánar um verkefnið.
- Fylgst var með starfi European Basic Skills Network (EBSN) og sóttir fundir í nýstofnuðum vinnuhópi NVL um grunnleikni fullorðinna.

Fylgst er með þróun á notkun upplýsingatækni og opinna rafrænna gagna í fullorðinsfræðslu í tengslum við evrópskan vinnuhóp sem fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis tekur þátt í, *ET2020 Working group on Adult Learning*. Tveir starfsmenn FA eru í bakhópi verkefnisins. Starfi FA á þessu sviði er lýst nánar annars staðar í ritinu.

RAUNFÆRNIMAT

Eftir því sem möguleikum til raunfærnimats fjölga og fleiri ljúka raunfærnimati verður grunnurinn undir það styrkari. Í dag er búið að opna fyrir raunfærnimat í 54 greinum, í 50 tilvikum er metið á móti gildandi námskrám í framhaldsskóla en í 4 tilvikum á móti viðmiðum atvinnulífs án tengingar við námskrá.

Meginmarkmið Fræðslumiðstöðvarinnar vegna raunfærnimats eru að: Veita upplýsingar og ráðgjöf til sam-

starfsaðila, leggja mat á árangur og taka saman tölulegar upplýsingar. Áhersla er lögð á gæðamál, að tryggja aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þess sem fer í raunfærnimati. Á starfsárinu fjölgaði þeim símenntunarmiðstöðvum sem sjá um framkvæmd raunfærnimatsverkefna. Er nú svo komið að 12 af 14 samstarfsaðilum FA eru virkir í stýringu raunfærnimatsverkefna.

Á árunum 2007/2014 hafa 2.867 einstaklingar lokið raunfærnimati. Mikill meirihluti þeirra hefur lokið raunfærnimati á móti námskrám og samtals hefur sá hópur fengið metnar 74.219 einingar. Til að setja þessa tölu í samhengi jafngildir þessi einingafjöldi 2.120 skólaárum, er þá miðað við að meðaltalsfjöldi eininga sé 35 á hverju skólaári. Meðalaldur þátttakenda er 40,2 ár og í nær öllum tilvikum er um að ræða einstaklinga sem hafa byrjað í framhaldsskóla en ekki lokið námi.

Á árinu 2014 luku 696 raunfærnimati og meðalfjöldi staðinna eininga fyrir hvern þátttakenda var 31,5. Þetta er nokkuð meiri fjöldi en á undanförunum árum en það skýrist af auknu fjármagni til raunfærnimats í nýjum greinum samkvæmt samningi milli FA og ESB, svokallað *IPA-verkefni*.

Hlutverk FA varðandi raunfærnimat hefur breyst með árunum. Á árunum 2004 til 2007 var unnið að þróun aðferðafræði og prófunum, árin 2007 til 2010 einkenndust annars vegar af innleiðingu raunfærnimats fyrir iðngreinar og hins vegar af vinnu vegna reglugerðar um framhaldsfræðslu. Frá 2011 var áhersla á að koma á raunfærnimati í greinum sem ekki falla undir iðngreinar. Meðal nýjunga á árinu er raunfærnimat í almennum bóklegum greinum, almennri starfsfærni, tölvubraut og tanntækni.

Aðstoð FA við framkvæmdaaðila felst í: Þjálfun fagaðila sem koma að framkvæmd raunfærnimats. Ráðgjöf og aðstoð til samstarfsaðila vegna undirbúnings, framkvæmdar og eftirfylgni raunfærnimatsverkefna. Miðlun upplýsinga um árangur og framkvæmd í einstökum starfsgreinum eða starfsgreinaflokkum. Utanumhaldi um gátlista sem notaðir eru við matið.

FA átti setu í stýrihópum fyrir eftirfarandi verkefni á tímabilinu: Sjósókn sem stýrt er af Símei, skipsstjórn sem stýrt er af Fræðslumiðstöð Vestfjarða, þjónustugreinum hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og almennum bóklegum greinum hjá Mími.

FA hefur tekið þátt í innlendu og erlendu samstarfi um raunfærnimat, fylgst með þróun þess erlendis og miðlað inn í starfsemi FA og samstarfsaðila. Tölulegar upplýsingar um



Ráðgjafafundur.

raunfærnimat síðustu tíu ár eru í greininni Raunfærnimat í tölum.

FA hefur tekið þátt í Norræna tengslanetinu (NVL) um raunfærnimat og á árinu 2015 var lokið við gerð Vegvísis um raunfærnimat. Hann er ætlaður stefnumótandi aðilum og þar er meðal annars að finna mælistikur sem nýtast til að greina stöðu raunfærnimats í einstökum löndum eða starfsgreinum.

Í upphafi árs komu fram lokadrög að nýjum evrópskum leiðbeiningum um raunfærnimat. Töluvert hefur verið fjallað um drögin í sérfræðingahópi NVL á undanförunum árum og einnig í ár. Í framhaldi af mati FA á lokadrögum var sent minnisblað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þar var farið yfir áherslubreytingar í nýjum leiðbeiningum. Þær helstu snúa að skilgreiningu raunfærnimats og aukinni áherslu á þátt ráðgjafar. Endanleg útgáfa af nýjum leiðbeiningum er ekki komin út en gert er ráð fyrir að vinna frekar með þær í norrænu samstarfi.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Frá 2004 hefur FA þróað aðferðir í náms- og starfsráðgjöf og leitað eftir upplýsingum um þarfir markhópa í gegnum náms- og starfsráðgjöfina. Frá 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið fjármögðuð af opinberu fé hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 24–26 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir sinna meðal annars kynningarfundum á þjónustunni á vinnustöðum og öðrum vettvangi þar sem markhóp FA er að finna, veita einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf,

taka þátt í virkniaðgerðum fyrir atvinnuleitendur og veita stuðning í raunfærnimati.

FA heldur utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafa með það að markmiði að auka sérfræðiþekkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar. Haldnir eru 2–3 samráðsfundir á hverju ári þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum sem stuðla að auknum gæðum og árangri þjónustunnar í þágu markhópsins.

FA hefur átt í miklu samstarfi við erlenda faghópa vegna þróunar ráðgjafar. Í NVL-ráðgjafanetinu var unnið að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnu um ráðgjöf fyrir fullorðna sem haldin var í Færeyjum. Auk þess var stofnaður vinnuhópur á vegum NVL með aðilum úr ráðgjafaneti og raunfærnimatsneti sem fjallað hefur um ráðgjöf í raunfærnimati. Verkefnið snýst um að kortleggja stöðuna á Norðurlöndum og setja fram tillögur að þróun málaflokksins.

Á tímabilinu hófst vinna við tvö Erasmus+ verkefni sem varða ráðgjöf. Annað verkefnið, *Worklife guidance*, er til tveggja ára og snýr að ráðgjöf til stjórnenda í fyrirtækjum og greiningu fræðsluþarfa starfsmanna á vinnustöðum, með aðferðafræði ráðgjafar, mannauðsstjórnunar og raunfærnimats. Vinna við „Toolbox – Verkferakistu“, sem hugsuð er fyrir ráðgjafa og verkefnastjóra, er vel á veg komin. Hitt verkefnið, *GOAL – Guidance and Orientation for Adult Learners*, er til þriggja ára og snýr að þróun náms- og starfsráðgjafar fyrir „jaðarhópa“ sem sækja síður í nám. Nánari umfjöllun má lesa í grein um verkefnið.

Ráðgjafanet FA hafði einnig það hlutverk að styðja við þróun gagnagrunns með upplýsingum um nám og störf, Naestaskref.is í tengslum við IPA-verkefni FA.

GÆÐI FRÆÐSLUSTARFS OG RÁÐGJAFAR HJÁ VOTTUÐUM FRÆÐSLUAÐILUM

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fyrstu gæðaviðmiði FA voru gefin út árið 2006 og árið 2011 gerði FA samning við vottunarstofuna British Standards Institution á Íslandi (BSI) um gæðavottunarúttekt á grundvelli *European Quality Mark* (EQM) gæðakerfisins. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum í samstarfi við FA var boðið að sækja um fyrstu úttektirnar. Fyrsti fræðsluaðilinn utan samstarfsnets FA fékk vottun 2013 og nú hafa alls 16 fræðsluaðilar hlotið EQM-vottun.

Unnið er að þróun og endurskoðun á gæðaviðmiðum og gæðauúttektum EQM í samstarfi við Eista, Litháa og Norðmenn. Verkefnið, *Quality assurance within adult education*, miðar að því að EQM verði evrópskt gæðakerfi.

Fyrirkomulag gæðavottunar og úttekta er í eindurskoðun með það að markmiði að öll viðfangsefni framhaldsfræðslunnar verði hluti af vottunarferlinu. Jafnframt er stefnt að aukinni samræmingu við vottunarferli mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna viðurkenningar fræðsluaðila.

NEMENDABÓKHALD

Námsnetið/MySchool er í eigu Studia ehf. FA leigir afnot og greiðir fyrir aðlögun kerfisins.

FA skrifar og gefur út námsskrár sem 13 símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu sjá um kennslu á. Vegna þessarar kennslu færa símenntunarmiðstöðvarnar nemendabókhalð í námsnetið/MySchool. Þá hefur ein miðstöð gert samning við FA um að FA sjái um færslu upplýsinga í nemendabókhalðið. Fjórán símenntunarmiðstöðvar og fræðsluaðilar nota námsnetið/MySchool í tengslum við skráningu og umsýslu gagna um náms- og starfsráðgjöf.

Eftir uppfærslu á viðmóti kerfisins, sem snýr að námsleiðum árið 2014, voru gerðar nokkrar breytingar á viðmótinu vegna skráningar á viðtölum náms- og starfsráðgjafa.

Möguleikinn á því að nota skráningakerfið Innu fyrir nemendabókhalð vegna raunfærnimats var skoðaður í samstarfi við Tækniskólann. Í framhaldinu var ákveðið að gera tilraun með skráningu á niðurstöðum raunfærnimats í kerfið til að meta kosti þess og möguleika til áframhaldandi notkunar.

MÍÐLUN UPPLÝSINGA UM ÞAÐ STARF SEM FER FRAM Á VETT-VANGI FRAMHALDSFRÆÐSLU

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, meðal annars með kynningarbæklingum, útgáfu námsskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra.

Ársfundur FA 2014 var haldinn fimmtudaginn 4. desember. Fundurinn bar yfirskriftina: Árangur og framtíð framhaldsfræðslu. Að venju voru viðurkenningar veittar Fyrirmyndum í námi fullorðinna árið 2014. Glærur fyrirlesara og ávörp fyrirmyndanna eru aðgengilegar á vefsíðu FA, www.frae.is. Ný heimasíða FA var sett í loftið á fundinum.

Ársrit FA nefnist Gátt, ársrit um framhaldsfræðslu og kemur út í tengslum við ársfund miðstöðvarinnar. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu.

Á tímabilinu september 2014 til ágúst 2015 stóð FA í samstarfi við NVL að fundum og á ráðstefnum, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Starfsemi FA var á tímabilinu kynnt fyrir rúmlega annað hundrað manns. Þar á meðal erlendum hópum frá Norður-löndunum og Eystrasaltlöndunum og á ráðstefnum á Íslandi. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, ráðgjöf í raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf framhaldsfræðslunnar og almenn starfshæfni.



Á árinu var framhaldið vinnu við að kynna það starf sem fram fer á vettvangi framhaldsfræðslu bæði fyrir almenning og gagnvart öðrum skólastigum. Unnið hefur verið með auglýsingastofunni ENNEMM við þróun hugmynda og leggja drög að kynningaráætlun á framhaldsfræðslunni. Nýtt merki framhaldsfræðslunnar var hannað og ný heimasíða til þess að kynna það og framhaldsfræðsluna www.framhaldsfraedsla.is var hönnuð og sett í loftið.

NÝIR HÓPAR Í FRAMHALDSFRÆÐSLU

Unnið er að því að skoða aðstæður fanga sérstaklega með tilliti til framhaldsfræðslu. Upplýsingar benda til að stór hluti fanga sé markhópur framhaldsfræðslulaga. Fyrstu skrefin voru tekin með því að sækja norræna ráðstefnu um menntun fanga.

Ein símenntunarmiðstöð hefur boðið námskeiðið *Fjörefni / Stökkpallur* fyrir unga atvinnuleitendur og hefur það reynst mjög vel. Ákveðið var að FA myndi vinna í námsskráargerð á næsta ári.

Á árinu 2014 var unnið að umsókn í stefnumótunarflokk

Erasmus+ áætlunarinnar undir forystu Belga. Í verkefninu verður reynt að ná til nýrra hópa í náms- og starfsráðgjöf. Auk FA eru Mímir-símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum þátttakendur í verkefninu af Íslands hálfu. Sjá nánar í grein um Evrópuverkefnið GOAL.

MENNTUN NÚNA

FA fékk styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að vinna að málefnum tengdum tilraunaverkefnum sem stýrihópur *Nám er vinnandi vegur* setti af stað. Um er að ræða tvö verkefni: *Menntun núna í Breiðholti* og *Menntun núna í Norðvesturkjördæmi*. Í þessum verkefnum er reynt að ná til hópa sem ekki hafa áður fengið menntun. Áherslan í Breiðholtsverkefninu er meðal annars að ná til fólks af erlendum uppruna í Breiðholti og áherslan í Norðvesturkjördæmi er á að ná til fyrirtækja með nám fyrir starfsmenn til að hækka menntunarstigið.

EVROPUVERKEFNIÐ GOAL

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól FA að taka þátt í umsókn í verkefnasjóð Erasmus+ Key Action 3: Stuðningur við stefnumótun um framtíðarverkefni. Sjóðurinn veitir styrki í verkefni þar sem þróaðar eru nýjungar í menntamálum á stefnumótunarstigi í gegnum alþjóðlegt samstarf. FA tók þátt í forumsóknarferli og lokaumsóknarferli á árinu 2014 ásamt samstarfsaðilum. Nánar er fjallað um GOAL í annari grein í ritinu.

IPA-VERKEFNI: ÞRÓUN RAUNFÆRNIMATS TIL AÐ EFLA STARFSHÆFNI FULLORÐINNA MEÐ LITLA FORMLEGA MENNTUN

FA fékk árið 2012 svokallaðan IPA-styrk (Instrument for Pre-Accession Assistance) frá ESB í tengslum við aðildarumsókn Íslands að ESB. Verkefnið hófst formlega 1. september 2012 og átti að ljúka formlega í ágúst 2015.

Markmið verkefnisins er að auka starfshæfni fólks á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið námi á framhaldsskólastigi. Þessu markmiði átti að ná með því að auka skilvirkni framhaldsfræðslunnar með áframhaldandi þróun raunfærnimats og gagnagrunns um störf og nám. Starfsemi FA hefur beinst að þessum hópi sem jafnframt er markhópur Fræðslusjóðs.

17 leiðir til raunfærnimats

- Málsuða
- Slátrun
- Skrúðgarðyrkja
- Félagsmála- og tómstundabraut
- Skólaliðar- og stuðningsfulltrúar
- Tölvuþjónustubraut
- Almennar bóklegar greinar
- Hestamennska
- Garð- og skógarplöntubraut
- Fiskveiðar
- Ylræktarbraut
- Netagerð
- Fiskeldi
- Aðstoðarþjónar
- Tanntæknar
- Almenn starfshæfni
- Rannsóknartæknar

Í kjölfar uppsagnar ESB á samningi um verkefnið í febrúar 2014 kvartaði FA til umboðsmanns Evrópusambandsins vegna óréttmætrar uppsagnar samningsins. Niðurstaða umboðsmanns lá fyrir í lok ágúst 2015 og tekur umboðsmaður undir sjónarmið FA í málinu. Umboðsmaður Evrópusambandsins er afar harðorður á álitinu sínu um riftun ESB á IPA-samningnum við FA og fordæmir framgöngu framkvæmdastjórnarinnar í málinu, segir hana óásættanlega og vera til þess gerða að grafa undan orðspori og trúverðugleika ESB.

Þrátt fyrir þetta bakslag hefur verkefnið leitt til þess að 17 námskrár á framhaldsskólastigi voru tilraunakeyrðar í raunfærnimati. Alls fóru 222 einstaklingar í gegnum raunfærnimat í ofangreindum verkefnum. Að auki var lokið við gátlista- og verkfæragerð fyrir Tölvubraut og Upplýsinga- og fjölmiðlabraut.

Einnig hefur náðst að opna vefgátt um nám og störf á slóðinni www.naestaskref.is. Náðst hafði að vinna um 220 starfslýsingar og 100 námslýsingar í verkefninu. Að auki var unnið að skimunarlistum greina í raunfærnimati sem voru settar inn á vefinn og upplýsingum um ráðgjöf og raunfærnimat. Þótt vefurinn hafi ekki náð þeim markmiðum sem sett voru um innihald þá er hann samt sem áður talinn afar gagnlegt tæki í ráðgjöf og bætir aðgengi markhópsins að upplýsingum um nám og störf. Sjá nánar grein annars staðar í blaðinu.

Afurðir og ferli sem útbúin voru í verkefninu hafa gefið af

sér lærdóm sem hefur nýst til áframhaldandi þróunar mála-flokksins í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila.

NORRÆNT TENGLANET UM NÁM FULLORÐINNA (NVL)

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi.

Fulltrúi Íslands hefur umsjón með nýju verkefni um færniþróun í atvinnulífinu. Að verkefninu koma tveir hópar, fjögurra manna stýrihópur og net með 12 fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins.

FRÆDSLUSJÓÐUR

Fræðslusjóður starfar á grundvelli laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Samkvæmt 10. gr. laganna er meðal annars hlutverk sjóðsins að veita framlög til að mæta kostnaði við kennslu, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjafar og styrki til nýsköpunar og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

FA er umsýsluaðili Fræðslusjóðs og þjónustar stjórn sjóðsins samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í því felst öll dagleg umsýsla, framkvæmd og eftirfylgni með ákvörðunum stjórnar og ráðgjöf.

Árið 2015 voru úthlutanir eftirfarandi:

Vottaðar námsleiðir	489.540.000
Náms- og starfsráðgjöf	128.700.000
Raunfærnimat	125.576.100
Nýsköpunar- og þróunarverkefna (Þróunarsjóður)	21.252.400
Samtals úthlutað	765.068.500

VOTTADAR NÁMSLEIÐIR

Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sérhönnuðum fyrir fólk sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi. Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs á árinu 2014 voru 13 símenntunarmiðstöðvar.

Árið 2014 voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum fjármögnuðum af Fræðslusjóði 2.804 í 227 námsleiðum. Um 62% þátttakenda eru af landsbyggðinni en 38% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu.

Fleiri konur en karlar eru þátttakendur í vottuðum námsleiðum. Á síðustu árum hefur körlum fjölgað nokkuð, árið 2014 var hlutfall þeirra 33% sem er þó 2% lægra en árið áður, en töluvert hærra en árið 2008 þegar hlutfall karla var aðeins tæp 20%.

Samanburður árána 2013 og 2014 sýnir að í vottuðu námi greiddu af Fræðslusjóði fjölgað nemendastundum um rúmlega 14 þúsund á meðan nemendastundum í vottuðu námi greiddu af öðrum fækkaði um tæplega 4 þúsund. Samanlagt fjölgað nemendastundum í vottuðu námi fyrir markhóp FA um rúmlega 10 þúsund eins og mynd 2 sýnir.


Fjöldi atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum FA með fjármagni frá Fræðslusjóði var samtals 322 árið 2014 (voru 352 árið 2013) og var skipting eftir kynjum þannig að karlar voru 120 (37%) en konur 202 (63%).

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir með tilliti til vottaðra námsleiða má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Landnemaskólanum (83) og Opinni smiðju (63). Hlutfall atvinnuleitenda í einstakri námsleið er hæst í *Landnemaskólanum*, *Sterkari starfsmanni* (61%) og *Grunnnámi fyrir skólaliða* (60%).


NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2014 var 9.467 viðtöl á móti 10.864 árið 2013 sem er fækkun um 1.397 viðtöl eða um 13%, sbr. töflu 2 hér á eftir. Sex miðstöðvar skila hærri viðtalfjölda heldur en árið 2013 en sjö eru með færri viðtöl,

Mynd 1 – Þátttakendur í námstilboðum símenntunarmiðstöðva 2014 (Vottað nám, fjármagnað af Fræðslusjóði).



Mynd 2 – Nemendastundir – allt vottað nám fyrir markhópinn.



Tafla 1 – Fjöldi ráðgjafaviðtala árin 2009–2014.

Fræðsluaðilar	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Símenntunarmiðstöðvar	5.469	8.552	8.316	7.403	7.517	6.691
Fræðslumiðstöðvar iðngreina	1.298	2.247	2.552	2.814	3.347	2.776
Samtals	6.767	10.799	10.868	10.217	10.864	9.467

Tafla 2 – Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati í löggiltum iðngreinum.

Fræðsluaðili	Fjöldi einst.	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Fjármagn	Kostn. á ein. án ráðgjafar
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	37	502	382	2.520.000	6.597
IDAN fræðslusetur	320	15.160	10.852	93.320.320	8.600
Samtals	357	15.662	11.234	95.840.032	8.531

mest er breytingin hjá þeim miðstöðvum sem höfðu verið með flest viðtöl, Iðunni fræðslusetrið og Mími-símenntun.

Af þessum 9.467 viðtölum flokkast 51,8% sem hefðbundin viðtöl, 25,5% voru í hópráðgjöf, 11,5% fólust í raf-rænni ráðgjöf og símaráðgjöf, 6% voru hvatningarviðtöl og 5,2% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati.

Kynjaskipting ráðþega hefur tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. Árið 2007 voru karlar 39% ráðþega og konur 61%. Næstu ár óx hlutfall karla jafnt og þétt og árið 2011 var hlutfall karla komið í 59%, árið 2014 var hlutfall karla 57% og kvenna 43%. Aldurssamsetning í ráðgjöfinni fyrir árið 2014 sýnir að langflestir í ráðþegahópnum eru á aldrinum 26–40 ára (48%), þó er einnig stór hluti á aldrinum 41–55 ára (27%). Litlar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu ráðþega síðustu árin.

Árið 2014 voru 78% viðtala náms- og starfsráðgjafa við ráðþega sem hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, það er aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall viðtala við einstaklinga sem höfðu lokið iðn- eða starfsmenntun var 12%.

Mynd 3 – Ráðgjafaviðtöl 2008–2014 – staða á vinnumarkaði.



Árin 2009 og 2010 jókst þjónusta náms- og starfsráðgjafa við atvinnuleitendur mikið á meðan ráðgjöf við einstaklinga í starfi dróst saman. Þessi mikla breyting hefur svo

Tafla 3 – Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati eftir greinum.

Starfsgrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi mats-samtala	Fjöldi eininga í mati	Fjöldi staðinna eininga	Meðalfjöldi staðinna ein. pr. einstakling
Bakaraíðn	2	4	64	30	15,0
Bílgreinar	31	76	1.291	879	28,4
Blikksmíði	2	6	86	82	41,0
Framreiðsla	20	38	1.148	879	44,0
Húsasmíði	48	95	2.613	2.064	43,0
Kjötiðn	36	32	1.472	791	22,0
Matartækni	43	62	2.076	1.690	39,3
Matreiðsla	13	26	944	487	37,5
Málaraiðn	15	29	320	263	17,5
Málmsuða	7	28	496	281	40,1
Múraraíðn	15	30	800	543	36,2
Pípulögn	12	23	410	320	26,7
Rafvirkjun	37	198	502	382	10,3
Rennismíði	2	6	65	48	24,0
Skrúðgarðyrkja	26	38	1.329	1.121	43,1
Stálsmíði	8	24	389	330	41,3
Vélstjórn	23	57	869	510	22,2
Vélvirkjun	17	42	788	533	31,4
Samtals	357	814	15.662	11.233	31,5

Tafla 4 – Fjöldi staðinna eininga eftir árum.

Ártal	Einingar til mats	Staðnar einingar	Hlutfall staðinna eininga
2007	4.224	2.469	58%
2008	7.281	4.774	64%
2009	7.994	6.671	83%
2010	11.921	8.085	68%
2011	10.105	7.626	75%
2012	8.872	6.539	74%
2013	12.173	8.614	71%
2014	15.662	11.233	72%

hægt og bitandi gengið til baka. Fjöldi viðtala atvinnuleitenda hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna fækkaði á milli 2010 (5.996), 2011 (5.082) og 2012 (3.834) en fjölgaði svo aftur árið 2013 (4.140) og minnkaði 2014 (2.731). Þegar hlutfall viðtala við atvinnuleitendur er skoðað sést að það lækkaði úr 59% árið 2010 í 48% árið 2011 og svo niður í 38% árið 2012, hlutfallið stóð svo í stað á milli 2012 og 2013 en lækkaði svo aftur 2014 og var 29%.

RAUNFÆRNIMAT

Á árinu 2014 fóru 357 einstaklingar í raunfærnimat í lög-giltum iðngreinum, 320 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 37 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2014 var 11.233 á móti 8.614 árið 2013 sem er um 30% aukning á milli ára.

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati iðngreina,

sem fer fram á móti námsskrám árið 2014, er 31,5 fyrir hvern einstakling. Meðalfjöldi staðinna eininga voru allt frá rúmum 10 einingum í rafvirkjun til 44 eininga í framreiðslu eins og fram kemur í töflu 3.

Standist einstaklingar ekki viðmið í raunfærnimati felst tölverður kostnaður í því, að auki getur slíkt haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi. Því er mikilvægt að hlutfall staðinna eininga sé gott. Mikilvægur liður í því að stuðla að góðu hlutfalli staðinna eininga er að skimun ráðgjafa í upphafi sé góð.

ANNAÐ RAUNFÆRNIMAT Í UMSJÓN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVA

Á árinu 2014 fengu átta símenntunarmiðstöðvar úthlutað til samtals tíu raunfærnimats-verkefna utan iðngreina samanber töflu 5.

ÞRÓUNARSJÓÐUR

Úthlutanir úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fóru fram á vor-mánuðum. Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af Fræðslusjóði metur umsóknir. Sótt var um styrki til alls 64 verkefna en niðurstaðan var að úthluta til 12 verkefna. Þeir sem fengu úthlutun voru:

Tafla 5 – Úthlutanir Fræðslusjóðs til raunfærnimatsverkefna 2014.

	Námsskrá/ Starfsgrein
Mímir – símenntun	Verslunarfagnám
Mímir – símenntun	Skrifstofubraut MK
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Verslunarfagnám
SÍMEY	Leikskólalabur
SÍMEY	Skrifstofugreinar
Viska, Vestmannaeyjum	Skipstjórnarbraut B
Farskólinn N.Landi vestra	Fiskvinnsla (Menntun núna í Norðvesturkjördæmi)
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Fiskvinnsla og Skipstjórn B (Menntun núna í Norðvesturkjördæmi)
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Félagssliðar, Leikskólaliðar, Stuðn.fulltr. (Menntun núna í Norðvesturkjördæmi)

Umsækjandi	Heiti verkefnis
Austurbú ses.	Stafræn framleiðsla fyrir alla
Framvegis – miðstöð símenntunar	Tölvubraut Upplýsingatækniskólans
Framvegis – miðstöð símenntunar	Raunfærnimat – Tækniþjónusta I, Inngangur að kerfisstjórnun
Framvegis – miðstöð símenntunar	Skjalastjórnun og upplýsingatækni
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	Gátlistar v/raunfærnimats á Fjallamennskubraut Framh.sk. Austur-Skaftafellssýslu
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Vendikennsla í Íslensku I
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Gæðahandbók fyrir starfsnám
Mímir – símenntun	Raunfærnimat í öryggisfræðum í afþreyingarferðaþjónustu
Rakel Sigurgeirsdóttir	Íslenska með breyttri endurtekningu
Sif Einarsdóttir	Þróun áhugakönnunar fyrir fullorðna
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Menningarlæsi
Þekkingarnet Þingeyinga	Þróun matslista í vinnustaðanámi

UM HÖFUNDINN

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sjá nánari upplýsingar á bls. 32.

ABSTRACT

The year 2015 was the thirteenth operating year of the Education Training and Service Centre (ETSC) and the fifth year that its work is based on the Adult Education Act No. 27, 31 March 2010. According to the law, the ETSC target group are those adults who have not completed formal secondary school education. The aim of the ETSC is to offer this group an opportunity to add to their education or to enhance their position on the job market. Based on the act, a service contract has been made with the Ministry of Education, Science and Culture. The ETSC is not directly involved with the target groups but operates through its co-operating parties which are the education centres and centres of continuous education within Kvasir- the Association of Lifelong Learning and Adult Education Centres, the centres of the trades and of the public service, fourteen education providers in all. According to the contract, ETSC administers the Education Fund. In addition to the projects that the service contract stipulate, the ETSC hosts the Icelandic coordinator in the Nordic Network for Adult Learning (NVL) financed by the Nordic Council of Ministers and undertakes various collaborative projects linked to the responsibilities of the centre that are financed by grants.

FRÍÐRIK HJÖRLEIFSSON

RAUNFÆRNIMAT Í TÖLUM

Á tímabilinu frá 2007 til 2014 hafa 2.868 einstaklingar lokið raunfærnimati. Þar af hafa 2.624 lokið raunfærnimati á móti námskrám á framhaldskólastigi. Þessir einstaklingar hafa fengið metnar rúmlega 74 þúsund einingar sem jafngildir rúmlega 2.100 skólaárum ef miðað er við að meðaltal staðina eininga sé 35 einingar hvert ár. Í könnun sem framkvæmd var af Capacent árið 2014 svöruðu 419 einstaklingar sem höfðu lokið raunfærnimati spurningunni um nám að loknu raunfærnimati. Af þeim höfðu 61,8% lokið námi eða voru í námi og 13,8% stefndu á að fara í nám. Þrátt fyrir að einhverjir þeirra sem stefndu á að fara í nám láti ekki verða af því má telja líklegt að hluti þeirra geri það. Hafa ber í huga að nær allir sem hafa lokið raunfærnimati þar sem námskrá er til grundvallar höfðu á einhverjum tíma hætt í skóla áður en námi lauk.

Mikil aukning hefur verið á þátttöku og framboði á raunfærnimati frá því að það var fyrst fjármagnað árið 2007. Fyrir þann tíma hafði eingöngu verið um tilraunaverkefni að ræða og markmið þeirra að byggja upp þekkingu á raunfærnimati og þróa aðferðafræði sem tæki mið af íslenskum aðstæðum. Árið 2007 var framkvæmt raunfærnimat í sex greinum og þátttakendur voru 105 talsins. Aukning í fjölda þátttakenda var svo með nokkrum stökkum fram til ársins 2014 þegar fjöldi þátttakenda og greina þar sem boðið var upp á raunfærnimat hafði aldrei verið meiri, þátttakendur voru þá orðnir 696 í 30 greinum. Þá aukningu má að mestu rekja til þátttöku Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í IPA-verkefninu Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun. Þróunina má sjá á mynd 1, uppistaðan í raunfærnimati á móti námskrám eru starfsnámsbrautir framhaldsskóla en einnig er framkvæmt raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífs þar sem helst er um tilraunaverkefni að ræða. Á árinu 2014 var svo í fyrsta sinn framkvæmt raunfærnimat í almennum bóklegum greinum og í almennri starfshæfni. Dreifingu þátttakenda eftir flokkum greina má sjá á mynd 2.

IÐNGREINAR

Alls hafa 1.835 einstaklingar lokið raunfærnimati í iðngreinum á árunum 2007 til 2014. Líkt og sjá má á töflu 1 hér til hliðar hafa flestir þeirra lokið mati í húsasmíði (404), rafvirkjun (290) og innan bílgreina (238). Meðalfjöldi staðinna eininga er nokkuð misjafn eftir greinum, hæstur er hann í



Friðrik Hjörleifsson


netagerð (73), skrudgarðyrkju (60,7) og í vélvirkjun (44,5).

Hvað varðar fjölda þátttakenda skal þó líta til þess að húsasmíði og rafvirkjun hafa verið í boði öll átta árin, bílgreinar, matartækni, vélvirkjun, pípu-lögn og málaraíðn hafa verið í boði í 7 af þessum 8 árum.


STARFSNÁMSBRAUTIR

Alls hafa 789 lokið raunfærnimati á starfsnámsbrautum sem ekki flokkast til iðngreina. Fyrstu starfsbrautirnar utan iðn-

Mynd 1 – Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati og fjöldi greina í boði.



Mynd 2 – Fjöldi þátttakenda í raunfærnimati eftir flokkum greina.



Tafla 1 – Raunfærnimat innan iðngreina.

Grein	Fjöldi þátttakenda	Meðalfjöldi eininga
Húsasmíði	404	38,4
Rafvirkjun	290	10,7
Bílgreinar	238	28,0
Vélvirkjun	147	44,5
Pípulögn	136	22,9
Málaraiðn	110	20,2
Vélstjórn	76	18,7
Matreiðsla	73	33,8
Kjötiðn	60	32,6
Framreiðsla	59	38,7
Stálsmiði	58	42,3
Múraraíðn	52	35,4
Skrúðgarðyrkja	41	60,7
Málmsuða	31	36,1
Blikksmiði	26	38,3
Netagerð	8	73,0
Málmsmiði	7	37,0
Rennismíði	7	43,1
Hárgreiðsla	6	19,3
Bakaraíðn	3	15,0
Ljósmyndun	3	14,7
Alls	1.835	30,2

Tafla 2 – Raunfærnimat starfsnámsbrauta.

Grein	Fjöldi þátttakenda	Meðalfjöldi eininga
Verslunarfagnám	192	37,4
Skrifstofubraut	159	14,9
Leikskólaliðabraut	92	8,9
Matartækni	154	21,1
Skipstjórn	69	11,0
Fiskvinnsla	36	43,1
Sjómennska	20	68,1
Stuðningsfulltrúabraut	18	12,0
Hestabraut	17	34,9
Tölvuþjónustubraut	13	15,2
Félagsliðabraut	10	19,5
Félagsmála- og tómstundabraut	9	27,3
Alls	789	23,8

Tafla 3 – Raunfærnimat skv. viðmiðum atvinnulífsins.

Grein	Fjöldi þátttakenda
Bankamenn	175
Hljóðvinnsla	51
Vöruhús	18
Alls	244

greina, þar sem raunfærnimat fór fram, var leikskólaliðabraut og matartækni árið 2008. Fram til 2011 fjölgaði möguleikum á raunfærnimati hægt en með þátttöku í IPA-verkefninu Þróun raunfærnimats til að efla starfhæfni fullorðinna með litla formlega menntun varð breyting á. Á árinu 2015 bættist við raunfærnimat tanntækna, á tölvubraut, í fiskeldi, aðstoðarþjóna og í almennum bóklegum greinum (ensku, stærðfræði, íslensku og dönsku). Á árinu 2016 verður boðið upp á raunfærnimat í búfræðum og fyrir verslunarfulltrúa.

Eins og fram kemur í töflu 2 hafa flestir lokið mati í verslunarfagnámi, skrifstofubraut og leikskólalábrú. Meðalfjöldi eininga er hæstur í sjómennsku (68,1), fiskvinnslu (43,1) og verslunarfagnámi (37,4).

VIÐMIÐ ATVINNULÍFS

Á tímabilinu frá 2007 til 2014 hefur raunfærnimat farið fram í þremur greinum þar sem metið er samkvæmt viðmiðum atvinnulífsins. Í þessum greinum fá þátttakendur ekki metinn ákveðinn fjölda eininga þar sem að greinarnar eru ekki í samræmi við námskrár á framhaldsskólastigi.

Á árinu 2014 var framkvæmt raunfærnimat þar sem almenn starfshæfni með tengingu á þrep var lögð til grundvallar. Alls luku 15 einstaklingar raunfærnimatinu og var það það unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun.

Flestir þátttakendur hafa lokið mati bankamanna (175), mat í greininni fór fram árin 2008 til 2010. Raunfærnimat í hljóðvinnslu fór fram árin 2011 og 2012, þátttakendur voru 51. Raunfærnimat starfsmanna vöruhúsa fór fyrst fram árið 2014 með 18 þátttakendum.

UM HÖFUNDINN:

Friðrik Hjörleifsson starfar sem sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Helstu verkefni Friðriks hjá FA tengjast tölfraeðivinnslu, upplýsingasöfnun meðal samstarfsaðila og útgáfu- og kynningarmálum.

ABSTRACT

From 2007 to 2014 2,868 individuals have acquired validation of real competencies, whereof 2,624 have acquired validation with reference to the secondary school curriculum guide. These individuals have had more than 74,000 course credits assessed, which equals a little more than 2,100 school years, if the average of acquired credits are 35 each school year. In a survey carried out by Capacent in 2014, 419 individuals who had their validation of real competencies completed answered questions on their studies after the validation. Out of these, 61.8% had completed their studies or were studying and 13.8% planned to begin their studies. Although some of those who were going to study will not do so, it is likely that others will. It should be kept in mind that almost all of those who have completed their validation of real competencies based on a curriculum guide, have in the past left school without completing their studies.

SIGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

NORRÆNT TENGLANET UM NÁM FULLORÐINNA

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er áætlun á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem lögð er áhersla á nýsköpun, miðlun og árangur á sviði fullorðinsfræðslu. Netið var í upphafi í flokki verkefna en frá og með árinu 2015 telst það til áætlana til jafns við Nordplus menntaáætlunina. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2017 og er greinahöfundur fulltrúi Íslands í tengslanetinu.

FJÖLPÆTT STARFSEMI

Í móðurneti NVL sitja fulltrúar frá öllum norrænu löndunum auk tengiliða frá Færeyjum, Grænlandi og Álandi ásamt framkvæmdastjóra, verkefnastjóra og vefstjóra. Auk þess starfrækir NVL fjölda annarra tengslaneta undir stjórn og ábyrgð fulltrúa landanna. Þessi undirnet eru tengslanet sérfræðinga og vinnuhópa sem spanna vítt svið, allt frá læsi, menntun fanga, raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf, færni til framtíðar og net til að efla færni kennara sem kenna fullorðnum og síðast en ekki síst net um beitingu upplýsingatækni í námi og kennslu fullorðinna sem heitir *DISTANS*. Netin eru ýmist viðvarandi, eins og *DISTANS* og sérfræðingahóparnir um náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat, eða tímabundin eins og færniþróun í atvinnulífinu og raunfærnimat í alþýðufræðslu. NVL hvetur til samræðu á milli aðstandenda ólíkra tengslaneta, kemur á nýjum netum og eflir framlag þeirra til norræns samstarfs.



Dagfinn Høybråten, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar opnar hátíðarráðstefnu NVL í Ósló 8. September 2015.


NÝTT TENGLANET

Fulltrúi Íslands ber ábyrgð á nýju tengslaneti um færniþróun í atvinnulífinu. Netið er skipað fulltrúum vinnumarkaðarins, samtökum atvinnurekenda og launþega. Hlutverk netsins er jöfnum höndum að huga að tækifærum til færnieflingar og eins hindrunum fyrir færnieflingu í atvinnulífinu til framtíðar, sem og samspili atvinnulífs og skóla á sviðinu. Fjögurra manna stýrihópur fer fyrir netinu, skipuleggur starfið og fylgir því eftir. Mikill áhugi og vilji er til samstarfs innan netsins sem hefur haldið tvo fundi árið 2015. Sá fyrri var haldinn dagana 18.–20. mars í Køge í Danmörku, annar í Malmey í Svíþjóð dagana 17. og 18. september og sá þriðji er áætlaður í Kaupmannahöfn um miðjan desember. Stýrihópur verkefnisins hefur hist þrisvar, þann 26. febrúar í Gautaborg, 24. ágúst í Kaupmannahöfn og 10. september í Ósló.

10 ÁRA AFMÆLI NVL

NVL var komið á laggirnar árið 2005 og því var kærkomið til efni til þess að fagna tíu ára starfsemi með hátíðarráðstefnu í ár. Þann 8. september síðastliðinn var meðlimum í nýjum og gömlum tengslanetum, aðstandendum og öðrum velunnurum boðið til „jubileums“ á Bristol hótelinu í Ósló. Hátt á annað hundrað manns mættu til leiks, hlýddu á erindi og tóku þátt í umræðum. Dagfinn Høybråten framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar hélt opunarerindi og óskaði NVL til hamingju með daginn og árangurinn af starfinu. Við tók stutt ávarp frá Ginu Lund, framkvæmdastjóra VOX í Norgei en þar er aðalskrifstofa NVL vísuð. Aðalfyrirlesarar voru Prijo Lahdenperä, prófessor við Mälardalens högskola í Svíþjóð og Steen Napper Larsen, lektor við Aarhus Universitet. Þau ræddu um ólíkar aðferðir og nálgun á námi og kennslu

Mynd 1 – Tölur úr starfi NVL.



fyrir fullorðna íbúa á Norðurlöndum. Að erindunum loknum tóku við pallborðsumræður með fyrirlesurum og fulltrúum í netum. Eftir hádegisverð buðu undirnet og hópar upp á kynningar á starfinu á markaðstorgi. Dagskránni lauk með kynningu á framtíðarsýn Evrópu fyrir nám fullorðinna sem Gina Ebner, framkvæmdastjóri EAEA, Evrópusamtökum fullorðinsfræðsluadila hélt. Í tengslum við hátíðina var tímarit NVL DIALOG gefið út á prenti. Í ritinu eru fjölmargar áhuga-verðar greinar um starf NVL og fræðslu fullorðinna. Ritið er einnig hægt að nálgast á slóðinni: http://issuu.com/nvlnor-dvux/docs/dialog_2015_www/1?e=13958244/30544479

Á mynd 1 má sjá yfirlit yfir starfsemi NVL síðastliðin 10 ár.

NVL móðurnetið hefur á árinu 2015 haldið þrjá sam-eiginlega fundi; 4. febrúar 2015 í Kaupmannahöfn; 28. og 29. júní á Borgundarhólmi; og 9. september í Ósló. Fulltrúi Íslands sótti þá alla. Fundinn í Kaupmannahöfn í febrúar sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins.

Auk þess hefur fulltrúinn tekið þátt í 5 veffundum NVL og sent fréttir um fullorðinsfræðslu á Íslandi í 10 fréttabréfum sem berast rúmlega tvö þúsund áskrifendum einu sinni í mánuði, alla mánuði ársins nema júlí. Þann 11. júní tók fulltrúinn þátt í *Fundi fólksins* í Norræna húsinu í Reykjavík og stýrði umræðum um fullorðinsfræðslu á Norðurlöndunum ásamt alþingismönnum Katrínu Jakobsdóttur og Valgerði Gunnarsdóttur.

Þróstur Haraldsson er fulltrúi Íslands í ritstjórn NVL fyrir vef tímaritið DialogWeb. Hann skrifaði greinar í ritið og miðlaði upplýsingum um það sem efst er á baugi og varðar fræðslu fullorðinna á Íslandi.

STARFIÐ Á ÍSLANDI

Starfsemi NVL á Íslandi 2015 hófst með hefðbundnum hætti á fundi allra sem sitja fyrir Íslands hönd í ólíkum undirnetum og hópum. Nálægt 20 manns mættu til fundarins sem haldinn var á Nauthóli í Reykjavík þann 18. febrúar. Þar voru verkefni fram undan útskýrð og rædd og hugmyndir að



Hluti af tímalínu með myndum úr starfsemi NVL sl. 10 ár.

nýjum verkefnum lagðar fram. Sérstakir gestir fundarins voru Antra Carlsen, framkvæmdastjóri NVL og Johanni Larjenko vefstjóri.

Þá hafa á árinu hafa verið haldnir margir fundir til undirbúnings þriggja ráðstefna á haustdögum 2015. Fyrsta ráðstefnan var í samstarfi við verkefni NVL um kennslufræði sjálfbærrar þróunar og Landvernd og var haldin 10. október í Norræna húsinu í Reykjavík undir yfirskriftinni *Sjálfbærni og menntun*. Þar fóru fram umræður með nýstárlegu formi og voru þar kynntar niðurstöður norræns tilraunaverkefnis um sjálfbærni og menntun. Þar var jafnframt fjallað um færar leiðir norrænna þjóða til að efla framkvæmd hnattrænnar áætlunar um menntun til að efla þekkingu á sjálfbærni, (Global Action Programme on Education for Sustainable Development, GAP) á Norðurlöndunum. Þátttakendum gafst tækifæri til þess að kynna áskorunum sem blasa við á Norðurlöndunum á sviðinu og fjalla um þær aðgerðir sem hægt er að grípa til, til þess að takast á við áskoranirnar. Nokkur örerindi um aðferðir sem hafa verið notaðar voru flutt. Susanne Leegaard, frumkvöðull, Tove Holm, deildarstjóri við SYKLI umhverfisfræðiskólann í Finnlandi Stephen Gough, prófessor

í umhverfis- og samfélagsfræði við háskólann í Bath, í Englandi og Jeppe Læssøe, prófessor við menntavísindasvið Háskólans í Árósum í Danmörku. Á fimmta tug þátttakenda lagði sitt af mörkum við umræðurnar. Ráðstefnunni lauk með heimsfrumsýningu á nýrri heimildamynd Josh Fox um þau áhrif sem einstaklingar geta haft í baráttunni fyrir sjálfbærni og friði. Josh Fox hlaut styrk frá Lennon Ono sjóðnum fyrir gerð myndarinnar.

Gríðarlegur áhugi var fyrir annarri ráðstefnunni, *Færni til framtíðar – mótun starfsferils*, sem haldin var á degi náms- og starfsráðgjafa, 30. Október, á Grand hótél Reykjavík í samstarfi FA og NVL við Félag náms- og starfsráðgjafa á Íslandi, Euroguidance og Rannís. Rúmlega 170 manns sóttu ráðstefnuna, og var meginþemað starfsfræðsla og náms- og starfsráðgjöf. Dagskráin hófst með ávarpi Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra, sem meðal annars fjallaði um mikilvægt hlutverk náms- og starfsráðgjafar við að aðstoða fólk sem stendur á krossgötum við val á námi eða starfi. Þá flutti Bo Klindt Poulsen fyrirlestur um norræna túlkun á hugtakinu leikni í þróun starfsferils (e. *Career Management skills* og kynnti rit NVL og ELGPN um það. Guðrún Birna Kjartans-



Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra setur ráðstefnuna Færni til framtíðar 30 október 2015.

dóttir fjallaði um vinnu sem fram hefur farið í tengslum við stefnumótun um náms- og starfsráðgjöf á Íslandi. Skýrslu byggða á þeirri vinnu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ráðstefnunni lauk með pallborðsumræðum, þar sem náms- og starfsráðgjafar af öllum skólastigum og úti í atvinnulífinu deildu reynslu sinni úr starfi.

Þriðja og síðasta ráðstefnan verður haldin þann 10. desember næstkomandi, undir yfirskriftinni *Kenum þeim að læra*, í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ský, 3F, Tölvu- og verkfræðiþjónustuna og DISTANS fjar-kennslunet NVL. Hún verður einnig á Grand hótél Reykjavík. Þar verður fjallað um notkun upplýsingatækni til að auka árangur nemenda og hjálpa þeim að verða sjálfstæðir námsmenn.

UM HÖFUNDINN

Sigrún Kristín Magnúsdóttir er sérfræðingur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Hún er ritstjóri *Gáttar*, stýrir viðburðum á vegum FA og er fulltrúi Íslands í NVL, norræna tengslanetinu um nám fullorðinna. Sigrún Kristín hefur lokið BA-prófi frá Háskóla Íslands í norsku, tónlistarfræðum og heimspeki, MSc-prófi í stjórnsýslu frá University of Massachusetts og kennsluréttindi frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur sinnt ýmsum störfum við menntun og fræðslu fullorðinna í nær þrjá áratugi, sem framkvæmdastjóri fræðsluráðs hótél- og veitingagreina og kennslustjóri Hótél- og matvæla-skólans í MK og Listaháskóla Íslands.



Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í nóvember 2015: Fremri röð frá vinstri: Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Haukur Harðarson og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir. Aftari röð frá vinstri: Björn Garðarsson, Steinunn Þórdís Júlíusdóttir, Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir og Halla Valgeirsdóttir. Á myndina vantar Hjördís Kristinsdóttur.

Starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins:

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Tölvupóstfang: ingibjorg hjá frae.is

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir Tölvupóstfang: gigja hjá frae.is

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir Tölvupóstfang: bergthora hjá frae.is

Björn Garðarsson Tölvupóstfang: bjorn hjá frae.is

Fjóla María Lárusdóttir Tölvupóstfang: fjola hjá frae.is

Friðrik Hjörleifsson Tölvupóstfang: fridrik hjá frae.is

Guðmunda Kristinsdóttir Tölvupóstfang: guðmunda hjá frae.is

Halla Valgeirsdóttir Tölvupóstfang: halla hjá frae is

Haukur Harðarson Tölvupóstfang: haukur hjá frae.is

Hjördís Kristinsdóttir Tölvupóstfang: hjordis hjá frae.is

Sigríður Jóhannsdóttir Tölvupóstfang: sigridur hjá frae.is

Sigrún Kristín Magnúsdóttir Tölvupóstfang: sigrunkri hjá frae.is

Steinunn Þórdís Júlíusdóttir Tölvupóstfang: steinunn hjá frae.is

Nóvember 2015

Ritstjórn: Friðrik Hjörleifsson, Halla Valgeirsdóttir,

Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Útgefandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Hönnun: SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Ljósmyndir af stjórnnum FA og starfsfólki: Simon Vaughan

Prentun: Litróf ehf.

ISSN 1670-5386

Ég fékk
gefið m
stöðu
allir
góð
líf
h



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

www.frae.is

Skipholti 50b • 105 Reykjavík
Sími 599 1400 • Fax 599 1401 • frae@frae.is